

20

SAMFÉLAGSSKÝRSLA

22



BLUE LAGOON
ICELAND

Efnisyfirlit

01 Fyrirtækið	4	05 Mannauður	60
Lykiltölur 2022	4	Fólkið okkar	62
Helstu áherslur 2023	7	Lykiltölur 2022	63
Ávarp stjórnarformanns	8	Fjölbreytileiki og jafnrétti	65
Ávarp forstjóra	10	Þjálfun og fræðsla	66
Viðurkenningar	12	Öryggi og heilsa	68
Vottanir	14		
Stjórnarhættir	15	06 Sjálfbærni	70
Gildi Bláa Lónsins	20	Vegferð Bláa Lónsins að sjálfbærni	72
Leiðarljós og stefnur	21	Samfélagsábyrgð	74
Umfang á markaði	22	Heimsmarkmiðin	77
Samstarfsaðilar og fjölmiðlar	23	Hagaðilagreining	79
02 Bláa Lónið	26	07 Efnahagsleg áhrif	84
Blue Lagoon Spa	30	Efnahagsleg áhrif	86
Silica Hotel	32	Sjálfbærni í innkaupum	89
Matarupplifun	34		
Lava Restaurant	35	08 Umhverfisleg áhrif	90
Blue Café	36	Umhverfisleg áhrif	92
Lækningalind	37	Sjálfbærni í grunninn	94
		Aðgerðir í loftslagsmálum	98
		Í átt að hringrásarhagkerfi	100
03 The Retreat	38	09 Samfélagsleg áhrif	102
The Retreat Hotel	40	Lækningalind	104
The Retreat Spa	42	Samstarf og samstaða	105
Moss Restaurant	44	Stuðningur við nærsamfélagið	106
Spa Restaurant	45		
04 BLUE LAGOON SKINCARE	46	10 Aðferðarfræði	108
Fyrirtækið	48	Um þessa skýrslu	110
Húðvörur Bláa Lónsins	49	Nálgun Bláa Lónsins	112
Markaðir	51	Viðmið GRI	115
Verslanir	52		
Sjálfbær fjölnýting		11 Viðaukar	120
jarðvarmastrauma	54	Samanburður lykil-	
Kolefnisjöfnun	54	mælikvarða milli ára	122
Vottanir	55	Framlag til samfélagsins	124
Verðlaun og viðurkenningar	56	Umhverfisvísar	126
Rannsóknir og þróun	58	Mannauður	128
		Hagaðilagreining	137
		Áherslur í heimsmarkmiðum	138
		Stefnur Bláa Lónsins	140

20 Samfélags- 22 skýrsla

Lykiltölur 2022

Innviðauppygging á óvissutímum sannaði gildi sitt á árinu og við tók mikill jákvæður viðsnúningur í rekstri.

Það má segja að árið 2022 hafi markað mikinn viðsnúning í rekstri Bláa Lónsins. Í upphafi ársins voru 20 manna samkomutakmarkanir enn við lýði vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Um miðjan janúar voru þær takmarkanir hertar enn frekar, í 10 manns. Rekstur félagsins lá því að mestu niðri í upphafi árs. Um miðjan febrúar voru takmarkanirnar þó rýmkaðar aftur og þann 25. febrúar var öllum takmörkunum aflétt.


Aukning ársverka hjá félaginu frá fyrra ári endurspeglar þann mikla viðsnúning sem varð í rekstrinum á árinu. Meðalfjöldi ársverka var 589, en 396 árið á undan. Þegar umfangið var hvað minnst, í miðjum heimsfaraldri, stóð starfsmannafjöldinn í um 120 manns. Í gegnum áskoranir heimsfaraldurs var félagið enn og aftur minnt á mikilvægi mannauðsins og mikilvægi þess að styðja vel við hann á hverjum tíma. Bláa Lónið hlaut Menntaverðlaun atvinnulífisins í febrúar sl. sem er félaginu mikil hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Sú ákvörðun að nýta fjárhagslegan styrk félagsins til að styrkja enn frekar og styðja við innviðauppyggingu, á miklum óvissutímum, sannaði gildi sitt á árinu en bætt skilvirkni í rekstri og gagnsæi hefur aukist svo um munar auk þess sem bætt flæði gesta og upplifunarsvæði hafa skilað sér í aukinni ánægju og upplifun þeirra. Tekjumyndun hvers starfsmanns hefur ekki mælst hærri á sama tíma og endurgjöf gesta, svokallað NPS skor, hækkaði umtalsvert.


Skýr áhersla á sjálfbærni félagsins stuðlar að aukinni skilvirkni, bættu skipulagi, markmiðasetningu og þar með velgengni félagsins – hvort sem lítið er á hana út frá fjárhags-, samfélags- eða umhverfis-sjónarmiði. Til að skerpa á þessum þáttum – bæði inn á við og út á við – var nýtt leiðarljós kynnt á árinu: *Wellbeing for People and Planet*.

Nýtt skipurit var innleitt á árinu til að styðja við og skerpa á áherslum félagsins til lengri tíma hvað varðar framtíðaruppyggingu og brand-áherslur.


Á árinu 2022 var hafinn undirbúningur að skráningu félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland en endanleg ákvörðun verður háð framvindu undirbúningsvinnu og markaðsaðstæðum.



Jákvæður viðsnúningur og sterk fjárhagsstaða
Mikill jákvæður viðsnúningur varð á rekstri Bláa Lónsins á árinu, þrátt fyrir lokanir til landsins og fjöldatakmörkanir á fyrri hluta árs, og er fjárhagsstaða félagsins sterk.



Mikilvægur rekstur fyrir ríki og sveitafélög
Skattspor félagsins nam 3,7 milljörðum króna á árinu 2022. Skattsporið felur í sér alla greidda skatta og gjöld til ríkis og sveitafélaga. Er það rúmlega fjórföld sú upphæð sem stjórnvöld veita árlega til uppbyggingar innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum víðs vegar um landið.



Helstu áherslur 2023

Áhersla hefur verið og verður áfram á sjálfbærni og umhverfismál, í takt við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Helstu áherslur í rekstri félagsins snúa að fjórum lykilþáttum; upplifun gestsins, fyrirtækjamenningu, skilvirkni í rekstri og vexti félagsins. Innri gildi félagsins, *We care, We respect, We bring joy, We create memories* og svo nýjasta viðbótin *We inspire*, hafa verið innri áttaviti Bláa Lónsins um langt árabil. Áhersla hefur verið og verður áfram á sjálfbærni og umhverfismál. Þá er sérstaklega unnið eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna nr. 3, 7, 9, 12 og 13, er snúa að heilsu og líðan, hreinni orku, nýsköpun, ábyrgri neyslu og framleiðslu og loftslagsaðgerðum.



Lykilþættir	Skilgreining	Langtímamarkmið 2020-2024
Upplifun gestsins	Að bóða viðskiptavinum upp á einstakar vörur og þjónustu-upplifanir.	Að auka stöðugt ánægju viðskipta-vina og styrkja vörumerki félagsins innanlands sem og erlendis.
Vöxtur félagsins	Að vöxtur einkennist af sjálfbærri verðmætasköpun.	Að velta ársins 2023 verði umfram veltu ársins 2019.
Fyrirtækjamenning	Sameiginleg sýn og ábyrgð allra að skapa eftirsóttan vinnustað og að vera ógleymanlegir gestgjafar.	Teymismiðuð fyrirtækjamenning. Markmið um 90% NPS skor starfsmanna fyrir árið 2024.
Skilvirkni í rekstri	Framúrskarandi rekstrarárangur, sjálfbær þróun og stöðugar umbætur.	Skilvirk og hröð aðlögun í samræmi við leiðarljós félagsins.

Ávallt er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi markmið:



Ávarp stjórnarformanns



Úlfar Steindórsson
Formaður stjórnar
Bláa Lónsins

Kæru hluthafar.

Það má segja að árið 2022 hafi markað mikinn viðsnúning í rekstri Bláa Lónsins. Í upphafi árs bjó félagið við 20 manna samkomutakmarkanir vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Þær fóru niður í 10 manns áður en þær voru aftur rýmkaðar og loks felldar úr gildi. Áhrif faraldursins voru því miklar á árinu 2022, sér í lagi fram á vormánuði. Eftir það færðist reksturinn í eðlilegra og gott horf. Verulegur jákvæður viðsnúningur varð því á rekstri félagsins frá fyrra ári og fjárhagsstaða félagsins, í lok árs, var sterk.

Tekjur jukust um 132% og námu 112 milljónum evra. EBITDA félagsins nam 26 milljónum evra og jókst um 24 milljónir evra á milli ára. Hagnaður ársins nam 13 milljónum evra og jókst um 18 milljónir evra eftir 5 milljón evra tap félagsins árið 2021.

Eiginfjárstaða Bláa Lónsins er sterk og eiginfjárlutfall samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2022 nam rétt tæplega 43%.

Sem fyrr skilar Bláa Lónið umtalsverðum tekjum í ríkissjóð en skattspor félagsins nam 3,7 milljörðum króna á síðasta ári. Er það rúmlega fjórföld sú upphæð sem stjórnvöld veita árlega til uppbyggingar innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum víðs vegar um landið. Slíkt verður að teljast umhugsunarvert.

Sú ákvörðun að nýta fjárhagslegan styrk félagsins, á óvissutímum, til að ráðast í umbótaverkefni og fjárfestingu í innviðum sannaði gildi sitt á árinu en skilvirkni í rekstri hefur aukist til muna auk þess sem bætt flæði gesta og endurbætt upplifunar-svæði hafa skilað sér í aukinni ánægju og upplifun þeirra eins og hækkað NPS skor segir til um.

Eins og áður leggur Bláa Lónið mikla áherslu á sjálfbærni og umhverfismál í rekstri sínum og er þar í fararbroddi. Þá er sérstaklega unnið eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snúa að heilsu og líðan, hreinni orku, nýsköpun, ábyrgri neyslu og framleiðslu og loftslagsaðgerðum.

Það var því einkar ánægjulegt þegar forsætisráðuneytið og sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitti Íslenskum heilsulindum, dótturfélagi Bláa Lónsins, heimild til að hefja metnaðarfulla uppbyggingu í Þjórsárdal en hún rímar mjög vel við áherslur félagsins um einstaka hönnun, þjónustugæði, sjálfbærni í rekstri og umhverfisvitund. Fyrsta skóflustungan var tekin síðastliðið haust. Með þessu verkefni, ásamt uppbyggingu félagsins í Kerlingarfjölum hafa verið stigin stór skref hvað varðar þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu um landið þar sem vellíðan og náttúrutengd upplifun er í forgrunni.

Töluverðar jarðhræringar voru á Reykjanesinu síðla sumars og hófst eldgos í byrjun ágúst, á svipuðum slóðum og gosið hafði árið á undan. Í hvorugu gosinu stafaði hættu að byggð né ollu þau röskun á starfsemi Bláa Lónsins. Ekki er hægt að útiloka frekari jarðhræringar eða eldgos en að mati vísindamanna er ekki talið að hættu stafi að byggð á Reykjanesi eða starfsemi Bláa Lónsins vegna þessa.

Eins og fram kom á stjórnarfundi okkar í nóvember sl. var hafin vinna við að skrá Bláa Lónið hf. á markað. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að félagið yrði tilbúið til skráningar á vormánuðum 2023.

Jafnframt kom fram að endanleg ákvörðun myndi ráðast meðal annars af markaðsaðstæðum. Undirbúningur hefur gengið eftir áætlun, en ýmsar ástæður hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að það sé skynsamlegra að bíða haustsins. Vegur þar þungt að á þeim tíma vitum við niðurstöðu úr rekstri sumarsins sem eins og allir vita eru okkar

sterkustu tekjumanúðir. Við erum þá ekki að selja væntingar heldur árangur. Hinn þátturinn sem vegur töluvert þyngra er að markaðsaðstæður eru ekki góðar um þessar mundir eins og öllum má vera ljóst.

Annað sem við ræddum líka á fundinum í nóvember sl. var að við gerðum ráð fyrir að stærstu hluthafarnir myndu selja frá sér í kringum 25% af sínum hlutum. Eftir samtöl við hluthafana er nokkuð ljóst að hluthafar eru ekki sammála þessari leið og í raun mjög ánægjulegt að heyra að margir hverjir vilja frekar bæta við sig en selja frá sér. Má því frekar gera ráð fyrir að við förum þá leið að auka hlutfé í Bláa Lóninu hf. þegar að skráningu kemur. Við munum að sjálfsögðu hafa samráð við stærstu hluthafa félagsins um þessa framvindu og halda sérstakan hluthafafund til þess að leita eftir heimild til aukningar, verði þessi leið valin.

Áhugi á Íslandi sem áfangastað, með Bláa Lónið í broddi fylkingar, hefur sjaldan ef nokkurn tímann verið jafn mikill. Áætlað er að flugframboð til og frá landinu muni aukast talsvert á árinu í samanburði við mánuðina og árin fyrir heimsfaraldur. Það er því ekki hægt annað en að líta björtum augum til komandi tíma rétt eins og bókunartölur félagsins segja til um.

Fyrir hönd stjórnar félagsins þakka ég starfsmönnum gott og metnaðarfullt starf við oft á tíðum krefjandi aðstæður. Á sama tíma þakka ég stjórnarmönnum í stjórn Bláa Lónsins ánægjulegt samstarf og góða samstöðu.

Takk fyrir,

Ávarp forstjóra



Grímur Sæmundsen
Forstjóri

Ágætu hluthafar,

Ákvarðanir um frekari uppbyggingu innviða á óvissutímum, í miðjum heimsfaraldri, reyndust Bláa Lóninu heilladrjúgar. Það að fjárfesta í innviðaupbyggingu, bættri skilvirkni ferla og vöruþróun gerði félagið vel í stakk búið til að taka á móti gestum þegar viðspyrnan hófst, eftir COVID-19, síðastliðið vor.

Rekstur Bláa Lónsins hefur einkum snúið að fjórum lykilþáttum; upplifun gestsins, fyrirtækjamenningu, skilvirkni í rekstri og vexti félagsins. Þá stuðlar áhersla félagsins á sjálfbærni að enn frekari velgengni – hvort sem litið er á hana út frá fjárhags-, samfélags- eða umhverfissjónarmiði. Til

að skerpa á þessum lykilþáttum var nýtt leiðarljós, Wellbeing for People and Planet, innleitt á árinu.

Á liðnu ári hélt félagið upp á 30 ára afmæli sitt. Því var m.a. fagnað með því að leggja áherslu á og kynna sérstaklega þann einstaka mannauð sem fyrirtækið býr yfir með herferðinni „Fólkið okkar“ enda hefur Bláa Lónið í 30 ár notið starfskrafta, næveru og frumkvæðis framsækinnar og skapandi einstaklinga. Samfélagsskýrsla Bláa Lónsins í ár prýða myndir úr þeirri herferð.

Á Menntadegi atvinnulífsins í febrúar s.l. var Bláa Lónið útnefnt Menntafyrirtæki ársins 2023 af Samtökum atvinnulífsins. Verðlaunin eru veitt fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í mennta- og fræðslumál-

um. Bláa Lónið er stolt af þessum verðlaunum sem eru afrakstur faglegrar og metnaðarfullrar nálgunar á málaflokkinn og jákvæðrar menningar innan félagsins gagnvart þátttöku í fræðslu og símenntun.

Bláa Lónið skapar mikil verðmæti fyrir samfélagið. Á síðasta ári nam efnahagslegt framlag félagsins 86% af veltu þess eða sem nemur 13,5 milljörðum króna. Bláa Lónið verslaði vörur og þjónustu af birgjum og verktökum fyrir um 6,5 milljarða króna á síðasta ári. Um 72% af þeim viðskiptum áttu sér stað hjá íslenskum birgjum og verktökum og 4,7 milljarðar króna skiluðu sér þannig aftur inn í íslenskt hagkerfi. Ennfremur voru um 23% viðskipta við íslenska birgja og verktaka innan Suðurnesja.

Bláa Lónið styður ár hvert við nærumhverfi sitt með markvissum hætti. Fyrir utan að beina viðskiptum og innkaupum til birgja og samstarfsaðila á Reykjanesi styrkir félagið margvísleg verkefni með beinum fjárstuðningi þar sem íþrótt- og ungmennastarf er í öndvegi ásamt margvíslegum styrkjum til heilsu-, menningar- og umhverfistengdra málefna. Árið 2022 veitti Bláa Lónið slíka samfélagsstyrki fyrir samtals um 215 milljónir króna.

Húðvörur Bláa Lónsins hlutu á síðasta ári virt verðlaun og viðurkenningar á erlendum mörkuðum fyrir einstaka virkni og umhverfisvitund en plastspor þeirra hefur dregist saman um 77% frá árinu 2019.

Sókn á erlenda markaði verður haldið áfram þar sem að lykilvaran, Silica Mud Mask, mun verða í forgrunni ásaman BL+ línunni sem hefur notið mikilla vinsælda frá því að hún kom fyrst á markað.

Félagið hefur lagt aukna áherslu á uppbyggingu á heilsutengdri ferðþjónustu víðs vegar um landið sér í lagi þar sem baðupplifun hvers konar er í forgrunni. Sérþekking

og reynsla innan Bláa Lóns fjölskyldunnar nýtist þar vel. Þannig hefur Bláa Lónið verið þátttakandi í uppbyggingu baðstaða á norður-, suður- og austurlandi í gegnum dótturfélag sitt, Íslenskar heilsulindir. Þá er uppbygging á nýjum áfangastað í Kerlingarfjöllum á lokametrinum og gert er ráð fyrir að starfsemi hefjist þar í júlí n.k. Metnaðarfull uppbygging í Þjórsárdal er hafin og er reiknað með að framkvæmdir fari í fullan gang í sumar. Bláa Lónið í Svartsengi verður þó ávallt krúnudjásnið enda er jarðsjór þess og vistkerfi einstakt á heimsvísu þar sem virk innihaldsefni, uppruni og lækningamáttur hans á sér enga hliðstæðu.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllu starfsfólki Bláa Lónsins fyrir frábæra frammistöðu á liðnu ári. Félagið býr að einstökum mannauði til að takast á við þá viðspyrnu íslenskrar ferðþjónustu sem nú er hafin af fullum krafti.

Takk fyrir,

Viðurkenningar

Verðlaun og viðurkenningar — hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Bláa Lónið leggur mikinn metnað í að vera til fyrirmyndar í allri sinni starfsemi. Þau verðlaun og viðurkenningar sem félaginu hafa hlotnast á síðastliðnum árum eru mikil hvatning til áframhaldandi góðra verka. Þannig leggur Bláa Lónið sitt af mörkum sem leiðandi afl innan ferðaþjónustunnar á Íslandi.



Jafnvægisvog FKA

Bláa Lónið hlaut gullmerki jafnvægisvogar FKA 12. október 2022. Viðurkenningin er veitt þeim fyrirtækjum og stofnunum sem leggja áherslu á jafnrétti kynjanna og þá sérstaklega að jafna kynjahlutföll í hópi stjórnenda.

Tilgangur Jafnvægisvogar FKA er að auka á jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Þannig virkjar FKA íslenskt viðskiptalíf til að verða fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir.


Menntaverðlaun atvinnulífsins 2023

Á Menntadegi atvinnulífsins þann 14. febrúar 2023 var Bláa Lónið útnefnt Menntafyrirtæki ársins 2023 af Samtökum atvinnulífsins. Menntaverðlaunin eru valin af dómnefnd úr fjölda tilnefninga og veitt þeim fyrirtækjum sem þykja skara fram úr á sviði fræðslu- og menntamála.



Vottanir

Með gæði og gagnsæi að leiðarljósi er Bláa Lónið leiðandi afl innan ferðaþjónustunnar á Íslandi.



Vottað stjórnkerfi

Stjórnkerfi Bláa Lónsins hlaut endurvottun árið 2022 samkvæmt þekktustu og virtustu alþjóðlegu stjórnunarstöðlum heims, ISO9001 hvað varðar gæðastjórnun, ISO14001 hvað varðar umhverfisstjórnun og ISO45001 hvað varðar heilsu- og öryggisstjórnun fyrirtækisins.

ÍST85: Jafnlaunakerfi


Árið 2018 hlaut Bláa Lónið vottun á jafnlaunakerfi fyrirtækisins í samræmi við ÍST85:2012 frá hendi BSI á Íslandi. Með því að uppfylla kröfur þessa staðals tryggir fyrirtækið að starfsmenn þess njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum öröktuðum viðmiðum.

Vakinn: Íslensk vottun fyrirtækja í ferðaþjónustu

Bláa Lónið hefur verið með vottun frá Vakanum síðan 2014. Undir hana fellur Bláa Lónið, Lava Restaurant og Blue Café. Ferðamálastofa sá um þessar vottanir í upphafi en árið 2019 var fyrirtækið vottað af BSI á Íslandi og vottunin var útvíkuð með gullmerki í umhverfismálum; fimm stjörnu Superior vottun á The Retreat Hotel og fjögurra stjörnu Superior vottun á Silica Hotel. Þessar vottanir staðfesta þá framúrskarandi þjónustu og aðstöðu sem Bláa Lónið býður upp á.

Bláfáninn: Alþjóðleg vottun á öryggi og hreinlæti baðstranda

Bláa Lónið hefur viðhaldið Bláfánanum frá upphafi þegar Landvernd tók hann upp hér á landi árið 2002. Úttektirnar eru nú framkvæmdar af óháðri vottunarstofu, Túni ehf. Bláa Lónið hlaut vottun árið 2022, rétt eins og fyrri ár. Hinn táknræni Blái fáni er ein þekktasta viðurkenning í heimi fyrir strendur, smábátahafnir og sjálfbæra ferðamennsku. Til að geta fengið Bláfánann þarf að uppfylla og viðhalda fjölda strangra umhverfis-, mennta-, öryggis- og aðgengisviðmiða. Þessi vottun tryggir enn frekar öryggi og vellíðan gesta. Árið 2023 mun félagið fagna 20 ára samstarfi og vottun Bláfánans.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



Stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hf. leggur ríka áherslu á að innleiða og viðhalda góðum stjórnarháttum.

Með því að skýra sem best hlutverk og ábyrgð stjórnenda er þeim auðveldað að rækja störf sín. Þannig er hagur hluthafa og annarra hagaðila treystur, innviðir fyrirtækjanna styrktir og samkeppnishæfni aukin. Stjórnarhættir félagsins eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög,

samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar innan Bláa Lónsins; endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.





Úlfar Steindórsson
Stjórnarformaður

Stjórn Bláa Lónsins árið 2022



Ágústa Johnson
Stjórnarmaður



Ragnar Guðmundsson
Stjórnarmaður



**Sigríður Margrét
Oddsdóttir**
Stjórnarmaður



Steinar Helgason
Stjórnarmaður



Anna G. Sverrisdóttir
Varamaður í stjórn



Júlíus Þorfinnsson
Varamaður í stjórn




Grímur Sæmundsen
Forstjóri

Framkvæmdastjórn Bláa Lónsins árið 2022



Ása Brynjólfsdóttir
R&D, Lækningalind,
gæði og sjálfbærni



Helga Árnadóttir
Sölu-, markaðs- og
þjónustupróunarmál



Helgi Júlíusson
Fjármál, viðhald og
innkaup



Sigrún Halldórsdóttir
Mannauður, öryggi og
heilsa



Sigurður Long
IT og stafræn þróun





Sigurður Þorsteinsson
Mörkun, hönnun og
nýsköpun



Garðar Gíslason
Lögmaður, situr fram-
kvæmdastjórnarfundum

Skipurit Bláa Lónsins

Nýtt skipurit félagsins var kynnt á árinu 2022. Það skerpir enn frekar á sérstöðu hverrar rekstrareiningar og þjónustugæðum. Á sama tíma styður það vel við vöxt rekstrareininga sem ekki eru staðsett- ar í Svartsengi. Þá hefur nýtt staðsvið, Brand, hönnun og nýsköpun, verið kynnt til sögunnar og BLUE LAGOON SKINCARE er nú rekið sem sjálfstætt félag.



Eignarhlutar Bláa Lónsins hf. í dótturfélögum þann 1. mars 2023

Eldvörp ehf. er eigandi bygginga og mann- virkja við Bláa Lónið. Félagið sér um rekstur þeirra og viðhald og leigir áfram til móðurfélagsins, Bláa Lónsins hf. Íslenskar heilsulindir ehf. fjárfesta í og koma að rekstri baðstaða. BLUE LAGOON SKINCARE ehf. sér um þróun og framleiðslu húðvara Bláa Lónsins. Blue Lagoon Journeys ehf. er eignarhaldsfélag, Vænting er fjárfestingafé- lag. Í lok febrúar keypti Bláa Lónið 20% hlut í Íslenskum heilsulindum ehf. og eiga því nú 80% hlut.

Gildi Bláa Lónsins

Bláa Lónið starfar eftir fimm gildum sem saman miða að því að skapa einstaka upplifun fyrir gesti og hvetjandi fyrirtækjamenningu fyrir starfsfólk.



Einstakar minningar

Hvern einasta dag sköpum við ógleymanlegar minningar sem gestir okkar frá öllum heimshornum taka með sér heim.



Gleði

Við gleðjumst saman og gleðjum gesti okkar. Við skemmtum okkur saman í vinnunni og utan hennar.



Innblástur

Með hugmyndaauðgi, teymisvinnu og nýsköpun að leiðarljósi göngum við ávallt skrefinu lengra í því að hvetja hvert annað áfram og í því að þjónusta gesti okkar sem best.



Virðing

Við berum virðingu fyrir umhverfi og einstakri náttúru. Við berum virðingu fyrir hvert öðru og mismunandi menningarheimum gesta og starfsfólks.



Umhyggja

Vellíðan og öryggi gesta og starfsfólks skiptir okkur öllu máli. Okkur er annt um hvert annað og við kappkostum að skapa öruggan og heilbrigðan vinnustað.

Leiðarljós og stefnur

Nýtt leiðarljós Bláa Lónsins var kynnt á árinu. Það kjarnar stefnu fyrirtækisins að sjálfbærri framtíð fyrir alla.

Skýr áhersla er á sjálfbærni í stefnumótun Bláa Lónsins. Hún stuðlar að aukinni skilvirkni, bættu skipulagi, markmiðasetningu og þar með velgengni félagsins – hvort sem á hana er litið frá fjárhags-, samfélags- eða umhverfissjónarmiði. Með stöðugri þróun stefnir fyrirtækið að sjálfbærri framtíð fyrir alla, land og lýð. Til að skerpa á þessum þáttum – bæði inn á við og út á við – var nýtt leiðarljós kynnt á árinu: *Wellbeing for People and Planet*.

Leiðarljós Bláa Lónsins

*Wellbeing for
People and Planet*

Stefnur Bláa Lónsins ná yfir fjölbreytta málaflokka sem tengjast rekstri og framtíðarsýn félagsins. Þeim er fylgt eftir með árlegri markmiðasetningu til að tryggja að félagið fylgi markvisst tilgangi sínum og framtíðarsýn.

Í viðauka má finna eftirfarandi stefnur félagsins:

- Meginstefna Bláa Lónsins
- Gæðastefna
- Heilsu- og öryggisstefna
- Umhverfisstefna
- Samfélagsstefna
- Mannauðsstefna
- Jafnlaunastefna
- Launastefna
- Stefna gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustaðnum



Umfang á markaði

Á árinu hélt Bláa Lónið áfram vegferð sinni í uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu víða um land.

Bláa Lónið hefur lagt aukna áherslu á uppbyggingu á heilsutengdri ferðaþjónustu víðs vegar um landið, sér í lagi þar sem það upplifun hvers konar er í forgrunni. Sérþekking og reynsla innan Bláa Lóns fjölskyldunnar nýtist þar vel. Þannig er Bláa Lónið þátttakandi í uppbyggingu baðstaða á norður- og austurlandi í gegnum Íslenskar heilsulindir svo dæmi sé tekið.

Á síðustu misserum hóf félagið metnaðarfulla uppbyggingu í Kerlingarfjölum og fram undan er mikil uppbygging í Þjórsárdal. Áætlað er að Kerlingarfjöll opni 1. júlí 2023. Þann 3. nóvember 2022 var tekin fyrsta skóflustungan að Fjallaböðunum í Þjórsárdal.

Einstök hönnun, þjónustugæði, sjálfbærni í rekstri og umhverfisvitund eru leiðarstefin við uppbyggingu Bláa Lónsins á þessum viðkvæmu svæðum. Með uppbyggingunni er gott aðgengi gesta að svæðunum tryggt á sama tíma og virðing fyrir einstakri náttúru og sögu er varðveitt. Við þróunarverkefni sem þessi er gott samstarf við nærsamfélög, stjórnvöld og viðeigandi stofnanir afar mikilvægt og ber að þakka.

Hver baðstaður fyrir sig hefur sína sérstöðu. Bláa Lónið í Svartsengi, verður þó ávallt krúnudjásnið enda er jarðsjór þess og vistkerfi einstakt á heimsvísu. Hið virta tímarit National Geographic útnefndi jarðsjó Bláa Lónsins sem eitt af 25 undrum veraldar árið 2012 en virk innihaldsefni, uppruni og lækningamáttur vatnsins í lóninu á sér enga hliðstæðu.



Samstarfsaðilar og fjölmiðlar

Áfram styður Bláa Lónið við þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi og markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað.

Bláa Lónið er félagi í eftirfarandi samtökum: Festa (miðstöð um samfélagsábyrgð), Vakinn, SAF, SA, Ferðaklasinn, Iceland Luxury, Meet in Reykjavík, Íslandsstofa, Heilsulindasamtök Íslands.

Markmið Bláa Lónsins með þátttöku í þessum samtökum er að styðja við þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi almennt, rekstrarumhverfi hennar sem og markaðssetningu á Íslandi, sérstaklega sem heilsárs og heilsutengdum áfangastað.



Fjölmiðlar

Umfjöllun var mikil um Bláa Lónið í erlendum prent- og vefmiðlum á árinu, alls um 370 sinnum víða um heim.


Bláa Lónið tók á móti talsvert fleira fjölmiðlafólki árið 2022 en árin tvö á undan þegar lokanir, ferðatakmarkanir og aðrar hömlur vegna heimsfaraldurs voru í gildi.

Alls var fjallað um Bláa Lónið og starfseiningar þess í 370 greinum í hinum ýmsu prent- og vefmiðlum á árinu, víðsvegar um heiminn. Bláa Lónið bar þar oftast á góma eða 331 sinnum; sjálfbærni fyrirtækisins og málefni henni tengd vekja sífellt meiri athygli og voru efni 28 mismunandi greina á árinu sem leið; húðvörur BLUE LAGOON SKINCARE rötuðu í 109 umfjallanir; hóteli

félagsins fengu alls 206 umfjallanir; fjallað var um veitingastaði Bláa Lónsins alls 148 sinnum og loks má nefna að 30 ára stórfarmæli Bláa Lónsins fékk 26 umfjallanir í miðlum víða um heim.

Sem fyrr miðar samfélagsmiðlastefna Bláa Lónsins og dótturfyrirtækja þess að því að styðja við ímynd fyrirtækjanna með því að vekja athygli á starfseminni með fallegu myndefni og grípandi texta. Tónn í textanum er með sínum blæbrigðum eftir því hvaða miðill á í hlut hverju sinni en þess er þó ávallt gætt að orðfæri og framsetning sé í línu við hverja starfseiningu fyrir sig.

Finna má Bláa Lónið og félög þess á eftirfarandi samfélagsmiðlum:



Bláa Lónið

02

Nicholas Grinyer

Yfirgestgjafi

Blue Lagoon Spa


Bláa Lóns fjölskyldan

BLUE LAGOON
ICELAND

BLUE LAGOON SKINCARE

The Retreat
BLUE LAGOON ICELAND

HIGHLAND BASE
KERLINGARFJÖLL



Blue Lagoon Spa

Nýjar þjónustuleiðir voru kynntar á árinu til að þróa og bæta enn frekar upplifun fjölbreytts hóps gesta.

Sögustund í lóninu

Sögustundir Bláa Lónsins njóta sífellt meiri vinsælda. Þar er gestum boðið að hlýða á frásagnir af hendi gestgjafa um sögu og tilurð Bláa Lónsins enda er hún áhugaverð og einstök. Af umsögnum má ráða að gestir hafa bæði gagn og gaman af frásögn gestgjafa hverju sinni.

Kyrrðarsvæði skilgreint í lóninu

Stærð Bláa Lónsins býður uppá tækifæri til að koma til móts við mismunandi þarfir gesta. Á sama tíma og staðurinn er einstakur og upplifunin sterk og því eðlilegt að gestir vilji festa hana á filmu er ekki síður mikilvægt að geta komið til móts við þá hópa sem vilja njóta í fullkominni kyrrð og ró á meðan á heimsókn stendur. Því var, á árinu 2022, afráðið að skilgreina sérstakt svæði sem kyrrðarsvæði (e. Quiet Zone) innan lónsins. Þar ber gestum að hafa alveg hljótt og þar eru myndatökur ekki leyfðar. Hefur þessi nýbreytni mælst vel fyrir enda kemur svæðið ekki niður á stærð almenna upplifunarsvæðisins svo neinu nemi.

Miðnæturopnun, flot og tónheilun

Á árinu var gestum boðið að njóta einstakrar næturbirtu sumarsins. Miðnæturopnun

í kringum sumarsólstöður í júní mæltist vel fyrir en auk einstakrar birtu nutu gestir kyrrðarstundar ásamt tónheilun auk þess sem miðnæturflotheðferðir, undir handleiðslu Unnar Valdísar Kristjánsdóttur, frumkvöðuls í flotheðferðum hér á landi, voru kynntar og vel sóttar.

Sjálfsafgreiðslan nýtur vinsælda

Sjálfsafgreiðslumöguleikar gesta hafa mælst sérlega vel fyrir og á síðasta ári nýttu um 83% allra gesta í Bláa Lóninu sér þann kost að afgreiða sig sjálfir.

June 2022


“A Most Beautiful Experience.”

December 2022


“The BEST way to start an Icelandic adventure!”

Reviews on Tripadvisor

NPS* einkunn Blue Lagoon SPA



*Net Promoter Score er meðmælavísitala sem byggir á álitu viðskiptavina og inniheldur eina spurningu: „Hversu líkleg/ur ertu til þess að mæla með X við vini, samstarfsfélaga og fjölskyldu?“



Silica Hotel

Hótelið sem upphaflega var lækningarland nýtur gríðarlegra vinsælda og er nær fullbókað allan ársins hring.

Aukin hlýja og þjónusta í sérflokki

Silica Hotel er einstakt hótél en gestir þess hafa m.a. aðgang að einkalóni umvafið mosagrónu hrauni. Hótelið hefur notið gríðarlega vinsælda og er nær fullbókað allan ársins hring. Á sama tíma er þjónustustig hátt og yfirbragð hlýlegt.

Upphaflega var hótelið stofnað sem lækningaland þar sem eingöngu var boðið uppá meðferðir gegn psoriasis. Árið 2016 var hótelinu breytt úr því að vera eingöngu starfrækt sem lækningaland í Silica Hotel sem hver sem er getur dvalið á.

Á síðastliðnu ári var yfirbragð hótélherbergja bætt með það að markmiði að auka á hlýleika. Á sama tíma hefur almenn


þjónusta verið aukin og áhersla lögð á séríslenskar upplifanir og stafrænar lausnir sem gestir kunna vel að meta enda er NPS skor hótelsins í sérflokki.

June 2022

„A magical, raw, silent spot - made fabulously comfortable by the excellent Silica Hotel. The room was outstanding, with a private view of the lava fields and mountains.“

Review on Tripadvisor

NPS einkunn Silica Hotel frá því mælingar hófust 2021



Matarupplifun

Fyrsta flokks íslenskt hráefni, framúrskarandi þjónusta og einstakt umhverfi einkennir veitingastaðina.

Bláa Lónið rekur þrjá veitingastaði á upplifunarsvæðum sínum við Svartsengi auk kaffihúss. Áhersla á ferskt íslenskt hágæðahráefni sem unnið er á staðnum hefur verið aðalsmerki staðanna um langa hríð auk faglegrar þjónustu í einstöku umhverfi. Í sameiginlegu eldhúsi er, auk þessa, framreiddur morgunmatur fyrir hótelin tvö, Sílica og The Retreat sem og morgun-,

hádegis- og kvöldmatur fyrir mötuneyti starfsmanna. Aðrar veitingar eins og þær sem tengjast útleigu á fundarsölum heyr einnig undir sama eldhúsi. Áhersla á sveigjanleika og samlegð í rekstri hefur skilað árangri án þess að það hafi komið niður á gæðum.



Lava Restaurant

Endurbætur á veitingastaðnum Lava njóta vinsælda.

Meðan á samkomutakmörkunum stóð voru gerðar umtalsverðar endurbætur á Lava Restaurant. Eftir gagngerar endurbætur í veitingasal staðarins árið 2021 var hafist handa við að bæta við sérrýmum fyrir smærri hópa. Setustofusvæðið Lava Lounge, á svölum veitingastaðarins, var tekið í notkun sumarið 2022 með nýju útliti og húsgögnum. Á sama tíma voru smærri fundarherbergi, sem henta bæði smærri hópum og fyrirtækjum til fundarhalda, tekið í gagnið. Þá var fundarsalurinn Thorbjörn Hall uppfærður bæði hvað varðar útlit og aðbúnað. Með þeim breytingum jókst til muna þjónusta gagnvart stærri hópum sem hefur mælst einkar vel fyrir enda aðstaða og þjónustustig allt í hæsta gæðaflokki.

October 2022

“This was as close to a perfect meal as I’ve ever had. Love the modern, clean, sophisticated, casual ambiance.”

Review on Tripadvisor




Blue Café

Gæði og gott hráefni og réttir útbúnir frá grunni eru aðalsmerki Blue Café.

Blue Café býður gestum Bláa Lónsins upp á léttu og fjölbreytta rétti frá morgni til kvölds. Áhersla er lögð á gæði og gott hráefni og allir réttir eru útbúnir daglega frá grunni í köldu eldhúsi Bláa Lónsins. Blue

Café heldur einnig utan um hinn sívinsæla Blue Lagoon Bar sem býður gestum upp á hressingu úti í lóninu sjálfu.



Lækningalind

Psoriasismeðferð Bláa Lónsins er sniðin að þörfum hvers og eins og er viðurkennd af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum.

Í Lækningalind Bláa Lónsins er boðið upp á meðferðir fyrir psoriasisjúklinga sem byggja á einstökum lækningamætti jarðsjávarins.

Psoriasis er langvinnur húðsjúkdómur sem hefur áhrif á líf milljóna manna um allan heim. Einkenni sjúkdómsins geta verið óþægileg og sársaukafull og því haft veruleg áhrif á lífsgæði sjúklingsins. Psoriasismeðferð Bláa Lónsins býður upp á heildstæða nálgun með áherslu á að efla almenna heilsu og vellíðan. Meðferðaráætlun er sniðin að þörfum hvers og eins, og felur í sér böðun í jarðsjó Bláa Lónsins, UVB ljósmeðferð og notkun Blue Lagoon

Iceland húðvara. Sýnt hefur verið fram á með klínískum rannsóknum að steinefnaríkur jarðsjórinn dregur úr einkennum psoriasis, meðal annars með því að draga úr bólgum og bæta áferð húðarinnar.

Meðferðin er viðurkennd af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og er hún veitt undir eftirliti húðlæknis og hjúkrunarfræðings. Í Lækningalind Bláa Lónsins er lögð áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi lækniþjónustu sem byggir á því að nýta á sjálfbæran hátt þá einstöku náttúruauðlind sem jarðsjórinn er, í því markmiði að bæta lífsgæði psoriasisjúklinga.



The Retreat

03

The Retreat Hotel

Retreat heimur Bláa Lónsins hefur fengið mikið lof fyrir hönnun, útlit og þjónustuupplifun í einstöku umhverfi.

The Retreat Hotel leggur, sem fyrr, áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og upplifun í einstöku umhverfi þar sem aðbúnaður allur er eins og allra best verður á kosið. Hótelíð státar af alls 60 svítum og tveimur veitingastöðum. Þá hafa gestir hótelsins aðgang að heilsulindinni The Retreat Spa auk þess sem nokkrar svítur hafa aðgang að einkalóni.

Til að tryggja þjónustustig í kjölfar afléttningar allra takmarkana eftir COVID-19 var framboð herbergja takmarkað fram eftir ári.

The Retreat leitar stöðugt eftir nýjum og áhugaverðum leiðum til að flétta sér-íslenskum einkennum og upplifunum inn í heimsókn gesta á hótelið. Liður í því var að aðlaga veitingar í forsal hótelsins frekar að íslenskum venjum og menningu. Hefur þessi nýbreytni vakið mikla ánægju meðal

gesta enda eru þeir almennt fróðleiksfúsir um íslenska menningu, og matarmenningu þar með talið.


Í desember voru aðeins tveggja eða fleiri náttu gistipakkar í boði á The Retreat en það var gert til að tryggja upplifun gesta og þjónustustig. Mæltist sú nýbreytni almennt vel fyrir og verður þeirri vegferð haldið áfram á nýju ári.

Mars 2022

„Wish I could give The Retreat 10 stars! Unbelievable, amazing and probably one of the best hotels I have ever stayed in ... and I have stayed in many!“

Review on Tripadvisor

NPS einkunn Retreat Hotel eftir að mælingar hófust í júní 2021



The Retreat Spa

Hinn einstaki heimur Retreat Spa býður upp á umgjörð og vellíðan á heismælikvarða.

The Retreat Spa býður upp á einstakar upplifanir á heismælikvarða. Svæðið í heild miðar að því að tengja saman óviðjafnanlegt umhverfi og eiginleika jarðsjávarins með ógleymanlegum hætti. Gestir geta notið dvalarinnar á margvíslegan máta í mismunandi hvíldarsvæðum, sánaböðum og sérstökum gufuböðum sem eingöngu eru opin dagsgestum The Retreat Spa og gestum The Retreat hótelsins.

Í takt við aðrar einingar innan The Retreat var framboð klefa á The Retreat Spa takmarkað í kjölfar opunar eftir heimsfaraldurinn til að tryggja þjónustustig og um leið einstaka upplifun gesta.

Til að koma enn betur til móts við dagsgesti baðstaðarins var þeim boðið uppá að kaupa morgunverð ásamt dvöl á Retreat Spa. Mælst það einstaklega vel fyrir hjá gestum, sér í lagi þeim sem komu beint úr flugi

snemma morguns. Hin einstaka meðferð *Blue Lagoon Signature In-Water Massage* heldur þó ávallt sérstöðu sinni og sérstökum vinsældum.


The Retreat Spa hefur jafnt og þétt fjölg að valkostum í boði varðandi meðferðir í heilsulindinni og hefur það verið gert til mæta mikilli eftirspurn.

October 2022

"A completely magical day. We enjoyed the private lagoon, had floating massages and participated in the ritual."

Reviews on Tripadvisor

NPS einkunn Retreat Spa



Moss Restaurant

Annað árið í röð hélt Moss Restaurant nafnbótinni „Michelin Recommended“ í virtasta leiðarvísi heims.

Moss Restaurant opnaði á ný eins og aðrar starfseiningar þegar samkomutakmörkunum hafði verið aflétt í lok febrúar 2022. Þó var ákveðið að hafa lokað á mánudögum og þriðjudögum til að tryggja þjónustugæði.

Þá var það sérstakt ánægjuefni að annað árið í röð hélt Moss Restaurant nafnbótinni „Michelin Recommended“ í virtasta leiðarvísi heims fyrir veitingastaði, Michelin Guide.

Moss Restaurant efndi nokkrum sinnum á árinu til sérstakra viðburða fyrir sanna sælkera, einkum undir yfirskriftinni „Guest Chef & Wine Pairing Series“ þar sem erlendir meistarakokkar mættu til að töfra fram nokkurra rétta veislumatseðil ásamt sérvöldum vínunum. Meðal virta gesta sem komu til að halda utan um slíka viðburði voru Michelin-kokkurinn Ollie Dabbous frá veitingastaðnum Hide í London og John Schwartz, forstjóra Amuse Bouche Winery. Ávallt var uppselt á slíka viðburði enda fjölda sæta stillt í hóf til að tryggja sem besta upplifun matargesta.



Einnig voru haldnar sérstakar vínsmakkanir í hinum einstaka vinkjallara Moss Restaurant en hann er staðsettur í hraunhelli undir yfirborði jarðar og litbrigði gosbergsins—sem rann í eldsumbrotum árið 1226—njóta sín á veggjum sem nú hýsa meira en 5000 flöskur af öndvegisvínunum hvaðanæva að úr heiminum. Nutu vínsmakkanir þessar mikilla vinsælda enda umhverfið einstakt, rétt eins og vínin.

January 2022

“As always, seafood is a highlight to our trip as it’s always fresh and excellently prepared and at The Moss this is taken a step further with inspired taste combinations and beautiful presentation. What an enjoyable evening!”

Review on Tripadvisor

Spa Restaurant

Veitingastaðurinn býður upp á einstaka matarupplifun í formi ferskra og heilsusamlegra rétta.

Spa Restaurant býður gestum Retreat Spa heilsulindarinnar upp á ferska og heilsusamlega rétti auk þess sem þeir geta notið létttra veiga í sérstöku veitingalóni. Eldhús veitingastaðarins framreiðir einnig morgunmat gesta Retreat hótelsins sem og veitingar í Retreat Lounge.

Úrval rétta á matseðli var aukið á árinu með áherslu á einstaka matarupplifun hótelfesta, sér í lagi á þeim dögum sem Moss veitingastaðurinn er lokaður þ.e. á mánudögum og þriðjudögum.



Blue Lagoon Skincare

04

Ása Brynjólfssdóttir

Rannsóknar- og þróunastjóri

R&D, Lækningalind, gæði og sjálfbærni



Fyrirtækið

Lækningamáttur hins einstaka jarðsjávar Bláa Lónsins endurspeglast í öllum húðvörulínunum félagsins.

7

verlanir

BLUE LAGOON SKINCARE ehf. er dóttur-félag Bláa Lónsins hf. Fyrirtækið þróar og markaðssetur húðvörur undir vörumerkinu Blue Lagoon Iceland, sem er í eigu móður-félagsins.

Blue Lagoon Iceland húðvörurnar byggja á jarðsjó Bláa Lónsins og þeim lífvirku efnum sem í honum er að finna. Við þróun og framleiðslu er virkni, vísindi og sjálfbærni höfð að leiðarljósi.

Lækningamáttur Bláa Lónsins varð fólki fyrst ljós þegar forvitnir heimamenn hófu að baða sig í heillandi lóninu. Böðun í heitum jarðsjónum veitti vellíðan og hafði góð áhrif á húðina. Lónið varð fljótlega rannsóknarefni fjölmargra vísindamanna. Rannsóknir leiddu í ljós að lónið hefur lækningamátt og vistkerfi þess er einstakt á heimsvísu. Bláa Lóns vatnið er á lista National Geographic sem eitt af undrum veraldar vegna einstakra eiginleika jarðsjávarins. Jarðsjórinn er ríkur af eftir-sóknarverðum lífvirkum efnum; steinefnum, kísil og örþörungum, sem styrkja og vernda húðina. Jarðsjórinn og þau lífvirku efni sem eru að finna í honum eru lykilinnihaldsefni í Blue Lagoon Iceland húðvör-unum.

Á liðnu ári var nafni fyrirtækisins breytt úr Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. í BLUE LAGOON SKINCARE ehf. Fyrirtækið annast sölu- og dreifingu Blue Lagoon Iceland húðvara bæði á innanlandsmarkaði og til erlendra dótturfélaga þess; Blue Lagoon USA Ltd. og Blue Lagoon NL B.V. Nýtt fyrirkomulag mun auka umsvif fyrirtækisins töluvert.

3

vörulínur

28

vörutegundir

Húðvörur Bláa Lónsins

Við þróun og framleiðslu húðvaranna er lögð áhersla á virkni, vísindi og sjálfbærni.

Blue Lagoon Iceland húðvörurnar hafa einstaka sérstöðu á markaði vegna þeirra innihaldsefna sem þær byggja á og hafa þær unnið til fjölmargra verðlauna.

Silica Mud Mask

Bláa Lónið hefur löngum verið þekkt fyrir hvíta kísilinn sem var hugmyndin að fyrstu vörunni, Silica Mud Mask, sem kom á markað árið 1995 og hefur verið vinsælasta vara Bláa Lónsins frá upphafi. Maskinn er í senn áhrifaríkur og náttúrulegur og hefur einstaka virkni en rannsóknir hafa sýnt að hann jafnar og styrkir áferð húðarinnar. Kísilmaskinn er mikilvægur þáttur í upp-lifun þeirra sem heimsækja Bláa Lónið og hefur verið innblástur í þróun Blue Lagoon Iceland húðvaranna sem allar byggja á steinefnaríku vatni Bláa Lónsins.

Þróaðar hafa verið þrjár húðvörulínur; BL+, SPA og DERMA. Vörulínurnar eiga það sameiginlegt að byggja á þessari einstöku uppsprettu sem kísilríkt vatn Bláa Lónsins er og lífvirkum efnum þess; steinefnum og örþörungum.

BL+

Vörulínan byggir á BL+ COMPLEX, nýju og byltingarkenndu innihaldsefni sem nýtir einkaleyfi Bláa Lónsins á örþörungum og kísil. BL+ vinnur gegn öldrun húðar og bætir heilbrigði hennar. Vísindi, virkni og sjálfbærni eru leiðarljósið í þróun varanna. Húðvörulínan kom fyrst á markað 2021 og er hún afrakstur 30 ára rannsóknarvinnu á lífvirkni og lækningamætti Bláa Lónsins. Vörulínan inniheldur öflugar formúlur sem byggja á byltingarkenndri líftækni og braut-ryðjandi tækni í sjálfbærri framleiðslu. BL+ The Serum sem er fyrsta varan í BL+ húðvörulínunni fékk strax góðar viðtökur og var valin ein af „The 2021 ELLE Green Beauty Stars“. Í kjölfarið hafa 3 vörur bæst í línuna sem allar hafa fengið verðskuldaða athygli og má þar nefna að BL+ Eye Serum fékk verðlaun Allure; Best of Beauty 2022 í flokknum Clean Beauty ásamt verðlaun New Beauty Magazine sem „Best Eye product for puffiness“.

SPA vörulína

SPA vörurnar byggja á nærandi og styrkjandi eiginleikum jarðsjávar Bláa Lónsins.



Vörulínan inniheldur andlitsmaska, hárvörur og baðvörur. Hún var þróuð með það í huga að auka upplifun baðgesta Bláa Lónsins. Vinsælustu vörurnar í þessari vörulínu eru andlitsmaskarnir fjórir, sem eru lýsandi fyrir vatnið og innihaldsefni þess. Þá hafa baðsöltin sem unnin eru úr hreinum steinefnaríkum jarðsjónum, sem kemur af yfir 2000m dýpi, verið vinsæl í nærandi bað eða til nota í saltskrúbb.

DERMA

Meðferðarvörulína Bláa Lónsins er sérstaklega þróuð fyrir viðkvæma húð og þá sem þjást af endurteknum húðkvillum, svo sem þurrki og ertingu. Meðferðarvörurnar eru verndandi og fyrirbyggjandi, og án ilmefna. Þær hafa verið notaðar með góðum árangri í Lækningalind Bláa Lónsins frá upphafi. Í Lækningalindinni er boðið upp á viðurkennda og náttúrulega psoriasismeðferð undir eftirliti húðsjúkdómalæknis og hjúkrunarfræðings.

Lífvirk innihaldsefni

Í rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins sem staðsett er í Svartsengi hefur verið byggð upp einstök hráefnavinnsla þar sem framleiðsla á Blue Lagoon innihaldsefnum fer fram. Blue Lagoon innihaldsefnin eru unnin úr jarðsjó Bláa Lónsins og lífvirkum efnum hans, en þeirra á meðal eru sölt, kísill og örpörungar. Lögð er áhersla á umhverfisvænar og sjálfbærar vinnsluaðferðir. Örpörungar eru meðal annars ræktaðir með umhverfisvænni tækni þar sem þeir eru fóðraðir á jarðvarmagasi sem er ríkt af koltvísýringi og kemur upp með jarðsjónum. Örpörungarnir binda þannig koltví-

sýring sem annars færi út í andrúmsloftið. Með þessum hætti er dregið úr kolefnisþorni, en það er ávallt markmið fyrirtækisins að leita leiða til að draga úr umhverfisþorni þess. Framleiðslan er gæðavottuð, ISO 22716 (GMP).

Virk innihaldsefni Bláa Lónsins eru vottuð COSMOS Approved. Úttektaraðilinn er ECOCERT Greenlife. COSMOS Approved vottunin er mikilvæg viðurkenning fyrir einstök hráefni og vinnsluaðferðir fyrirtækisins.


Innihaldsefnin hafa verið skrásett undir eftirfarandi vörumerkjum: BLUE LAGOON SEAWATER, BLUE LAGOON SILICA, BLUE LAGOON MINERAL SALTS, BLUE LAGOON MICROALGAE og BL+ COMPLEX.

Umhverfisvænar umbúðir

Í samræmi við umhverfisstefnu félagsins eru umbúðir húðvara þess hannaðar til að vera 100% endurvinnanlegar og með sem minnst af plasti. Allur pappír er FSC vottaður, glerið er Miron gler sem verndar gæði og virkni vörunnar til lengri tíma og kemur þar með í veg fyrir sóun. Álið í umbúðunum er hægt að endurvinna áfram í hið óendanlega. Við hönnun umbúða eru efni valin af kostgæfni til að hámarka gæði og lágmarka umhverfisáhrif.

Árið 2022 var ár umbreytinga hvað umbúðirnar varðar en þá voru innleiddar nýjar umhverfisvænni umbúðir fyrir húðvörulínurnar. Með því hefur Bláa Lónið náð að draga úr notkun á plasti um 81% síðan 2019.

NPS einkunn frá erlendri vefsölu húðvara Bláa Lónsins. Mælingar hófust í apríl 2021.



Markaðir


Aukin umsvif í Bandaríkjunum og velgengni BL+ Eye Serum á Bandaríkjamarkaði eru sérstakt ánægjuefni.

Blue Lagoon Iceland húðvörurnar eru seldar um allan heim. Blue Lagoon USA Ltd. í Bandaríkjunum annast sölu og dreifingu í Ameríku og Blue Lagoon NL B.V. í Hollandi, annast sölu og dreifingu í Evrópu og til annarra heimshluta. Blue Lagoon Skincare UK Ltd. var stofnað á árinu og mun taka yfir sölu og dreifingu í Bretlandi síðla árs 2023.

Megináhersla hefur verið lögð á að styrkja Blue Lagoon Iceland húðvörurnar á Bandaríkjamarkaði og kynna BL+ húð-

vörulínuna til leiks. Með aukinni dreifingu, meiri sýnileika og samstarfi við teymi sérfræðinga hefur staða Blue Lagoon Iceland húðvara styrkst verulega á markaði. Þá má nefna að BL+ Eye Serum hefur slegið í gegn og er metsöluvara Blue Lagoon Iceland húðvara á Bandaríkjamarkaði. Á árinu 2023 verður góðum árangri í sölu á Bandaríkjamarkaði fylgt enn frekar eftir, ásamt því að efla áfram sterkan heimamarkað.

Skipting sölu 2022



Verslanir

Verslanirnar eru hannaðar og innréttaðar með það fyrir augum að tengja við uppruna varanna í vatni Bláa Lónsins.



Laugarvegur 15



Svartsengi

Sjö verslanir eru reknar á Íslandi undir vörumerkinu Blue Lagoon Iceland. Verslanir í Svartsengi eru fjórar; í Bláa Lóninu, í The Retreat Hotel, í The Retreat Spa og á Silica Hotel. Tvær verslanir eru í Reykjavík: í Kringlunni og að Laugavegi 15. Þá er ein verslun í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í verslunum fyrirtækisins er áherslan á sölu Blue Lagoon Iceland húðvara. Verslanirnar eru hannaðar og innréttaðar með það fyrir augum að skapa notalegt andrúmsloft. Lýsing og litaval verslana myndar sjónræna tengingu við uppruna húðvaranna í vatni Bláa Lónsins, einstakt umhverfi þess og vísindin.

Fyrirtækið rekur einnig netverslanir á Íslandi, Evrópu og í Bandaríkjunum. Netverslanir Bláa Lónsins eru aðgengilegar gegnum slóðina skincare.bluelagoon.com



Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Kringlan

Sjálfbær fjölnýting jarðvarmastrauma

Visthringur jarðsjávar í Bláa Lóninu

BLUE LAGOON SKINCARE gegnir lykilhlutverki í fjölnýtingu auðlindastrauma frá nærliggjandi jarðvarmaveri HS Orku. Fyrirtækið nýtir fyrst jarðsjó í að framleiða kísil í húðvörur og svo er umframvökvi nýttur í að framleiða salt og örpörunga. Saltið er myndað með því að sjóða vökvann með umfram gufu frá jarðvarmaverinu. Framleitt er bæði baðsalt og einnig flögusalt sem nýtt

er í matargerð. Örpörungarnir eru ræktaðir í vökvannum með led-lýsingu sem knúin er grænni orku jarðvarmaversins og eru nærðir á náttúrulegum koltvísýringi sem losnar úr borholum jarðsjávar. Allur annar umframvökvi nýtist í baðlónin og þaðan er hann leiddur í gjótu og aftur niður í jarðlög-in og fullkomnar þar með hringrás hans.

Kolefnisjöfnun

Flutningar á vörum Bláa Lónsins frá vöruhúsum til viðskiptavina eru kolefnisjafnaðir.

Ræktun og verndun skóga eru lykilatriði í að varðveita náttúrulegt jafnvægi milli jarðar og vistkerfis mannsins. Skógarnir binda CO₂ úr andrúmsloftinu og mynda þannig hreinna loft og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Þess vegna hvetur Bláa Lónið til skógræktar og miðar að því að vega upp á móti kolefnisfótspori félagsins. Árið 2021 gekk BLUE LAGOON SKINCARE til samstarfs við Pachama, fyrirtæki sem

sérhæfir sig í skógræktun og sérstökum kolefnisjöfnunarverkefnum.

Markmiðið er skýrt: fleiri tré, minni mengun. Vöruflutningar eru kolefnisjafnaðir með því að reikna út kolefnislosun hverrar vöru eftir þyngd hennar og flutningsmáta. Útreikningarnir byggja á þekktum aðferðum og forsendum. Reiknuð losun er síðan kolefnisjöfnuð í gegnum Pachama þar sem kostnaður fer í ræktun og verndun skóga.



Vottanir



Vottað stjórnkerfi

Bláa Lónið og BLUE LAGOON SKINCARE fylgja sama stjórnkerfinu sem er vottað samkvæmt stjórnunarstöðlunum, ISO9001 hvað varðar gæðastjórnun, ISO14001 hvað varðar umhverfisstjórnun og ISO45001 hvað varðar heilsu- og öryggisstjórnun fyrirtækisins. Einnig deila þau sama launakerfinu í gegnum þjónustusamning félaganna og er það vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Með stjórnkerfinu tryggir starfsfólk gæði í framleiðslu og vörum, eykur öryggi starfsfólks og verndar umhverfið. Stjórnkerfið nýtist starfsfólki, eykur gagnsæi og hvetur til þátttöku allra til að gera stöðugt betur og bjóða umhverfisvænar húðvörur.



COSMOS NATURAL vottaðar húðvörur

COSMOS (COSMetic Organic and natural Standard) er snyrtivörustaðall með ríka áherslu á umhverfisvernd í framleiðsluháttum snyrtivara. Hann nær allt frá ábyrgri nýtingu auðlinda, til notkunar umhverfisvænna umbúða og hreinsiefna, ásamt því að tryggja bestu gæði innihaldsefna í snyrtivörum með velferð neytenda og náttúrunnar í huga. Staðallinn gerir einnig ríkar kröfur um val á umhverfisvænum umbúðum og mikilvægi þess að draga úr sóun þeirra.

Húðvörurnar BL+ The Serum, BL+ Eye Serum og Hand Cream eru vottaðar COSMOS NATURAL af ECOCERT Greenlife.



COSMOS APPROVED hráefni

Árið 2020 voru Blue Lagoon innihaldsefnin, sem eiga uppruna sinn í jarðsjó Bláa Lónsins og gegna lykilhlutverki í Blue Lagoon Iceland húðvörum, vottuð sem COSMOS Approved hráefni. Úttektaraðilinn er ECOCERT Greenlife. BLUE LAGOON SKINCARE ehf. leggur ríka áherslu á að bjóða húðvörur í hæsta gæðaflokki sem samræmast kröfum neytenda um umhverfisvænar vörur. COSMOS Approved vottunin er mikilvæg viðurkenning fyrir einstök hráefni og vinnsluaðferðir fyrirtækisins.



Góðir framleiðsluhættir

Árið 2020 hlaut BLUE LAGOON SKINCARE ehf. gæðavottun á framleiðslu snyrtivara (ISO 22716 Snyrtivörur – góðir framleiðsluhættir GMP) frá British Standards International á Íslandi fyrir hráefnaframleiðslu sína sem fer fram í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins í Svartsengi. Staðallinn segir til um góða framleiðsluhætti á snyrtivörum sem tryggja gæði í framleiðslu, stýringu, rekjanleika og dreifingu varanna. Staðallinn endurspeglar þá skuldbindingu félagsins til viðskiptavina sinna að tryggja ávallt gæði og öryggi húðvara sinna. Framleiðslan er tekin út árlega.

Verðlaun og viðurkenningar

BL+ húðvörulínan hefur fengið framúrskarandi viðtökur allt frá því hún var kynnt til sögunnar vorið 2021.



BL+ Eye Serum var valið sem besta augnvaran gegn þreytu og þota af New Beauty Magazine og Best of Beauty frá Allure á árinu 2022. Þá fékk varan einnig verðlaun frá Good Housekeeping í byrjun ársins 2023 sem besta augnvaran sem vinnur gegn dökkum baugum, þreytu og þota.



BL+ The Serum hlaut Elle Green Beauty Star 2021 og einnig Sustainable Innovation Awards frá Good Housekeeping.



BL+ The Cream hlaut verðlaun sem besta húðvara ársins 2022 af Refinery29.



Rannsóknir og þróun

Áhersla á öflugt rannsóknastarf hefur einkennt starfsemi Bláa Lónsins allt frá stofnun fyrirtækisins.

Rekstur Bláa Lónsins er einstakt dæmi um margþætta nýtingu jarðhitaauðlinda til aukinna lífsgæða, hvort sem horft er til læknismeðferða, vellíðunarferðaþjónustu eða þróunar á einstökum húðvörum. Það starf sem á sér stað í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins er grunnur allrar þessarar starfsemi þar sem sjálfbærni er leiðarstefið.

Áhersla á öflugt rannsóknastarf hefur einkennt starfsemi Bláa Lónsins allt frá stofnun fyrirtækisins. Fjöldi vísindagreina sem birtar hafa verið í ritrýndum vísindatimaritum og einkaleyfi fyrirtækisins eru þessu góður vitnisburður. Bláa Lónið vinnur að rannsóknum í samstarfi við vísindamenn jafnt innanlands sem erlendis, og hefur fyrirtækið ætíð átt farsælt samstarf við háskólasamfélagið á sviði rannsókna og þróunar. Frá upphafi hefur Bláa Lónið stundað rannsóknir á auðlindinni og safnað þekkingu í þágu samfélagsins. Sem dæmi um rannsóknir má nefna rannsóknir á vistkerfi lónsins, jákvæðum áhrifum böðunar í lóninu á húð einstaklinga með psoriasis og lífvirkni innihaldsefna jarðsjávarins.



Einkaleyfi Bláa Lónsins eru þrjú. Einkaleyfi á notkun örþörungna (Bandaríkin og Evrópa) og kísils (Evrópa) í snyrtivörum og lyf. Í einkaleyfunum felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna. Í einkaleyfunum er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna sem sýna fram á lífvirkni örþörungna og kísils úr lóninu. Rannsóknirnar voru unnar af vísindamönnum Bláa Lónsins í samstarfi við erlenda rannsóknastofu.

Yfir 20 ritrýndar vísindagreinar og á annan tug fræðilegra rannsókna (meistara- og doktorsverkefni) hafa verið birtar þar sem jarðsjór Bláa Lónsins er viðfangsefnið á einn eða annan hátt.

Vísindalegar rannsóknir hafa frá upphafi gegnt lykilhlutverki í velgengni Bláa Lónsins og eru forsenda allrar nýrrar framþróunar húðvara fyrirtækisins. Þær eru ástæða þess að fyrirtækið er í samstarfi við fjölbreytt teymi vísindamanna.

Birtar vísindagreinar

2011 >

Grether-Beck et al. (2021). **Blue Lagoon Algae improve uneven skin pigmentation: Results from in vitro studies and from a monocenter, randomized, double blind, vehicle controlled, split-face study.** Skin Pharmacology and Physiology.

Finger et al. (2021). **Improved Value Generation from Residual Resources in Iceland: the First Step Towards a Circular Economy.** Circular Economy and Sustainability.

Svavarsson et al. (2020). **Use of Non-Condensable Geothermal Gas and Geothermal Seawater to Grow Biomass.** Proceedings World Geothermal Congress 2020.

Gudmundsdottir et al. (2019). **Exopolysaccharides from Cyanobacterium aponinum induce a regulatory dendritic cell phenotype and inhibit SYK and CLEC7A expression in dendritic cells, T cells and keratinocytes.** International immunopharmacology.

Eysteinsdottir et al. (2019). **Effective treatment with balneophototherapy and narrowband UVB monotherapy reduces skin homing Th17/Tc17 and Th22/Tc22 effector cells in peripheral blood in patients with psoriasis.** Journal of Dermatological Science.

Svavarsson et al. (2017). **Carbon dioxide from geothermal gas converted to biomass by cultivating coccoid cyanobacteria.** Environmental Technology.

Gudmundsdottir et al., (2014). **Exopolysaccharides from Cyanobacterium aponinum from the Blue Lagoon in Iceland increase IL-10 secretion by human dendritic cells and their ability to reduce the IL-17+RORγt+/IL-10+FoxP3+ ratio in CD4+ T cells.** Immunology letters.

Svavarsson et al. (2014). **Adsorption applications of unmodified geothermal silica.** Geothermics.

Eysteinsdottir et al. (2013). **Psoriasis treatment: faster and long-standing results after bathing in geothermal seawater. A randomized trial of three UVB phototherapy regimens.** Photodermatology, Photoimmunology & Photomedicine.

Eysteinsdottir et al. (2013). **The Role of Th17/Tc17 Peripheral Blood T cells in Psoriasis and Their Positive Therapeutic Response.** Human Immunology.

1987 -2010

Suryata et al. (2010). **Geothermal CO2 bio-mitigation techniques by utilizing microalgae at the Blue Lagoon, Iceland.** Proceedings.

Petursdottir et al. (2009). **Analysis of the unique geothermal microbial ecosystem of the Blue Lagoon.** FEMS Microbiology Ecology.

Grether-Beck et al. (2008). **Bioactive molecules from the Blue Lagoon: In vitro and in vivo assessment of silica mud and microalgae extracts for their effects on skin barrier function and prevention of skin ageing.** Experimental dermatology.

Johnston et al. (2008). **Obesity in psoriasis: leptin and resistin as mediators of cutaneous inflammation.** British Journal of Dermatology.

Petursdottir & Kristjansson. (1997). **Silicibacter lacuscaerulensis gen. nov., sp. nov., a mesophilic moderately halophilic bacterium characteristic of the Blue Lagoon geothermal lake in Iceland.** Extremophiles.

Petursdottir & Kristjansson. (1996). **The relationship between physical and chemical conditions and low microbial diversity in the Blue Lagoon geothermal lake in Iceland.** FEMS Microbiology Ecology.

Olafsson. (1996). **The Blue Lagoon in Iceland and Psoriasis.** Clinics in Dermatology.

Olafsson et al. (1996). **Psoriasis Treatment: Bathing in a Thermal Lagoon Combined with UVB, versus UVB Treatment Only.** Acta Dermato-Venereologica.

Olafsson et al. (1994). **The effect of bathing in a thermal lagoon in Iceland has on psoriasis. A preliminary study.** Journal of the European Academy of Dermatology and Venereology.

Magnusson et al. (1987). **Hafa böð í Bláa Lóninu áhrif á psoriasis.** Læknablaðið.

Mannauður

05

Rósa Björk Svavarsdóttir

Yfirframreiðslumaður

Veitingasvið

Fólkið okkar

Bláa Lónið er í fararbroddi nýsköpunar á sviði þjónustu-
hönnunar, upplifunar og vöruþróunar.

Mannauður Bláa Lónsins er einstakur. Hjá félaginu starfar framsækið, forvitið og skapandi starfsfólk af 40 mismunandi þjóðernum. Starfsfólkið stendur saman og hefur allt starfsfólk sameiginlegt hlutverk, að skapa ógleymalegar minningar fyrir gesti okkar og hvert annað.

Starfsfólkið brennur fyrir nýsköpun og hefur sjálfbærni að leiðarljósi í störfum sínum við að nýta krafta náttúrunnar til að hanna og veita gestum okkar upplifun og vörur sem næra bæði sál og líkama. Ávallt er leitast við að þróa og rækta veröld Bláa Lónsins í sátt við umhverfi og samfélag svo dvöl gestanna sé sem eftirminnilegust.

Bláa Lónið hefur í 30 ár notið starfskrafta, nærveru og frumkvæðis framsækinna og skapandi einstaklinga sem nýta krafta náttúrunnar til að hanna upplifun og afurðir sem næra gesti á sál og líkama.

Í dag er Bláa Lónið í fararbroddi í nýsköpun á sviði þjónustuhönnunar, upplifunar og vöruþróunar og það er frumkvöðlakrafti starfsfólks okkar að þakka. Bláa Lónið er ákaflega stolt af starfsfólki sínu, metnaðinum sem það býr yfir og þeim magnaða starfsanda sem ríkir á vinnustaðnum.

Í maí setti Bláa Lónið af stað herferð þar sem gestir og aðrir fá að kynnst fólkinu á bak við Bláa Lónið og störfunum sem þau sinna af alúð, ásamt því að kynnst sögu þeirra, áhugamálum og hvernig þau nýta styrkleika sína í starfi. Þar er til að mynda sýnt frá störfum gestgjafa, framkvæmdarstjóra rannsóknar- og þróunarmála, vörustjóra, yfirframreiðslumanns, samfélagsmiðlastjóra, hjúkrunarfræðings og móttökustjóra The Retreat Hotel.



Lykiltölur 2022

Starfsfólk Bláa Lónsins er ein dýrmætasta auðlind fyrirtækisins en það er grundvöllur góðrar upplifunar gesta.

Í upphafi árs var enn þörf á að aðlagast rekstur Bláa Lónsins að þeim takmörkunum sem settar voru á af stjórnvöldum vegna heimsfaraldurs COVID-19. Í kjölfar þess að öllum takmörkunum var aflétt í febrúar hófst mikilvæg vinna við að finna jafnvægi í rekstrinum, ekki síst hvað varðaði þörf á starfsfólki. Um mitt ár fór að hægjast á fjölgun starfsfólks og hefur starfsmannafjöldi haldist nokkuð stöðugur síðan.

Um leið og sá fyrir endann á faraldrinum, í byrjun mars, var öllu starfsfólki boðið á starfsdaga í þeim tilgangi að stilla saman strengi. Markmiðið var að fara yfir helstu áherslur ársins ásamt því að kynna nýtt innra gildi, *We Inspire*, til viðbótar við þau sem fyrir voru. Á sama tíma var nýtt leiðarljós fyrirtækisins kynnt: *Wellbeing for People and Planet*. Á starfsdögunum gafst starfsfólki tækifæri til að koma með tillögur að aðgerðum, fræðsluefni og verkefnum í þeim tilgangi að innleiða nýja gildið og nýja leiðarljósið inn í menningu fyrirtækisins.

Í takt við leiðarljósið var áfram unnið að því að styðja við starfsfólk í kjölfar tímabils sem einkenndist af óvissu og erfiðum ytri aðstæðum. Starfsfólki voru gefin aukin tækifæri til að veita upplýsingar um líðan í starfi í gegnum vinnustaðagreiningar, vinnustofur og samtöl við stjórnendur.

Gleði og ánægja í leik og starfi skiptir Bláa Lónið miklu við uppbyggingu liðsheildar. Boðið var upp á árshátíðarferð til Brighton og var ferðin kolefnisjöfnuð með gróðursetningu trjáa þar sem starfsfólki og fjölskyldum þeirra var boðið að taka þátt. Að gróðursetningunni lokinni var haldin fjölskylduhátíð þar sem starfsfólk gerði sér glaðan dag með fjölskyldum sínum og samstarfsfólki. Með fjölbreyttum viðburðum sem ætlaðir eru til samveru með fjölskyldu

712

Fjöldi starfsfólks
31.12.22

40

Þjóðerni

34,2

Meðalaldur
starfsfólks

og mökum er unnið í takt við leiðarljós og gildi starfseminnar.

Bláa Lónið vann sem fyrr markvisst að því á árinu að hvetja starfsfólk til meðvitundar um heilbrigðan lífstíl. Meðal annars var boðið upp á heilsu- og hreyfiviku, hugleiðslumánudaga og gönguferð á Botn-súlur ásamt því að bjóða upp á sérstaka fyrirlestira, fræðslu og aðrar upptökur í tengslum við Mottumars og Bleikan október.

30 ára afmæli fyrirtækisins var fagnað með skemmtunum og veitingum fyrir starfsfólk og með því að kynna sérstaklega fyrir almenningi þann einstaka mannauð sem fyrirtækið býr yfir með herferðinni „Fólkið okkar.“

Í byrjun október fluttu stoðsvið Bláa Lónsins í nýtt skrifstofuhúsnæði við Urriðaholtsstræti 2-4 í Garðabæ. Með flutningunum eykst skilvirkni stoðsviða með að vinna enn þéttar saman að því að stuðla að og ýta undir áframhaldandi vöxt og árangur félagsins. Um leið verð starfsstöðvar í Svartsengi betur nýttar til frekari verðmætasköpunar.

Á árinu fóru stjórnendur yfir ýmis gæðamál. Ferlar mannauðsmála voru rýndir og uppfærðir í takt við breyttar áherslur eftir COVID-19. Tíðni snerpusamtala var aukin

þannig að hver starfsmaður hittir nú sinn stjórnanda oftast til að ræða frammistöðu og markmið. Þannig gefst rými til að byggja upp sálfræðilegt öryggi á vinnustaðnum. Jafnframt var unnið meira með viðverusamtöl og stuðst við Bradford-kvarðann til að meta þörf á samtölum. Velliðan starfsfólks og heilsa skiptir miklu máli og því er mikilvægt að hlúa að fólki þegar á því er þörf. Stuðningur á vinnustaðnum getur haft mikil og jákvæð áhrif þegar erfiðleikar steðja að.

Unnið var að aukinni nýtingu á ráðningarkerfinu svo ráðningarferillinn og móttaka nýliða yrði sjálfvirkari og ráðningarnar skilvirkari, um leið og móttaka nýliða og innleiðing þeirra í starf verði árangursríkari. Eins var Mentor-kerfi útbúið og innleitt til að fylgja eftir nýliðaþjálfun starfsfólks með faglegum hætti. Þá er unnið eftir svokölluðum GÁT-listum fyrir fyrstu 90 daga í starfi, til að nýr starfsmaður fái þá þjálfun á starfsstöð og þær upplýsingar sem þarf til þess að sinna nýju starfi hjá Bláa Lóninu. Boðið var upp grunnnámskeið leiðbeinenda í staðkennslu með reglulegum hætti yfir árið þar sem leiðbeinendur fengu upplýsingar um hlutverkið, ferilinn og þjálfun í að þjálfa á starfsstöð.

Bláa Lónið tók afgerandi skref í stafrænni vegferð. POWER BI hugbúnaður var byggður upp og innleiddur til að geta betur greint og nýtt mannauðsupplýsingar til að styðja við starfsfólkið og árangur félagsins. Kerfið—ásamt niðurstöðum vinnustaðamælinga—veitir t.d. góða innsýn í hvernig álag hefur áhrif á starfsfólk og hvort að þær aðgerðir sem ráðist er í skili árangri.

Tengingar milli mannauðskerfa voru bættar svo upplýsingar flæði betur á milli kerfa. Bætt upplýsingaflæði á milli kerfa eykur vinnsluhraða þar sem það dregur úr handavinnu og þar með villuhættu.

Unnið var að betri nýtingu MyTimePlan vinnutímaskráningarkerfisins til að auka sjálfvirkni þess. Kerfið auðveldar stjórnendum að áætla mannafla fram í tímann til að tryggja rétta mönnun á vöktum. Unnið var að undirbúningi innleiðingar óskavaktakerfis þar sem starfsfólk í vaktavinnu hefur tækifæri til að velja vaktaskipulag sem hentar þeim hverju sinni.

Fjölbreytileiki og jafnrétti


Bláa Lónið fagnar fjölbreytileikanum og jafnrétti og vinnur sífellt að því að koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Í ráðningum hjá félaginu er leitast við að jafna kynjahlutföll á sama tíma og leitast er við að ráða hæfustu einstaklingana í hvert sinn. Á árinu hlaut Bláa Lónið hvatningarverðlaun Jafnréttisvogar FKA en þau eru veitt fyrirtækjum sem vinna að því að jafna hlutföll í efstu stjórnunarlægum sínum.

Bláa Lónið er alþjóðlegur vinnustaður og meðal starfsfólks eru einstaklingar af 40 þjóðernum. Fjölbreytileikinn gerir upplifun gesta betri þar sem starfsfólk er hvatt til að koma með ferskar hugmyndir sem styðja við starfsemina. Ávallt er unnið að því að nýta hæfileika starfsfólks sem best og fyrirtækið metur fjölbreytileika þess sem gríðarleg verðmæti. Bláa Lónið var eitt af fyrstu stórfyrirtækjum á Íslandi til þess að hljóta jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85, en það fékk fyrst jafnlaunavottun árið 2018. Rík áhersla er lögð á að samræmis sé gætt þvert á fyrirtækið

og að greidd séu sömu laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum örökstuddum viðmiðum.

Fyrirtækið fór í gegnum sína fimmtu úttekt á jafnlaunakerfinu í lok ársins og stóðst úttektina með glæsibrag, án fráviks eða athugasemda. Niðurstaða launagrein-ingarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 0,6% körlum í vil. Skýringarhlutfallið var 96,2% sem gefur sterklega til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvörðanir skýra raunverulega launamyndun í fyrirtækinu. Upplýsingar um jafnlaunavottun sem og jafnlaunakerfi Bláa Lónsins eru kynntar starfsmönnum félagsins í rafrænni fræðslu sem og í nýliðafræðslu. Stjórnendur hafa aðgang að stjórnendahandbók um jafnlaunavottun og jafnlaunakerfi félagsins í rafrænu Bláa Lóns Akadémíunni.



Þjálfun og fræðsla

Bláa Lónið leggur áherslu á að allt starfsfólk sækir sér símenntun til að efla sig í starfi.

Bláa Lónið er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í þjálfun, fræðslu og starfsþróun starfsfólks. Þjálfun og þróun er ávallt í takt við markmið, gildi og tilgang fyrirtækisins. Árið 2022 var enn frekari áhersla á að greina þjálfunarpörf. Unnið var með kannanir, vinnustofur, rýnihópa og fundi milli fulltrúa í þverfaglegu fræðsluráði félagsins með reglulegum hætti yfir árið en niðurstaða þeirrar þarfagreiningar mótaði dagskrá og áherslur í fræðsluefni. Bláa Lónið hefur unnið markvisst að því að mæta þörfum ólíkra hópa innan fyrirtækisins með það fyrir augum að allt starfsfólk hafi tækifæri til starfsþróunar. Í lok ársins var sett á stofn fagråd fjölmennings sem starfsfólki gefst kostur á að taka þátt í. Bláa Lónið leggur áherslu á að allt starfsfólk sækir sér símenntun af einhverju tagi til þess að efla sig í starfi, en auk þess hefur aukin símenntun jákvæð áhrif á starfsánægju og stuðlar að lægri starfsmannaveltu.

Í könnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk félagsins á árinu kom í ljós að 70% starfsfólks upplifði hvatningu frá sínum yfirmanni til starfsþróunar, en alls voru skráðar 1837 þátttökur í staðkennslu á vegum fyrirtækisins á árinu. Áfram var unnið með blandaðar aðferðir við miðlun fræðsluefnis, staðbundna fræðslu sem og stafræna. Stærsti hluti fræðslunnar fór fram í staðkennslu en boðið var upp á upptöku flestra einstakra erinda fyrir þá sem ekki höfðu færi á að mæta.

Á árinu voru haldin yfir 220 fjölbreytt námskeið, erindi og vinnustofur undir nafni Bláa Lóns akademíunnar. Helst ber að nefna starfsdag með öllu starfsfólki og vinnustofur með framkvæmdastjórn.

Í framhaldinu var starfsdeginum fylgt eftir með fjölbreyttum erindum og vinnustofum í takt við nýtt leiðarljós, *Wellbeing for People and Planet*. Í vinnustofum undir yfirskriftinni *Wellbeing for Planet* gafst starfsfólki kostur á að kynna áherslum umhverfismála fyrirtækisins og taka þátt í að móta nýjar hugmyndir. Þar að auki var unnið með hugmyndir starfsfólks um hvernig mætti enn frekar efla heilsu og auka vellíðan í starfi. Eins var boðið upp á margvísleg fræðsluerindi í takt við hið nýja leiðarljós og gildi, og má þar nefna hinsegin fræðslu, fræðslu gegn ofbeldi og áreitni, fræðslu um birtingarmyndir og bjargráð gegn streitu, auk fræðslu um heilsusamlegan lífstíl og næringu, svo eitthvað sé nefnt.

Nýtt leiðarljós og nýtt gildi urðu að föstum lið í nýliðafræðslu alls nýs starfsfólks auk þess sem nýliðaþjálfun ætluð starfsfólki í framlínu varð umfangsmeiri; allir framlínustarfsmenn ljúka nú staðkennslu meðal annars í þjónustu, vörubekkingu og menningarlausu, í viðbót við hefðbundna þjálfun á starfsstöð og aðra fræðslu í staðkennsluformi. Þverfaglegur hópur stafrænna leiðtoga fékk sérstaka þjálfun í stafrænni vegferð fyrirtækisins og luku alls 12 námskeiðum í stafrænni færni. Á árinu voru erlendir fyrirlesarar og sérfræðingar fengnir til að halda einstök námskeið og ráðgjöf er varðaði sérþekkingu á borð við sölu, þjónustu hótela og leiðtogahæfni. Þá var lögð áhersla á áframhaldandi leiðtogaþjálfun stjórnenda í þeim tilgangi að styðja við og efla leiðtoga félagsins enn frekar auk námskeiða í samræmi við arftakaáætlun.

Á árinu bauð Bláa Lónið upp á markþjálfun og almenna námsráðgjöf á vinnutíma til að

styrkja starfsfólk til starfsþróunar. Starfsfólki stóð til boða að sækja starfstengd námskeið hjá Opna Háskólanum í Reykjavík sér að kostnaðarlausu. Fjölmargin starfsfólk sótti íslenskunámskeið hjá fyrirtæki að eigin vali endurgjaldslaust. Á milli jóla og nýárs stóð starfsfólki ennfremur til boða að senda börnin sín á tækninámskeið. Bláa Lónið stefnir að því að halda áfram að bjóða upp á nýja og spennandi valkosti í fræðslu og starfsþróun og stuðla þannig að aukinni ánægju í starfi í takt við nýtt leiðarljós, *Wellbeing for People and Planet*.

Bláa Lónið er Menntafyrirtæki ársins 2023

Á Degi atvinnulífsins þann 14. febrúar var Bláa Lónið valið "Menntafyrirtæki ársins 2023" af Samtökum atvinnulífsins, en verðlaunin eru veitt fyrirtækjum sem skara fram úr í mennta- og fræðslumálum. Í rökstuðningi SA við afhendinguna sagði meðal annars: "Bláa Lónið sýnir með fræðsluáætlun, mælikvörðum og mælingum að árangur fræðslustarfs er mikill og góður. Þátttaka er með miklum ágætum enda fjölbreyttar fræðsluleiðir í boði, námskeið, rafræn námskeið, fræðsla með Bláa Lóns fræðslumyndböndum og í Bláa Lóns akademíu, auk námskeiða hjá fræðsluaðilum utanhúss."

220

Námskeið



Öryggi og heilsa

Öryggi og vellíðan gesta og starfsfólks Bláa Lónsins er ávallt í fyrirrúmi.

Öryggi og vellíðan gesta og starfsfólks Bláa Lónsins er ávallt í fyrirrúmi í starfsemi fyrirtækisins. Þess vegna er hvatt til áhættumiðaðrar nálgunar í hvívetna til að skapa öruggan vinnustað og heilbriggt starfsumhverfi. Stöðugt er unnið að því að byggja upp menningu innan fyrirtækisins þar sem öryggi er í algerum forgangi án málamiðlana.

Það er mikilvægt að skilja einstakt umhverfi Bláa Lónsins og þær hættur sem því kunna að fylgja. Til að hafa fulla yfirsýn og sem bestan skilning á aðstæðum framkvæmir Bláa Lónið heildrænt áhættumat, bæði fyrir veru gesta á staðnum og fyrir starfsfólk. Viðeigandi eftirlitsráðstafanir eru gerðar til að lágmarka hættu á atvikum og þeim er skýrt komið á framfæri innan fyrirtækisins sem og til gesta. Þessar aðgerðir endurspeglast í hönnun og skipulagi upplifunarsvæða, þjálfun starfsmanna, öryggisreglum og upplýsingum til gesta.

Sérstakt tilkynningakerfi fyrir atvik sem koma upp er til staðar innan Bláa Lónsins



og er það aðgengilegt öllum starfsmönnum. Þar er gögnum safnað um hættulegar aðstæður, tilvik þar sem óhöpp áttu sér næstum stað og frávik frá hefðbundnum og eðlilegum ferlum. Fylgst er með öllum tilkynningum atvika, grunnorsök þeirra greind og úrbótaaðgerðir gerðar í kjölfarið til að koma í veg fyrir eða draga úr möguleikum á endurtekningu atvika.

Til að tryggja skilvirk viðbrögð í neyð er mikilvægt að neyðaráætlanir séu uppfærðar reglulega með tilliti til rekstursins og einnig að þær séu aðgengilegar og innleiddar þannig að þekking starfsfólks á þeim sé tryggð. Miðlægt viðbragð er tryggt með kerfisbundnu eftirliti og sólarhringsvöktun, þar sem öryggi er óaðskiljanlegur hluti af daglegum rekstri allra eininga. Á opnunartíma baðlóna Bláa Lónsins sér teymi vel þjálfðra gæslumanna um eftirlit með öryggi lónsgesta.

Heilsa og öryggi í starfi

Andleg og líkamleg heilsa er grundvöllur lífsgæða og vellíðunar. Í samræmi við nýtt

leiðarljós Bláa Lónsins, *Wellbeing for People and Planet*, hefur fyrirtækið fjölgað valkostum sem starfsfólkinu standa til boða til að byggja upp og viðhalda góðri heilsu.

Meðal þess sem starfsfólkinu býðst er aðgangur að líkamsræktarstöðvum án endurgjalds, viðtöl hjá sálfræðingi og lækni fyrirtækisins, heilsufarsskoðanir og bólu-setningar gegn influensu.

Með því að tryggja starfsfólki Bláa Lónsins góðar og heilsusamlegar vinnuaðstæður eykur fyrirtækið starfsánægju, sem endurspeglast í góðri upplifun gesta. Allt vinnusvæði er hannað með öryggi og heilsu starfsfólks í huga og með virku samtali við starfsfólkið er stöðugt leitað leiða til að bæta starfsumhverfi þeirra. Þá er mötuneytið hannað með það fyrir augum að skapa þægilegt og afslappað andrúmsloft um leið og ávallt er boðið er upp á fjölbreyttan og næringarríkan mat.

Óhöpp

Meginorsök óhappa sem urðu hjá Bláa Lóninu á árinu 2022, bæði hvað varðar gesti og starfsfólk, snýr að meiðslum sem urðu á hálu undirlagi, t.a.m. vegna bleytu eða ísingar. Með tilliti til síbreytilegs umhverfis, ekki síst að því er varðar veðurfar á Íslandi, er fyrirtækið stöðugt á verði vegna þessarar tilteknu áhættu og gripið er til ráðstafana hvenær sem þörf er á til að draga úr líkum á að óhöpp endurtaki sig.

Óviðráðanleg atvik

Heimsfaraldur einkenndi áfram fyrstu mánuði ársins ásamt jarðhræringum og veðurviðvörðunum. Þegar sóttvarnaraðgerðum var aflétt í lok febrúar sat eftir mikil-



vægur lærdómur og hefur Bláa Lónið í kjölfarið tileinkað sér nýjar venjur varðandi persónubundnar sóttvarnir innan fyrirtækisins.

Jarðhræringar voru viðvarandi á Reykjanesi hluta úr ári með tilheyrandi óvissu fyrir gesti og starfsfólk. Neyðaráætlanir voru yfirfarnar og starfsfólki veitt fræðsla og viðeigandi hlutverkum í rýmingaráætlun var úthlutað og þau æfð. Gott samráð var haft við stjórnvöld, viðbragðs- og hagaðila á svæðinu á óvissustigi og í kjölfar þess að eldgos hófst í byrjun ágúst. Lögð var áhersla á að halda starfsfólki og gestum vel upplýstum um stöðu mála í hvívetna.

Í lok árs voru haldnar verklegar æfingar þar sem æfð voru viðbrögð við rýmingu vegna eldgoss og svo leit og björgun í lóni. 140 starfsmenn tóku þátt með góðum árangri og mikilvægum lærdómi.

Óveður einkenndi lok árs með tilheyrandi áskorunum fyrir reksturinn.

A woman with long dark hair, wearing a beige trench coat, white pants, and black boots, stands on a rocky shore. She is holding a professional camera with a large lens up to her eye, taking a photograph. The background features a calm body of water, a rocky coastline, and a sky filled with soft, white clouds. The overall mood is serene and artistic.

Sjálfbærni

06

Vegferð Bláa Lónsins að sjálfbærni

Alveg frá því að fyrsta lónið myndaðist í Svartsengi varð mönnum ljóst að huga þurfti vel að umhverfismálum.

Alveg frá því að fyrsta lónið myndaðist í Svartsengi varð mönnum ljóst að huga þurfti vel að umhverfismálum og verndun einstakrar náttúru svæðisins. Einnig leituðu menn á þeim tíma í gamla hugsjón sem hefur fylgt Íslendingum í gegnum aldirnar en það er hagnýtni—að nýta þá hluti og þær auðlindir sem fáanlegar voru til hagsbóta fyrir samfélagið. Ekkert fór til spillis, allt var nýtt og endurnýtt til fullnustu. Þannig var horft til þeirra tækifæra sem fólust í myndun þessa lóns í stað þess að horfa á það sem vandamál sem þyrfti að losna við.


Allar götur síðan hefur Bláa Lónið fylgt þessari hugsjón í allri sinni starfsemi og þróun á upplifunarsvæðum, þjónustu og vörum. Bláa Lónið tilheyrir einnig Auðlinda-garðinum sem er samansafn fyrirtækja á

Reykjanesi sem fjölnýta auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku í sínum rekstri og eru með sameiginlega áherslu á að mynda samfélag án sóunar.

Í gegnum árin hefur Bláa Lónið aðlagð sig að þeim stefnum og straumum sem snúa að sjálfbærni og er á vegferð í að hámarka sjálfbærni félagsins með því að lágmarka umhverfisleg áhrif þess ásamt því að skapa félagslegan og efnahagslegan ávinning fyrir nærsamfélagið. Þessari vegferð verður aldrei lokið og stöðugt er leitast við að finna nýjar leiðir til að ná betra jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta, um leið og komið er til móts við þarfir hagaðila fyrirtækisins með samvinnu og samstöðu.



Wellbeing for People and Planet
Leiðarljós Bláa Lónsins má lýsa með neðangreindum hætti:



Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins stuðlar að sjálfbærni starfseminnar og umhverfisins til framtíðar.



Bláa Lónið leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð (CSR) og hefur í gegnum árin innleitt fjölda verkefna til að samþætta samfélags- og umhverfissjónarmið inn í starfsemi sína. Þar má nefna verkefni eins og frekari fjölnýting jarðsjávar, verndun náttúrunnar og uppbygging áfangastaða, fræðsla og þjálfun, jafnrétti kynjanna, stuðningur og þátttaka í mikilvægum samfélagslegum verkefnum sem stuðla öll að því að styrkja samfélagslegar stoðir og tryggja jákvæðan vöxt samfélagsins samhliða vexti Bláa Lónsins.

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins endurspeglar skuldbindingu félagsins um umhverfisvernd, félagslegan stuðning og siðferðilega viðskiptahætti; skuldbinding sem gagnast ekki einungis hagaðilum félagsins heldur stuðlar einnig að sjálfbærni starfseminnar og umhverfisins til framtíðar.

Viðmiðunarstaðall ISO 26000

Leiðbeiningar ISO 26000 staðalsins eru mikilvægt viðmið og tæki til að innleiða ferla sem miða að samfélagsábyrgð í stjórnkerfi og stefnumótun Bláa Lónsins. Staðallinn leiðbeinir fyrirtækjum, allt frá hugmynd til aðgerða, hvernig best er að meta núverandi aðstæður og vinna í framhaldinu að umbótum og aukinni samfélagslegri ábyrgð. Bláa Lónið studdist við ISO 26000 við endurhönnun stjórnkerfis fyrirtækisins og hlakkar til að virkja samfélagslega ábyrgð í öllum sínum starfseiningum með hjálp 7. kafla ISO 26000 staðalsins.

Vinnuhópur í samfélagsábyrgð

Frá árinu 2019 hefur þverfaglegur vinnuhópur starfað innan Bláa Lónsins sem heldur utan um málefni er lúta að samfélagslegri ábyrgð. Markmið vinnuhópsins er að innleiða samfélagsábyrgð í öllum starfseiningum fyrirtækisins, jafnframt því sem hópurinn leitast við að bæta frammistöðu fyrirtækisins á vettvangi málefna sem snúa að samfélagi og umhverfistengdum þáttum. Stefnumál hópsins, viðfangsefni og markmið eru endurmetin og mótuð árlega en hópurinn sjálfur hittist vikulega. Markmið hópsins er að færa Bláa Lónið sífellt nær sjálfbærni.



Markmið í sjálfbærni

Markmið 2022	Árangur 2022	Markmið 2023	Langtíma markmið
Innleiðing á nýju ferli fyrir samfélagsstyrki	Verkefni í bið vegna skipulagsbreytinga	Yfirfara ferli og hefja innleiðingu	Samfélagsstyrkir í fullu samræmi við áherslur fyrirtækisins
Auka þátttöku starfsfólks í samfélagsverkefnum	Ný námskeið um sjálfbærni og könnun meðal hagaðila	Innleiða fleiri sjálfbærni-verkefni meðal starfsfólks	Samfélagsábyrgð er órjúfalegur hluti af menningu Bláa Lónsins
Gera ítarlegri greiningu hagaðila	Frábær þátttaka hagaðila með 740+ endurgjöfum	Skoða niðurstöður og upplýsa hagaðila	Virk samskipti við alla helstu hagaðila fyrirtækisins
Hefja innleiðingu á ISO 26000	Verkefni í bið vegna breytinga í forgangs-röðun verkefna	Fara yfir skilmála og vinna að innleiðingu	Stjórnkerfi Bláa Lónsins starfar eftir ISO 26000 leiðbeiningum
Gefa út sjálfbærnisráðgjafir sem inniheldur heimsmarkmið SP	Umbætur samþættar fyrir sjálfbærnisráðgjafir 2022, með nýjum almennum GRI stöðlum	Hafa skýrslu í samræmi við nýjar skorður	Aðgengileg skýrsla sem útskýrir ítarlega samfélagsábyrgð og sjálfbærni Bláa Lónsins
Tengja markmið fyrirtækisins við heimsmarkmið SP	Framlag Bláa Lónsins gegnum starfsemina til heimsmarkmiða skilgreint	Nota stjórnendatæki heimsmarkmiða til að meta áhrif	Full innleiðing heimsmarkmiða í allri starfsemi og markmiðasetningu fyrirtækisins
Framkvæma áhrifamat fyrir B-Corp vottun, sem er alþjóðlega viðurkennd einkunn í samfélagsábyrgð	Áhrifamati lokið og B-Corp ferli hafið	Ljúka ferli og tryggja B-Corp vottun	Að vera B-Corp vottað félag

Árið 2022 lagði vinnuhópurinn mat á samfélags- og umhverfisáhrif Bláa Lónsins og nýtti til þess forrit sem kallast B Impact Assessment. Forrit þetta, sem nota má án endurgjalds, gerir fyrirtækjum kleift að mæla og bæta áhrif sín eins og þau birtast í eftirfarandi fimm þáttum: samfélag, viðskiptavinir, umhverfi, stjórnarhættir og starfsfólk. Að auki var hlustað á helstu hagaðila og álit þeirra metið inn í frekari þróun á samfélagsskýrslu félagsins fyrir komandi ár.

Tíu grundvallarviðmið UN Global Compact

Frá árinu 2018 hefur Bláa Lónið horft til grundvallarviðmiða Global Compact verkefnis Sameinuðu þjóðanna við mótnu stefnu, setningu markmiða og verklags, sérstaklega með tilliti til samfélagslegrar ábyrgðar. Fyrirtæki gegna almennt mikilvægu hlutverki við að tryggja almenn mannréttindi á vinnumarkaði, umhverfisvernd og baráttuna gegn spillingu og er Bláa Lónið þar engin undantekning.

Bláa Lónið starfar samkvæmt þessum viðmiðum eins og sjá má í töflunni hér á næstu síðu.

Almenn mannréttindi

Bláa Lónið býr að sterkri íslenskri vinnu-löggjöf þar sem rík áhersla er lögð á mannréttindi. Virðing fyrir manneskjunn og náttúrunni eru í forgrunni í öllum verkefnum sem ráðist er í hjá fyrirtækinu í takt við leiðarljós þess, *Wellbeing for People and Planet*. Unnið er samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 ásamt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018. Þá er lögð áhersla á að allt starfsfólk eigi rétt á að vinna í öruggu vinnuumhverfi sem er laust við hvers kyns ofbeldi, einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og einelti. Allt starfsfólk fyrirtækisins fær sömu tækifæri til starfsþróunar og að nýta sér fjölmörg hlunnindi sem eru í boði fyrir starfsfólk. Þar má nefna fræðslu og þjálfun, ferðir til og frá vinnu, líkamsræktarstyrki og fæði sem eingöngu er greitt lágmarksgjald fyrir.

10 Grundvallarviðmið UN Global Compact

Mannréttindi

- Regla 1:**
Fyrirtæki eiga að styðja og virða verndun alþjóðlega viðurkenndra mannréttinda.
- Regla 2:**
Tryggja ber að fyrirtæki komi ekki á neinn hátt að mannréttindabrotum.

Aðalstefna Bláa Lónsins er siðferðilegur hornsteinn rekstrar- og stjórnarhátt félagsins. Þar er að finna kjarna af þeim fimm stefnuþáttum sem tiltaka umhverfismál, heilsu og öryggi, mannauð, gæði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Vinnuafli

- Regla 3:**
Fyrirtæki eiga að standa vörð um félagafrelsi og viðurkenna réttinn til kjarasamninga.
- Regla 4:**
Afnám hvers kyns nauðungar- og skylduvinnu.
- Regla 5:**
Algert afnám barnaþrælkunar.
- Regla 6:**
Afnám mismununar er varðar starf og stöðu.

Bláa Lónið hugar stöðugt að starfsfólki fyrir-tækisins. Í mannauðsstefnu félagsins er lögð áhersla á umhyggju fyrir heilsu og vellíðan, jafnrétti, réttmætar ráðningaraðferðir, faglega þjálfun og þróun í starfi, og sterka teymis-menningu sem byggir á gildum Bláa Lónsins.

Umhverfi

- Regla 7:**
Fyrirtæki ættu að viðhafa varúð í nálgun sinni á verkefni sem snúa að umhverfinu.
- Regla 8:**
Fyrirtæki ættu að leggja sitt af mörkum til að stuðla að aukinni umhverfisábyrgð.
- Regla 9:**
Fyrirtæki ættu að hvetja til þróunar og út-breiðslu umhverfisvænnar tækni.

„Samfélag án sóunar“ er kjörorð Bláa Lóns-ins og Auðlindagarðsins sem það tilheyrir. Í umhverfisstefnu félagsins eru skilgreind þrjú áherslusvið sem tengjast umhverfisábyrgð: sjálfbær, kolefnishlutlaus og plastlaus upplifun.

Gegn spillingu

- Regla 10:**
Fyrirtæki ættu að vinna gegn spillingu í allri sinni mynd, þar með talið fjárkúgun og mútur.
- Stefna Bláa Lónsins um samfélagsábyrgð miðar að því að tryggja siðferðileg rekstrarskil-yrði, að lagalegum kröfum sé ávallt fylgt og að tekið sé mið af alþjóðlegum viðmiðum. Félagið metur frammistöðu sína útfrá félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum starfseminnar á bæði nærsamfélagið og á alþjóðavísu.

Heimsmarkmiðin

Bláa Lónið leggur sitt af mörkum til að styðja við metnaðarfull heimsmarkmið.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni (SDG) voru samþykkt af fulltrú-um allra aðildarríkja SP í september 2015. Heimsmarkmiðin eru margvísleg og metn-aðarfull og krefjast þátttöku og samvinnu ólíkra hagaðila. Bláa Lónið leggur sitt af mörkum til að styðja við heimsmarkmiðin.

Ábyrgð og áhersla Bláa Lónsins í heims-markmiðum Sameinuðu þjóðanna
Framlag starfsfólks Bláa Lónsins er mikil-vægt við mótnun og þróun vegferðar fyrir-tækisins í átt að sjálfbærni. Skoðanir þeirra lögðu grunninn að forgangsriðun þeirra tilteknu heimsmarkmiða sem Bláa Lónið ætlar að leggja sérstaka áherslu á í vegferð sinni. Þrátt fyrir að öll markmiðin séu tvímælalaust mikilvæg á heimsvísu, voru neðangreind fimm markmið sett í forgang hjá fyrirtækinu og verður því lögð sérstök áhersla á þau á næstu árum.

Þjálfun fyrir allt starfsfólk Bláa Lónsins til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum
Árið 2022 efndi Bláa Lónið til sérstakrar þjálfunar fyrir allt starfsfólk í stafrænu

fræðslukerfi þess til að vekja athygli á sjálf-bærri þróun, öllum 17 heimsmarkmiðunum og sérstaklega þeim fimm markmiðum sem ákveðið var að veita forgang í rekstri Bláa Lónsins.

Sú fræðsla er hluti af þeirri stefnu sem innleidd var í Bláa lóninu árið 2020 þegar heimsmarkmiðin voru kynnt fyrir starfs-fólki á netinu og þeir svo beðnir um að raða þeim upp samkvæmt þeirra persónulega mati á því hvaða markmið þeim þóttu mikilvægust fyrir starfsemi Bláa Lónsins. Takmarkið fyrir árið 2022 var að komast að því hvaða fimm heimsmarkmið skipta fyr-irtækið mestu máli og til hvaða markmiða fyrirtækið getur lagt mest af mörkum.

Á árinu 2023 stefnir Bláa Lónið að því að meta niðurstöðurnar og miðla þeim í sam-ræmi við forgangsmarkmiðin fimm.



Heimsmarkmið	Lýsing	Áhersla
Markmið nr. 3 Góð heilsa og góð líðan	Tryggja heilbrigt líf og stuðla að vellíðan fyrir allan aldur	3.8
Markmið nr. 7 Hrein orka á viðráðanlegu verði	Tryggja aðgang að hagkvæmri, áreiðanlegri, sjálfbærri orku	7.2, 7.3
Markmið nr. 9 Iðnaður, nýsköpun og innviðir	Byggja upp sterka innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun	9.2, 9.3, 9.4, 9.5
Markmið nr. 12 Ábyrg neysla og framleiðsla	Tryggja sjálfbært neyslu- og framleiðslumynstur	12.1, 12.2, 12.3, 12.4, 12.5, 12.6, 12.7, 12.8
Markmið nr. 13 Loftslagsaðgerðir	Grípa til brýnna aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	13.1, 13.2, 13.3



Framlag Bláa Lónsins til heims- markmiða Sameinuðu þjóðanna



Velferð fyrir fólk og plánetuna

Kjarnastarfsemi okkar miðar að því að stuðla að bættri heilsu og vellíðan gesta okkar og viðskiptavina. Hluti starfsemi okkar er að bjóða upp á meðferðir fyrir þá sem eru með psoriasis. Húðvörur okkar eru afrakstur meira en 30 ára rannsókna- og þróunarstarfsemi og ein af húðvörulínum félagsins, DERMA, er ætlað þeim sem eru að glíma við húðkvilla.

Í Bláa Lóninu höfum við innleitt öryggisráðstafanir bæði fyrir starfsfólk okkar og gesti en einnig styðjum við margskonar heilsu- og velferðarverkefni til að vekja athygli á málefnum.



Orka

Við notum 100% endurnýjanlega orku frá jarðvarmaveri HS Orku. Mörgum verkefnum hefur verið ýtt úr vör á síðustu árum til að bæta orkunýtingu í tækjabúnaði og byggingum. Við stefnum að því að vekja í auknum mæli athygli á ábyrgri nýtingu orkuaðlinda um allan heim.



Sjálfbær rekstur

Starfsemi okkar byggir á vistfræðilegri hringrás jarðsjávarsins á Reykjanesskaga. Við tökum virkan þátt í átaksverkefnum í Reykjanes UNESCO Geopark til að bæta sjálfbæra innviði og styðja við starfsemi í nærumhverfi okkar. Við stuðlum að þróun og tækni til að skapa verðmæti fyrir svæðið.



Hringrásarhagkerfi

Við styðjum eindregið innleiðingu ábygrra viðmiða fyrir framleiðslu og neyslu. Þegar það er mögulegt öflum við aðfanga á staðnum eða frá nærsamfélaginu og við kaupum efni sem auðvelt er að endurnýta eða endurvinna. Þannig reynum við að lágmarka sóun og myndun úrgangs. Við störfum náið með öðrum aðilum á svæðinu til að stuðla að sjálfbærni og verndun náttúruauðlinda.



Loftslagsaðgerðir

Hjá Bláa Lóninu mælum við kolefnislosun okkar og vinnum markvisst að því að draga úr og jafna út kolefnisfótspor okkar. Við styðjum og eflum sjálfbærar samgöngur og vinnum að vitundarvakningu um loftslagsbreytingar bæði innan fyrirtækisins og utan þess.

Hagaðilagreining

Bláa Lónið leggur áherslu á að að auka vitund almennings og allra hagaðila um sjálfbærni.

Hagaðilagreining

Bláa Lónið setur samskipti og aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri þróun í forgang í samvinnu við helstu hagaðila. Til að viðhalda vexti og uppfylla samfélagslega ábyrgð félagsins er nauðsynlegt að upplýsa á virkan hátt um áhrif þess á umhverfið og koma þeim upplýsingum til hagaðila. Sem ábyrgur leiðtogi á sínu sviði hvetur Bláa Lónið til stöðugs samtals til að öðlast inn-sýn í starfsemi sína og sambönd, til að auka traust, miðla þekkingu og byggja upp betri framtíð fyrir okkur öll.

Skilgreining á hagaðila:


Hagaðilar eru einstaklingar eða hópar sem hafa hagsmuni sem eru eða gætu orðið fyrir áhrifum af starfsemi stofnunar. (GRI)

Hagaðilar Bláa Lónsins

Árið 2021 fór fram endurmat á helstu hagaðilum Bláa Lónsins, samkvæmt stöðlum Global Reporting Initiative (GRI) og ISO 26000 viðmiðum. Bláa Lónið leggur áherslu á að viðhalda góðum tengslum við helstu hagaðila sína og um leið á að auka vitund almennings um sjálfbærni og stuðla að auknum samskiptum og aðgerðum sem miða að sjálfbærri þróun.

Á árunum 2022-2023 var framkvæmd könnun meðal hagaðila til að fá nánari upplýsingar um margvísleg málefni sem tengjast umhverfisáhrifum félagsins. Þær upplýsingar sem var safnað gerðu Bláa Lóninu kleift að safna gögnum sem kynnt voru í framhaldinu í samfélagsskýrslu fyrirtækisins. Endurgjöf var safnað frá hverjum hópi hagaðila með spurningalista sem skilað var inn með nafnleynd, til að virða í senn tjáningarfrelsi og persónuvernd. Spurningalistinn var sendur út bæði á íslensku og ensku.





Könnun meðal hagaðila

Á árinu 2022 gerði Bláa Lónið í fyrsta skipti kannanir meðal hagaðila til að safna meginlegum og eigindlegum upplýsingum með spurningalista sem sendur var út til hinna ýmsu hópa hagaðila félagsins. Hóparnir voru valdir eftir hagsmunum og áhrifum þeirra á starfsemi fyrirtækisins. Tilgangur þessa var að vekja athygli á og bæta sjálfbærni í starfsemi félagsins í samræmi við leiðarljósið „Wellbeing for People and Planet“ með því að kalla bæði eftir jákvæðum og neikvæðum viðbrögðum. Kannanirnar heppnuðust mjög vel þar sem meira en 740 svör bárust.

Niðurstöður


Í þessum könnunum fengu hagaðilar lista yfir viðeigandi málefni sem varða umhverfisáhrif félagsins. Voru þeir beðnir um að leggja mat, annars vegar á mikilvægi hvers málefnis og eins að gefa til kynna hvaða málefni þeir kysu helst í efnahagslegu, umhverfislegu og félagslegu tilliti.

Hagaðilar samþykktu eftirfarandi lista yfir málefni sem mikilvæg, með meðaltal yfir 4 (á skala frá 1 til 6).

740
svör bárust

Efnahagsleg málefni	Umhverfisleg málefni	Félagsleg málefni
· Efnahagsleg og fjárhagsleg afkoma · Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið · Aðgerðir gegn spillingu og gegn samkeppnishömlum · Skattlagning · Öflun og nýting á auðlindum · Viðskipti við nærsamfélagið	· Orkuskilvirkni · Vatnsnotkun · Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika · Útblástur og loftslagsbreytingar · Endurvinnsla úrgangs · Minnkun einnota plasts	· Atvinna og fyrirtækjamenning · Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta · Þjálfun og menntun · Fjölbreytni og jöfn tækifæri · Mannréttindi · Stuðningur við nærsamfélagið · Frelsi til félagasamtaka og kjarasamningagerðar · Barnaþrælkun og nauðungarvinna · Jafnræði

Forgangsroðun málefna samkvæmt hagaðilum



Mikilvægustu málefnið að mati hagaðila:

- 1. Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta
- 2. Óbein efnahagsleg áhrif á samfélagið
- 3. Losun og loftslagsbreytingar
- 4. Jöfn samkeppni og gegn spillingu
- 5. Draga úr notkun á einnota plasti
- 6. Innkaup í nærsamfélaginu
- 7. Efnahagsleg frammistaða
- 8. Mannréttindi
- 9. Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika
- 10. Endurvinnsla úrgangsefna

Vitneskja og mat hagaðila á sjálfbærni og starfsemi Bláa Lónsins

Á heildina litið sýndu niðurstöður könnunarinnar að hagaðilar Bláa Lónsins þekkja mjög vel til (meira en 95% að meðaltali) þegar kemur að sjálfbærni sem hugtaki (t.d. samfélagsábyrgð fyrirtækja, samfélagstengdir þættir (ESG), sjálfbær þróun, kolefnishlutleysi o.s.frv.). Fyrir þá sem sögðust þekkja síður til þessara þátta, lagði félagið til stutta kynningu á efninu til að gera þeim kleift að skilja betur aðrar spurningar könnunarinnar.

Þá kom fram að allir hagaðilar líta á starfsemi Bláa Lónsins sem sjálfbæra í sambandi við hugtakið sjálfbærni, eða að meðaltali rúmlega 4 af hverjum 5.

Hagaðilar	Þekkja til hugtaksins “sjálfbærni”	Meta Bláa Lónið sjálfbært (á skalanum 1-5)
Starfsfólk	100%	4.3
Viðskiptavinir og gestir - Ísland	89%	3.8
Erlendir viðskiptavinir og gestir	96%	4.4
Sölu- og umboðsaðilar	92%	3.7
Birgjar og verktakar	100%	4.3

Stöðugar umbætur

Bláa Lónið leitar stöðugt leiða til umbóta og í gegnum framangreinda könnun fékk félagið mikið af hagnýtum ábendingum, frábærum hugmyndum, atriðum sem vert er að skoða og almenn umræðuefni:

Fleiri möguleika til að kynna sér á staðnum verkefni sem Bláa Lónið er að sinna á hverjum tíma varðandi umhverfi og samfélag

Ná 100% plastlausri starfsemi hvar sem henni hefur enn ekki verið náð

Gera fólk meðvitaðra um eigin áhrif og hvað við hjá Bláa Lóninu gerum til að styðja það í hegðun sinni

Veita ferðamönnum sem koma umhverfisfræðslu og reyna að vinna eins mikið og mögulegt er með ferðaþjónustuaðilum í nærsamfélaginu

Fjölga verkefnum á sviði sjálfbærni og auðlindanýtingu í samvinnu við nærsamfélagið

Halda áfram að rannsaka vísindi húðumhirðu þar sem Bláa Lónið stefnir hraðbyri að því að verða leiðandi á því sviði

Útrýma einnota plasti og beina sjónum að heilsu starfsmanna

Auka tengsl við nærsamfélög, háskóla og skóla til að stuðla að heilbrigðu lífi og umhverfisvitund frekar

Áhersla á að varðveita nærumhverfið. Auka sýnileika sem samfélagslega ábyrgt fyrirtæki á heimamarkaði

Sýna hvernig má bjóða upp á náttúrulegan lúxus og ánægju en fylgja samt ströngustu viðmiðum varðandi umgengni við umhverfið og samfélagið, og hvernig þetta tvennt fer saman

Viðhalda háum kröfum um öryggi gesta og starfsmanna, styðja við nærsamfélagið, deila reynslu sem veitt gæti öðrum innblástur

Fjárfesta í menntun, auka meðvitund um sjálfbærni

Áhersla á sjálfbærni vatns og að vernda íslenskt umhverfi gegn mengun

Auka vitund um sjálfbærni og hvað Bláa Lónið gerir á þessu sviði, eins og hvernig við hreinsum, endurnýtum vatn og hlúum að líffræðilegum fjölbreytileika í umhverfinu

Auka aðgengi almennings að upplýsingum um verkefni sem Bláa Lónið ræðst í á sviði sjálfbærni

Veita fræðslu um sjálfbærni jarðhita

Vera frumkvöðull í að móta umhverfisvitund erlendra ferðamanna - bæði í framboði á vörum og þjónustu

Stuðla að jafnrétti óháð kyni, þjóðerni eða öðrum félagslegum þáttum



Og svo má lengi telja.

Efnahagsleg áhrif

07

Efnahagsleg áhrif

Bláa Lónið leggur áherslu á að stunda viðskipti sem skapa sameiginleg verðmæti meðal hagaðila.



Áhrif COVID-19 á rekstur Bláa Lónsins voru ennþá mikil á árinu 2022. Rekstri á starfsstöðvum félagsins voru mikil takmörk sett vegna lokana og fjöldatakmarkana frá upphafi árs og fram á vormánuði en eftir því sem leið á árið færðist reksturinn nær eðlilegu horfi. Þrátt fyrir það varð jákvæður viðsnúningur á Bláa Lónsins frá árinu áður og er fjárhagsstaða félagsins sterk.

Skattspor félagsins nam 3,7 milljörðum króna á árinu 2022. Skattsporið felur í sér alla greidda skatta og gjöld til ríkis og sveitafélaga. Aukning ársverka hjá félaginu frá fyrra ári endurspeglar einnig þann mikla viðsnúning í rekstri sem varð á árinu en meðalfjöldi ársverka árið 2022 var 589, en 396 árið á undan.


Bláa Lónið leggur áherslu á að stunda viðskipti sem skapa sameiginleg verðmæti meðal hagaðila, sérstaklega nærsamfélagsins. Þessari nálgun fylgir margvíslegur ávinningur. Með því að kaupa ferskafurðir frá nærliggjandi birgjum eru gæðin tryggð á sama tíma og stuðlað er að staðbundinni þróun og öruggara aðgengi afurða. Einnig dregur það úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna styttri flutningsleiða og minni innpökkunar til að tryggja gæði vöru. Allt spilar þetta saman í að geta boðið viðskiptavinum Bláa Lónsins umhverfisvænni hágæða vörur úr heimahögum nærsamfélagsins, öllum til hagsbóta.

Virðisauki
Bláa Lónið skapar sameiginleg verðmæti fyrir samfélagið en hagræn áhrif þess eru mikil hvort sem litið er til þjóðarþúsins almennt eða nærsamfélagsins sérstaklega.

Á síðasta ári nam efnahagslegt framlag félagsins 86% af veltu þess eða sem nemur 13,5 milljörðum króna.

Ársreikningur 2022
Skoða má endurskoðaðan samstæðureikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2022 með því að smella á meðfylgjandi tengil:
[Samfélagsskýrsla Bláa Lónsins 2022](#)

Efnahagsleg verðmæti



Velta

€111.571.122

EBITDA

€26.077.891

Afkoma eftir skatta

€13.480.483


Eigið fé

€74.260.814


Handbært fé

€30.817.934


Eigið fé



EBITDA



Skattspor



Sjálfbærni í innkaupum

Við val á birgjum og verktökum er lögð áhersla á hagkvæm og vistvæn viðskiptasambönd í nærsamfélagi félagsins.

Bláa Lónið stuðlar að ábyrgum viðskipta-háttum og innkaupum á vörum og þjónustu. Við val á birgjum og verktökum er lögð áhersla á hagkvæm og vistvæn viðskipta-sambönd í nærsamfélagi félagsins. Félagið hefur sett sér stefnu með áherslu á sjálfbærni í innkaupum og skýrar innkaupareglur til að fylgja því eftir. Innan fyrirtækisins starfar teymi innkaupafulltrúa sem hittast reglulega og rýna í stefnuna, reglurnar og hagræðingu í innkaupum. Teymið framkvæmir einnig árlegt birgja- og verktakamat út frá eftirfarandi þáttum:

- Mikilvægi fyrir rekstur
- Fjöldi og alvarleiki frávika
- Kostnaður
- Gæði vöru/þjónustu
- Afhendingartími
- Öryggi og heilsa
- Umhverfi
- Ímynd

Staðsetning helstu birgja og verk-taka Bláa Lónsins á Íslandi:



Matið skilar einkunn fyrir hvern birgja eða verktaka sem ræður því hvort áfram séu stunduð viðskipti við viðkomandi. Ef matið skilar lágrí einkunn er leitað leiða til að bæta úr því með viðkomandi.

Jákvæð áhrif af rekstri Bláa Lónsins eru mikil, hvort sem lítið er til samfélagsins í heild sinni eða til nærsamfélagsins sérstaklega. Bláa Lónið verslaði til að mynda vörur og þjónustu af birgjum og verktökum fyrir um 6,5 milljarða króna á síðasta ári. Um 72% af þeim viðskiptum áttu sér stað hjá íslenskum birgjum og verktökum og 4,68 milljarðar króna skiluðu sér þannig aftur inn í íslenskt hagkerfi. Ennfremur voru yfir 97% viðskipta við íslenska birgja og verktaka í innan við 80 km fjarlægð frá rekstri Bláa Lónsins í Svartsengi og þar af 22,5% innan Suðurnesja.

Markmið ársins 2022 var að auka viðskipti innan Suðurnesja að því marki að meira en 25% af innlendum viðskiptum færu fram innan þess svæðis. Markmiðið náðist ekki en hlutfallið jókst þó á milli ára, þar sem árið 2021 var hlutfallið um 19%.

Félagið vaktar stöðugt innkaup sín með áherslu á að auka þau innan Íslands og enn fremur innan 80 km frá rekstri og sérstaklega innan Suðurnesja. Þannig tryggir Bláa Lónið að nærsamfélagið njóti góðs af áframhaldandi vexti félagsins og eykur áreiðanleika í birgðum og sérhæfni í þjónustu til framtíðar. Með því að versla í nærsamfélaginu dregur Bláa Lónið einnig úr kolefnislosun vegna flutninga á vörum, stýttir biðtíma og einfaldar birgðastýringu.

Umhverfisleg áhrif

08

Umhverfisleg áhrif

Markmið Bláa Lónsins í umhverfismálum endurspeglast í umhverfisstefnu og sjálfbærnimálum félagsins.

Sjálfbær nýting auðlinda og verndun umhverfis til að tryggja lífsgæði komandi kynslóða haldast í hendur við verðmæta-sköpun og sjálfbæra þróun Bláa Lónsins. Bein tengsl manns og náttúru eru orðin sjaldgæf upplifun í annasömu daglegu lífi okkar. Bláa Lónið skapar þessar tengingar með einstakri upplifun í formi þjónustu á Íslandi og húðvörum um allan heim.

Markmið og umbótaverkefni í umhverfismálum
Markmið Bláa Lónsins í umhverfismálum endurspeglast í umhverfisstefnu og sjálfbærnimálum félagsins. Þar er sérstök áhersla lögð á að draga úr umhverfisþorpi fyrirtækisins m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda, plastnotkunar og aukinnar sjálfbærni í rekstri.

Allt frá stofnun Bláa Lónsins hefur verið rík áhersla á fjölnýtingu auðlindastrauma og að draga úr soun í rekstri félagsins. Visthringur jarðsjávar er einstakt dæmi um hvernig hægt er að fjölnýta auðlindastrauma á hagkvæman hátt í sátt við samfélag og náttúru. Þessi hugmyndafræði hefur fylgt félaginu allar götur síðan, s.s. í þróun á vörum og upplifunum félagsins og í markmiðasetningu félagsins til framtíðar.

Umhverfisáhrif eru áhættumetin og vöktuð eftir mikilvægi í umhverfisstjórnunarkerfi félagsins til að lágmarka umhverfisþor þess á bæði nær- og fjærumhverfið. Umhverfisstjórnunarkerfið er stöðugt uppfært og viðhaldið í samræmi við breytingar í rekstri og það er vottað samkvæmt ISO 14001 af BSI á Íslandi.



Niðurstöður markmiða

Á árinu 2022 var farið í mörg umbótaverkefni í umhverfismálum til að viðhalda umhverfisstjórnunarkerfinu og lágmarka umhverfisáhrif félagsins.

Helstu áfangar sem náðust á árinu voru:

- ☒ Ný skrifstofubygging á höfuðborgarsvæðinu stytta vegalengdir starfsfólks til og frá vinnu og fækkaði rekstrarleigubílum félagsins. Þetta leiddi til minni kaupa á jarðefnaeldsneyti sem mun vega enn þyngra árið 2023, þar sem flutningarnir áttu sér stað um haustið 2022.
- ☒ Árshátíð félagsins fór fram í Brighton í Bretlandi og bæði flugferðin og hótulgistingin voru kolefnisjöfnuð með gróðursetningu trjáa. Valinn var kolefnisjafnaður flutningsmáti á milli flugvallar og hótels. Þetta er skýrt dæmi um hvernig hægt er að ferðast og upplifa heiminn með sem lægsta umhverfisþorpi.
- ☒ Gróðursett voru 122.000 tré í skóglendi í Þjórsárdal sem ætlað er að kolefnisjafna uppbyggingu og rekstur á Fjallaböðum þegar þau verða opnuð 2025. Skógurinn mun vaxa jafnt með rekstri félagsins og skila af sér vottuðum kolefnisheimildum.
- ☒ Bætt var við eftirfarandi í flokkun úrgangs: fiskiúrgangur, matarolía, brotajárn og gler.
- ☒ Endurvinnsluhlutfall úrgangs jókst um 20% á milli ára og var 57% fyrir árið 2022.
- ☒ Sjálfbærni í vörukaupum innan félagsins var aukin með því að nýta vörur Blue Lagoon Skincare með markvissari hætti innan félagsins, eins og salt, handsápu og handspritt.
- ☒ Nýir áfyllingabrusar úr áli innleiddir í sturtur Spa og hótela í stað plastbrúsa.
- ☒ Vöktun á innkaupum frá nærsamfélaginu var bætt þannig að hægt er að vakta þau stöðugt og fylgjast með þróun þeirra.
- ☒ Nýjar umhverfisvænni umbúðir húðvara litu dagsins ljós á árinu og draga töluvert úr því plasti sem safnast hjá neytendum.
- ☒ Sjálfbærni Bláa Lónsins var metin út frá matskerfinu “Benefit Impact Assessment” á vegum B-Corp.

Sum verkefni var ekki hægt að klára á árinu eins og lagt var upp með vegna breytinga í rekstri og breyttum áherslum í málaflokknum. Þau verkefni færast yfir á næsta ár ef þau eru enn talin hafa umhverfislegt mikilvægi fyrir félagið.

Áherslur 2023

Í átt að kolefnishlutleysi

- ☐ Setja upp áætlun um hvenær og hvernig félagið ætlar að hætta að kaupa inn jarðefnaeldsneyti
- ☐ Gróðursetja fleiri kolefnisvottaða skóga
- ☐ Sækja um Science Based Target fyrir Bláa Lónið
- ☐ Gefa út og kynna siða- og innkaupareglur fyrir verktaka og birgja félagsins

Í átt að hringrásarhagkerfi

- ☐ Halda áfram að draga úr myndun úrgangs og hækka endurvinnsluhlutfall
- ☐ Útfæra og innleiða plasthlutleysi innan fyrirtækis
- ☐ Þjóða upp á áfyllingar húðvara
- ☐ Bæta nýtni matvæla í rekstri

Í átt að sjálfbærni

- ☐ Auka hlutfall innkaupa frá nærsamfélaginu, þá sérstaklega innan Suðurnesja
- ☐ Halda áfram að draga úr einnota plasti í upplifun gesta
- ☐ Bæta upplýsingagjöf um sjálfbærni félagsins
- ☐ Fá B-Corp vottun

Þessum áherslum verður fylgt eftir út árið og verður árangur metinn út frá settum markmiðum í umhverfismálum árið 2023.

Sjálfbærni í grunninn

Sjálfbærni hefur verið kjarni og uppspretta Bláa Lónsins frá upphafi.

Sjálfbær rekstur

Fyrsta lónið myndaðist við uppbyggingu jarðvarmavars HS Orku árið 1976 vegna affalls jarðsjávar frá verinu og styrks kísils í vökvanum. Þegar jarðsjórinn kólnaði í hrauninu byrjuðu kísilútfellingar að myndast í vökvanum sem með tímanum fylltu upp í sprungur hraunsins og mynduðu lón. Forvitnir Íslendingar byrjuðu að baða sig í lóninu og fljótlega fóru margar sögusagnir á kreik um góð áhrif jarðsjávarins á húðina og sérstaklega á húð fólks með psoriasis.

Það var eldmóður stofnanda og forstjóra Bláa Lónsins, Gríms Sæmundsen, sem leiddi síðan til stofnunar Bláa Lónsins. Grímur, sem er læknir að mennt, lagði mikla vinnu í að rannsaka eiginleika jarðsjávarvökvens til að skilja áhrif hans á húðina. Hann stofnaði fyrst húðmeðferðarstöð og árið 1992 stofnaði hann síðan hinn heimspekkta baðstað, Bláa Lónið.

Sjálfbærni hefur því verið kjarni og uppspretta Bláa Lónsins frá upphafi. Fyrirtækið hefur ávallt haft að leiðarljósi að fullnýta auðlindastrauma úr iðrum jarðar, sem eru endurnýttir frá nærliggjandi jarðvarmaveri, til að skapa verðmæti sem koma fram í upplifun gesta þess sem og í framleiðslu á vörum. Þessi hugmyndafræði endurspeglast í hönnun á upplifunarferlum, vörum og byggingum félagsins sem eru ávallt þróaðar í sátt við umhverfi sitt.

Visthringur jarðsjávar

Uppruna Bláa Lónsins má rekja til jarðsjávar sem sóttur er úr jarðlögum á um 2.000 metra dýpi undir yfirborði hraunsins sem umlykur starfsemina. Jarðsjórinn er samsettur úr 2/3 sjó og 1/3 ferskvatni og er um 240°C heitur við upptöku. Jarðsjórinn er ríkur af steinefnum og samsetning hans gerir hann einstakan á sinn hátt. Til að

mynda er það útfelling á kísli í jarðsjónum sem gefur lóninu sinn heimspekkta bláa lit. Þessi vökvi myndar einnig einstakt lífríki þar sem blágrænir örþörungar blómstra við kjöraðstæður.


Áralangar vísindarannsóknir á þessum örþörungum, samspil hans við kísil og á eiginleikum jarðsjávarins hafa sýnt fram á undraverðan lækningamátt hans, bæði hvað varðar meðferð við psoriasis og einnig virkni gegn öldrun húðar.

Náttúruleg hráefni

Jarðsjórinn er fjölnýttur í rekstri fyrirtækisins þegar hann hefur fyrst verið nýttur til að framleiða græna orku fyrir nærsamfélagið. Að lokum er honum skilað aftur niður í jarðlögin og þannig aftur inn í hringrásarkerfið. Gufa frá jarðvarmaverinu er notuð til að framleiða sjávarsalt úr jarðsjónum og koltvísýringur frá jarðvarmaverinu er nýttur til að næra blágræna örþörungum sem einangraðir hafa verið úr einstöku vistkerfi lónsins og ræktaðir í Rannsókn- og þróunarsetri félagsins. Þó jarðvarmaverið framleiði græna orku losnar alltaf náttúrulegur koltvísýringur frá borholunum sem þeir safna og hluti hans er nýttur í ræktun örþörungum.

Blágrænir örþörungar Bláa Lónsins eru einstakir og voru ekki þekktir fyrr en fyrsta lónið myndaðist. Skyndilega urðu til fullkomin vaxtarskilyrði fyrir þá til að blómstra í, sem eru nokkuð óvenjuleg fyrir örþörungum. Hár hiti, selta og kísill jarðsjávarins skapa fullkomið umhverfi fyrir þennan sérstaka örþörung. Nú eru þessar undraverðu verur ræktaðar í þróunarsetri félagsins í jarðsjónum og nærðir með grænni orku og náttúrulegum koltvísýringi frá jarðvarmaverinu.

**Visthringur jarðsjávar
Bláa Lónsins**



BLUE LAGOON SKINCARE ehf. framleiðir hágæðahráefni í húðvörulínur Bláa Lónsins með því að fjölnýta jarðsjó og aðra auðlindastrauma frá jarðvarmaverinu. Þannig stuðlar fyrirtækið að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra auðlinda og bindingu koltvísýrings með ræktun örþörunga. Öll hráefni félagsins sem nýtt eru í húðvörur þess eru COSMOS APPROVED og geta því verið notuð í COSMOS NATURAL vottaðar vörur.

Græn orka

Raf- og varmaorkunotkun Bláa Lónsins er öll frá nærliggjandi jarðvarmaveri og er fullkomlega endurnýjanleg. Í innkaupastefnu félagsins er markvisst valinn orkusparandi búnaður fram yfir annan og orkusparandi led lýsing valin þar sem kostur er. Í rekstri vinnur félagið stöðugt að því að finna nýjar leiðir til að draga úr sóun og lágmarka þar með umhverfispor félagsins. Sóun á orku er einn angi þess. Raforka á Íslandi losar einungis um 10 grömm koltvísýringsígilda (CO_{2eq}) fyrir hverja kílówattstund sem er með því lægsta í Evrópu og um 30 sinnum lægra en meðaltalið í Evrópu.

Orkunotkun jókst árin 2018-2019 með tilkomu nýrra rekstrareininga, The Retreat Hotel, The Retreat Spa, Moss Restaurant, Spa Restaurant og nýs þvottahúss og verkstæðis í Grindavík. Orkunotkun minnkaði þó töluvert á tímum COVID-19 vegna lokana en árið 2022 hafa rekstrarskilyrðin verið betri.

Orkunotkun á hvern gest er nú eðlilegri þar sem nýtni rekstrareininga var betri árið 2022 samanborið við 2020 og 2021. Í raun var hún nánast á pari við árið 2019.


Árið 2020 fækkaði gestum ört og lokanir tóku gildi vegna heimsfaraldursins en rekstrareiningum var haldið í viðbragðsstöðu því óvíst var hversu langan tíma ástandið stæði yfir. Árið 2021 var hægt að stýra rekstrinum betur þrátt fyrir lokanir og draga þar með úr óþarfa orkunotkun. Lágmarks orkuþörf er þó alltaf nauðsynleg til að viðhalda byggingum og rekstri þrátt fyrir lokanir. Félagið leitar stöðugt nýrra leiða til að hámarka nýtni sinna orkustrauma á hverju ári með því að draga úr sóun og fjárfesta í umhverfisvænni búnaði.

Vatnsnotkun


Fullnýting auðlindastrauma er það sem einkennir rekstur og vörur Bláa Lónsins. Það er hluti af stefnu fyrirtækisins að hámarka nýtingu jarðsjávar og annarra auðlindastrauma til að skapa einstaka upplifun og náttúruleg verðmæti. Notkun jarðsjávar síðastliðin ár hefur ekki aukist þrátt fyrir tilkomu nýrra rekstrareininga með nýjum baðlónum. Ástæðan er bestun fyrirtækisins á nýrri dælustöð sem tekin var í notkun árið 2016 til að jafna flæði og hitastýringu í lónunum. Samdráttur í notkun jarðsjávar og annarra auðlindastrauma er í beinum tengslum við samdrátt í rekstri vegna heimsfaraldurs. Bestun í rekstri leiddi til lægri vatnsnotkunar á hvern gest þrátt fyrir fjölgun þeirra milli ára.

Einingar Bláa Lónsins	Raforkunotkun 2022 (kWh)	Heitavatnsnotkun 2022 (m³)
Þróunarsetrið	290.981	9.683
Silica Hotel	286.659	31.696
Blue Lagoon & Retreat Hotel	3.667.331	242.875
Þvottahús í Grindavík	1.436.774	3.269
Vöruhús í Grindavík	48.670	4.447
Verkstæði í Grindavík	24.277	709
Verslun að Laugavegi 15	23.190	-
Skrifstofur í Urriðaholti	60.033	-
Heildarnotkun	5.837.915	292.679


Raforkunotkun




Notkun á heitu vatni



Notkun á köldu vatni



Notkun á jarðsjó



Aðgerðir í loftslagsmálum

Bláa Lónið býður viðskiptavinum sínum kolefnisjafnaða upplifun í formi þjónustu og vara.

Loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar eru stærsta ógn og áskorun mannkynsins í umhverfismálum. Sú ábyrgð sem fylgir þeirri áskorun liggur á herðum okkar allra. Einungis með samhentu átaki allra þjóða, fyrirtækja og einstaklinga er hægt að vernda vistkerfi okkar fyrir komandi kynslóðir. Bláa Lónið axlar ábyrgð sína í þessum efnum og stefnir ávallt að því að vera fyrirmynd í umhverfisvænni upplifun með vellíðan og sjálfbærni að leiðarljósi.


Kolefnishlutlaus upplifun

Bláa Lónið býður viðskiptavinum sínum kolefnisjafnaða upplifun í formi þjónustu og vara. Fyrirtækið hefur haldið utan um kolefnisbókhalð sitt síðan 2015 og verið í samstarfi með Kolvið varðandi kolefnisjöfnun á allri losun Bláa Lónsins síðan 2019. Í gegnum það samstarf hefur fyrirtækið komið að gróðursetningu 42.480 trjáa á fjórum árum. Kolefnisjöfnunin fyrir árið

2022 náði til raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar, kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútufurða starfsfólks og flutnings á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavinar.

Árið 2022 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Bláa Lóninu 1.038 tonn CO_{2eq} og munu Kolviður og Skógræktarfélag Íslands því gróðursetja 10.380 tré til að kolefnisjafna þá losun. Notast var við losunarstuðla frá UST og DEFRA í útreikningum í losunarbókhalðinu til að taka tillit til allra GHG og hnatthlýnunarmáttur er úr fimmtu matskýrslu IPCC (AR5). Losun GHG var afmörkuð við rekstrareiningar félagsins (e. Operational control).

Vorið 2022 voru gróðursett 122.000 tré í landi Skriðufells í Þjórsárdal í samstarfi við Skógræktina. Þetta samsvarar 46 hektur-



um og er staðsett stutt frá uppbyggingu á nýju upplifunarsvæði félagsins í Þjórsárdal. Þessi ný skógur mun skila af sér vottuðum kolefnisheimildum meðfram því sem hann vex og þær verða nýttar í að kolefnisjafna bæði framkvæmdir og rekstur Fjallabaða. Skógræktin sá um gróðursetningu og heldur utan um bæði viðhald og vottun á skóginum. Skógræktin valdi jafnframt samsetningu trjátegunda svo skógurinn falli sem best inn í umhverfið á svæðinu og styðji við fjölbreytileika gróðurs og dýralífs.

Fjallaböðin í Þjórsárdal er nýtt 40 herbergja hótél og baðstaður á hálendi Íslands sem áætlað er að opni árið 2025. Til að tryggja einstaka náttúru þessa svæðis verður framkvæmdin BREEAM vottuð (sjálfbærni bygginga) og haldið sérstaklega utan um kolefnisbókhalð framkvæmdarinnar. Einnig verður aðstaða og búnaður valinn til að lágmarka kolefnis- og umhverfisspor rekstursins. Sú losun sem ekki er hægt að sniðganga verður kolefnisjöfnuð með vottuðum kolefnisheimildum frá nýja skóglendinu í Skriðufelli.


Vegferð okkar að kolefnishlutleysi

Fjöldi umbótaverkefna síðastliðinna ára hefur skilað árangri í að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda en með tilkomu nýrra rekstrareininga 2018 og 2019 jókst losunin. Stærsti áhrifavaldurinn í losun fyrirtækisins árið 2022 var losun vegna kælimiðla. Magn jarðefnaeldsneytis hefur dregist saman þrátt fyrir fjölgun gesta á ný sem má bæði rekja til þess að félagið rekur ekki lengur rútufélag og rekstrarleigubílum hefur fækkað.

Losun vegna orkunotkunar jókst á milli ára í samræmi við fjölgun gesta árið 2022 og einnig varð töluverð aukning í losun í umfangi 3. Það má fyrst og fremst rekja til aukningar í úrgangi og rútufurðum starfsfólks vegna fjölgunar gesta og er losun ársins á pari við losunina 2019. Aukning varð í losun vegna flugferða í tengslum við árshátíð starfsfólks sem haldin var í Brighton vorið 2022. Ferðin var skipulögð 2020 en vegna heimsfaraldurs var henni frestað. Mikið var lagt upp úr því að lágmarka umhverfisspor ferðarinnar og fræða starfsfólk um leiðir til að ferðast á umhverfisvænan máta. Allt flug var kolefnisjafnað og einnig hótalgistingar starfsfólks og maka. Samið var við rútufélag sem bauð upp á kolefnisjafnaðar ferðir á milli flugvallar og hótels.

Útblástur gróðurhúsalofttegunda



Í átt að hringrásarhagkerfi

Samfélag án sóunar eru einkunnarorð Bláa Lónsins í umhverfismálum.

Samfélag án sóunar eru einkunnarorð Bláa Lónsins í umhverfismálum og markmið Auðlindagarðsins í nýtingu auðlindastrauma. Við hönnun og þróun á nýjum upplifunum eða vörum er ávallt horft til auðlindarinnar og hrakstraumanna frá henni til að meta hvernig hægt er að nýta þá betur. Með rekstri Bláa Lónsins fylgja ýmsir aðrir hrakstraumar (úrgangsefni) sem fyrirtækið vinnur jafnharðan í að flokka og aðgreina til endurnýtingar eða endurvinnslu og skapa þannig aukið virði fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Hringrásarumbúðir

Allar nýjar vörulínur Bláa Lónsins eru hannaðar og framleiddar í umhverfisvænum hringrásarumbúðum, einkum pappa, áli og gleri í stað plastefna. Vörur í plastumbúðum eru einungis seldar til að vinna upp lager en verða síðan framleiddar í umhverfisvænni umbúðum. Allur pappír sem notaður er í umbúðir kemur frá ábyrgri

skógrækt og er FSC (Forest Stewardship Council) vottaður. Stöðugt er unnið að minni sóun í rekstri með því að draga úr magni umbúða og velja fjölnota fram yfir einnota hvenær sem hægt er. Árið 2022 var þessari hugsjón fylgt eftir með nýjum fjölnota umbúðum húðvara sem komið var fyrir í búningasklefum og hótélherbergjum fyrirtækisins. Verið er að vinna að því að setja upp áfyllingastöðvar í verslunum Bláa Lónsins í Reykjavík.

Úrgangsmál

Unnið er stöðugt að því að bæta úrgangsmál fyrirtækisins í átt að hringrásarhagkerfi, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að fjölnota eða auka endurvinnslu í rekstri. Heildarmagn úrgangs dróst saman á COVID-19 tímabilinu, eins og gefur að skilja í ljósi aðstæðna, en hlutfall endurunns úrgangs jókst á síðasta ári. Bætt var við úrgangsflokkum og flokkunarílátum á árinu og ánægjulegt var að sjá mikla aukningu í endurvinnsluhlutfalli á

milli ára og að endurvinnsla á plasti meira en tvöfaldaðist. Heildarmagn úrgangs á hvern gest 2022 var um 9% lægra en árið 2019 og 57% heildarúrgangs var flokkað og endurunnið, sem er yfir 20% aukning á milli ára.


Stafrænir ferlar og verklag

Fyrirtækið hefur haldið áfram á þeirri vegferð að fjárfesta í upplýsingatækni og stafrænni þróun á árinu og byggt ofan á öflugra tækniinnviði. Hagræðing í rekstri með notkun tækni og nýjar vörur til að efla þjónustu við viðskiptavinum hefur verið í forgangi hjá Bláa Lóninu og hefur fyrirtækið nýverið gefið út nýja hótélbókunarvél og haldið áfram að styrkja og byggja undir núverandi lausnir s.s. MyBooking og bókunartengingar við stærri viðskiptavinum. Þessi framþróun einfaldar verklag og dregur úr óþarfa prentun og myndun úrgangs og bætir upplýsingaflæði.

Allur pappír sem fyrirtækið kaupir inn er PEFC eða FSC vottaður, þ.e. framleiðandinn stundar ábyrga nýtingu og ræktun skóga. Árið 2022 voru prentuð út fleiri A4 blöð hjá félaginu en árið á undan en samt 30% færri en 2019. Áætla má að prentun blaða árið 2022 jafngildi nýtingu 23 trjáa.

Fyrirtækið býður nú viðskiptavinum sínum einungis pappapoka og fjölnotapoka til sölu, til að draga úr óþarfa sóun. Fjöldi seldra pappapoka jókst í samræmi við fjölgun gesta en fjöldi seldra fjölnotapoka tvöfaldaðist á milli ára. Árið 2020 voru 2 af hverjum 100 seldum pokum fjölnota en árið 2021 og 2022 urðu þeir 13 af hverjum 100. Viðskiptavinir eru almennt hvattir til að koma með sína eigin poka en kaupa hjá okkur ef þörf er á. Einnig er mikilvægt að fjölnota pokar séu fjölnýttir og því hafa

Pappírnotkun Bláa Lónsins 2022




fjölnota pokarnir frá Bláa Lóninu verið hannaðir til að vera bæði endingargóðir og fallegir. Þeir eru úr bómull, svo einfalt sé að endurvinna þá þegar þeir hafa verið fullnýttir.

Einnota plast

Bláa Lónið hefur síðastliðin ár kortlagt plastspor sitt m.t.t. einnota plasts í upplifunarferlum og vörum viðskiptavina sinna. Á þessum tíma hefur félagið unnið markvisst að því að draga úr plastspori sínu og stefnir að því að útrýma öllu einnota plasti úr upplifun sinna gesta. Plastspor fyrirtækisins hefur dregist saman um 81% frá árinu 2019. Rekja má árangurinn til breytinga í framboði á sandölum, fjölnota glasa í baðlóni, fjölnota burðarpoka, umhverfisvænni umbúða matvæla og húðvara félagsins og fleiri umbótaverkefna. Það er skýrt tekið á þessu í umhverfisstefnu félagsins og því fylgt eftir með markmiðum og verkefnum í að draga úr einnota plasti.

Úrgangsmál Bláa Lónsins 2022



Samfélagsleg áhrif

09

Lækningalind

Húðmeðferðir Bláa Lónsins í lækningaskyni eru mikilvægur hluti af starfsemi félagsins.

Lækningastarfsemin er samofin sögu fyrirtækisins. Frá 1994 hefur Bláa Lónið boðið upp á meðferð við psoriasis sem byggir á einstökum lækningamætti jarðsjávar Bláa Lónsins og notkun Blue Lagoon Iceland meðferðarvara.

Psoriasis sjúklingar þurfa beiðni frá húð-sjúkdómalækni til að koma í meðferð og fer hún fram undir eftirliti húðsjúkdómalæknis og hjúkrunarfræðings Lækningalindarinnar.

Í mörg ár hefur fyrirtækið boðið Íslendingum náttúrulega meðferð við psoriasis í Lækningalind Bláa Lónsins án endurgjalds og ríkinu að kostnaðarlausu. Meðferðin er samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum sem meðferðarvalkostur fyrir psoriasis sjúklinga.

Á síðasta ári veitti Bláa Lónið psoriasis sjúklingum, sem sjúkratryggðir eru á Íslandi, meðferð þeim að kostnaðarlausu rétt eins og undanfarin ár. Fjöldi meðferðarskipta á árinu voru tæplega 2000.



Samstarf og samstaða

Bláa Lónið er hluti af Auðlindagarðinum á Suðurnesjum.

Bláa Lónið er hluti af Auðlindagarðinum á Suðurnesjum og starfar innan UNESCO Reykjanes Global Geopark og er þannig hluti af víðtæku samstarfi margvíslegra starfseininga á Reykjanesskaganum. Þessu samstarfi er ætlað að efla svæðið sem áfangastað, styðja við sjálfbæra nýtingu auðlinda í sátt við náttúruna og auka um leið við þekkingu, vitund og verndun jarðminja á svæðinu.

Bláa Lónið tekur virkan þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum sem kynna Ísland sem áfangastað fyrir heilsu og vellíðan. Þar á meðal eru verkefni í sölu- og kynningarmálum, sjálfbærni og umhverfismálum, og nýsköpun. Með þátttöku í þessum verkefnum leggur fyrirtækið sín lóð á vogarskálarnar á verðmætasköpun og samkeppnishæfi Íslands.



Stuðningur við nærsamfélagið

Bláa Lónið styður ár hvert við nærumhverfi sitt og nærsamfélag með viðamiklum og markvissum hætti.

Fyrir utan að beina viðskiptum og innkaupum til birgja og samstarfsaðila á Reykjanesi styrkir félagið margvísleg verkefni með beinum fjárstuðningi þar sem íþrótt- og ungmennastarf er í öndvegi ásamt margvíslegum styrkjum til heilsu-, menningar- og umhverfistengdra málefna. Árið 2022 veitti Bláa Lónið slíka samfélagsstyrki fyrir samtals um 215 milljónir króna.

Að frumkvæði Bláa Lónsins hófst vinna árið 2021 við að bæta aðstöðuna við Reykjanesvita, í góðu samstarfi við Hollvinasamtök Reykjanesvita og Reykjanesbæ meðal annarra. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Verið er að endurnýja gamla vitavarðarhúsið og setja þar upp aðstöðu sem gestir svæðisins geta nýtt sér. Í þeirri aðstöðu verður aðstaða fyrir veitingar, salerni og upplýsingar og þar að auki sinnir starfsmaður á vegum Bláa Lónsins umhverfis- og þjónustupáttum á svæðinu.




Bláa Lónið og Golfklúbbur Grindavíkur skrifuðu undir áframhaldandi samstarfssamning til þriggja ára.

Bláa Lónið veitti íþróttafélögum á Suðurnesjum styrki til eflingar á barna- og unglíngastarfi félaganna.

Bláa Lónið afhenti SPOEX, félagasamtökum psoriasis og exemsjúklinga á Íslandi, gjöf í tilefni af 50 ára afmæli félagsins.

Samfélagsverkefni og styrkir Bláa Lónsins



Bláa Lónið styrkti Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins með þátttöku í átaksverkefnunum Mottumars og Bleiku slaufunni líkt og fyrri ár.

Blue Lagoon Challenge er stærsta fjallahjólakeppni Íslands og var hún haldin í 26. skipti árið 2022.



Aðferðafræði

10



Um þessa skýrslu

Ársskýrslan hefur verið unnin og stöðugt betrubætt í samræmi við áherslur GRI.



Í meira en tíu ár hefur Bláa Lónið gefið út ársskýrslu félagsins sem hefur að geyma bæði fjárhagslegar upplýsingar og ófjárhagslegar upplýsingar. Á síðustu fjór-um árum hefur ársskýrslan verið þróuð frekar og er hún nú unnin í samræmi við Global Reporting Initiative Standards (GRI Standards), með sérstakri áherslu á samfélagsábyrgð (CSR). GRI er sjálfseignarstofnun sem stuðlar að efnahagslegri sjálfbærni og framleiðir einn af þekktustu stöðlum heims fyrir skýrslugerð um samfélagsábyrgð. Árið 2022 setti GRI á markað endurskoðaða útgáfu af GRI Universal Standards, og hefur þessi skýrsla verið unnin í samræmi við þá útgáfu.

Þessi skýrsla er unnin með því að beita eftirfarandi meginreglum: nákvæmni, jafnvægi, skýrleiki, samanburðargrundvöllur, heilleiki, sjálfbærnisamhengi, tímanleiki og sannprófun.

Skýrslan er gefin út fyrir almanaksárið 2022 (janúar–desember) og fylgir ársreikningi samstæðunnar. Skýrslan tekur til Bláa Lónsins og dótturfélaga þess.

Samfélagsskýrslan var gefin út í mars 2023. Frekari upplýsingar um skýrsluna og innihald hennar má nálgast með fyrirspurn í eftirfarandi netfang: sustainability@bluelagoon.is

Bláa Lónið gefur út þessa samfélagsskýrslu í samræmi við staðla GRI

Síðasta skýrsla birt	2023 fyrir starfsárið 2022
Skýrslutímabil	janúar 2022 – desember 2022
Tíðni skýrslna	Árlega
GRI staðlar	Í samræmi

Flokkunarkerfi Evrópusambandsins (ESB)
Flokkunarkerfi ESB er gefið út af framkvæmdastjórn ESB til að skilgreina umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Það veitir sameiginlega umgjörð fyrir fjárfesta og segir til um hvaða fjárfestingarkostir eru taldir styðja við kolefnishlutleysi og við Parísarsamkomulagið um loftslagsmál. Markmiðið með kerfinu er að flokka atvinnustarfsemi með tilliti til framlags þeirra til sex skilgreindra umhverfismarkmiða:

- 1. Mildun loftslagsbreytinga
- 2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
- 3. Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda

- 4. Umbreyting í hringrásarhagkerfi
 - 5. Mengunarvarnir og eftirlit
 - 6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa
- Bláa Lónið leggur til beint framlag til umhverfismarkmiðs númer 4, sem er „Umbreyting í hringrásarhagkerfi“ og starfsemi þess er ekki skaðleg í tilliti hinna umhverfismarkmiða sem neinu nemur. Í raun er Bláa Lónið einstakt dæmi um hringrásarhagkerfi með fjölnýtingu endurnýjanlegra jarðvarmastrauma og sjálfbæra þróun. Frekari upplýsingar má sjá í útlistun á vithring jarðsjávar Bláa Lónsins í 9. kafla þessarar skýrslu.


Flokkun atvinnuvega skv. EFRAG
Evrópska ráðgjafarnefndin um reikningskil (EFRAG) er einkarekinn ráðgjafahópur sem vinnur að því að skilgreina evrópska sjálfbærnisráðgjafastöðla (ESRS) til að útlista skilyrði um efni og innihald skýrsla sem fyrirtæki skulu skila varðandi umhverfis-, samfélags- og stjórnarhætti. ESB mun hafa þessa staðla til viðmiðunar með tilskipun CSRD (Corporate Sustainability Reporting Directive) sem er áætlað að taki gildi 2024.

Til að dýpka skilning félagsins og undirbúa rekstur fyrir komandi kröfum í umhverfis- og sjálfbærnimálum var nýjasti staðallinn

sem nefndin gaf út fyrir hina ýmsu geira atvinnulífsins rýndur.

Tvöföld áhrif
Aðferðafræðin sem kennd er við tvöföld áhrif sameinar skoðun á fjárhagslegum áhrifum og ytri áhrifum. Með birtingu á skýrslu yfir ófjárhagslega þætti í samræmi við GRI-staðla leggur Bláa Lónið mat á ytri áhrif margvíslegra sjálfbærniþátta starfsemi sinnar.

Bláa Lónið hyggst meta áhrif og frammi- stöðu sína til þessara þátta og út frá viðmiðum EFRAG til að vera viðbúin komandi kröfum.



Atvinnuvegir	Flokkar	Sjálfbærniatriði
Gististaðir	Matar- og drykkjarþjónusta Gisting og hótelpjónusta	Orkusamsetning og -nýting Innstreymi aðfanga Úrgangur og útblástur Fjárhagsleg áhætta Mengun vatns Mengun jarðvegs Vinnuaðstæður Persónulegt öryggi
Aðþreying	Húsnæði	Orkusamsetning og -nýting Vinnuaðstæður Vörur og þjónusta

EFRAG atvinnuvegaflokkun (ESRS SEC1)

Fjárhagsleg áhrif	Ytri áhrif
Viðfangsefni sem snýr að sjálfbærni telst efnislegt frá fjárhagslegu sjónarhorni ef það hefur fjárhagsleg áhrif á fyrirtæki, með því að skapa áhættu eða tækifæri eða er líklegt til að hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi og hefur því áhrif á virði fyrirtækis til skemmri, miðlungs eða lengri tíma.	Viðfangsefni eða upplýsingar teljast efnislegar frá sjónarmiði ytri áhrifa ef verkefnið sem á í hlut tengist raunverulegum eða hugsanlega verulegum áhrifum á fólk eða umhverfið og tengist sjálfbærniatriði til skemmri, miðlungs eða lengri tíma.

Nálgun Bláa Lónsins

Bláa Lónið styður við sjálfbæra þróun enda er sjálfbærni hluti af kjarna fyrirtækisins og uppsprettu auðlinda þess.



1. Umfang skilgreint

“Hvernig getur Ísland orðið að heimkynnum fólks sem dafnar á stað sem blómstrar um leið og náttúrunni er sýnd nærgætni með velferð og heilsu fólks um allan heim í huga?”


Þessi spurning er sprottin úr kringluritinu hér til hliðar og tekur mið af félagslegum væntingum og ábyrgð á heimsvísu með til- liti til efnahagslegra og félagslegra marka.

Ísland hefur fullan hug á að ná fram sjálfbærni bæði á heimamarkaði og á alþjóðavettvangi. Heimsmarkmiðin (SDG) hafa verið samþætt inn í stefnu stjórnvalda í félags-, efnahags- og umhverfismálum, með sérstakri áherslu á að byggja upp friðsælt og réttlátt samfélag sem laust er við ótta og ofbeldi.

Á landsvísu stefnir Ísland að því að viður- kenna og þjóna betur jaðarhópum í samfé- laginu og byggja upp samstarf til að takast á við hið viðamikla umhverfisspor sem nútíma lífsstíll hefur í för með sér. Ísland er enn áhrifavaldur í loftslagsbreytingum, en stefnir á að ná kolefnishlutleysi í síðasta lagi árið 2040.

Á alþjóðavettvangi miðlar Ísland reynslu sinni og þekkingu í jafnréttismálum, endur- heimt lands og nýtingu sjálfbærra náttúru- auðlinda sjávar og orku í gegnum alþjóðlegt samstarf. Landið styður mannréttindi fyrir alla, jafnrétti kynjanna og eflingu kvenna.*

*Heimild: sustainabledevelopment.un.org



Bláa Lónið fylgir þessari vegferð Íslands því félagið gerir sér grein fyrir sínu hlutverki í að styðja við og ná fram sjálfbærri þróun. Allt frá stofnun hefur Bláa Lónið lagt ríka áherslu á samfélagsábyrgð sem þróast hefur í gegnum áratugina innan fyrirtækis- ins jafnt sem í samfélaginu. Sjálfbærni er hluti af kjarna fyrirtækisins og uppsprettu auðlinda þess. Félagið stefnir hvívetna á að hafa jákvæð áhrif á samfélagið, jafn félags- leg sem umhverfisleg.

2. Mat á áhrifum

Árið 2022 lagði Bláa Lónið viðtækt mat á áhrifaþætti sína með hliðsjón af vettvangi fyrirtækisins í atvinnulífinu, starfsemi, vörum, þjónustu og viðskiptamódeli Bláa Lónsins.

Bláa Lónið starfar á sviði vellíðunar- og gistipjónustu. Til að fá betri yfirsýn á starfseminu og áhrif tengd umsvifum félagsins var starfsemin greind samkvæmt EFRA-flokkuninni og þeim áhrifaþáttum sem þar eru tilgreindir.

Félagið fór yfir fyrirliggjandi gögn til að meta stefnur, starfsemi, vörur, ferla og virðiskeðju. Til að tryggja samanburðar- grundvöll voru eldri sjálfbærnisráðgjafar hafðar til hliðsjónar. Afraksturinn var ítar- legur listi yfir atriði sem voru í framhaldinu metin af sérfræðingum sem og almennum notendum úr mismunandi hópum hagaðila.

Viðmið GRI

Samfélagsskýrsla Bláa Lónsins er gefin út í samræmi við GRI staðla fyrir tímabilið janúar 2022 til og með desember 2022.

Til hliðsjónar er GRI 1 Foundation 2021

Meginatriði	Tilvísun í bls.	Ekki uppfyllt	Heimsmarkmið SP	Nasdaq
GRI 2 Almenn upplýsingagjöf 2021				
2-1 Um fyrirtækið	Reiknings-skil			
2-2 Umfang rekstrareininga í sjálfbærnisráðgjöf	110			
2-3 Tímabil skýrslugjafar, tíðni og tengiliðir	110			
2-4 Endurframsettar upplýsingar	110-111, 114			
2-5 Ytri úttektir og vottanir	Reiknings-skil			G10.1
2-6 Starfsemi, virðisbætur og önnur viðskiptasambönd	22-23, 28-59			
2-7 Starfsfólk	128-129			S5.1, S4.1, S4.2, S4.3
2-8 Annað vinnuafli en starfsfólk	128-129			S5.2
2-9 Stjórnskipulag og skipurit	15-19			G2.1, G2.2
2-10 Tilnefning og val á æðstu stjórn	15-19			G2.1, G2.2
2-11 Stjórnarformaður	15-19			
2-12 Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa-valda	15-19			
2-13 Framsal ábyrgðar með stýringu áhrifa-valda	15-19			
2-14 Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	74-75			
2-15 Hagsmunaráækrar		Vantar gögn		
2-16 Upplýsingagjöf um mikilvæg málefni		Vantar gögn		
2-17 Sameiginleg þekking æðstu stjórnar		Vantar gögn		
2-19 Starfskjarastefnur		Vantar gögn		
2-20 Launaákvörðunarferli		Vantar gögn		
2-21 Árlegur launasamanburður		Vantar gögn		
2-22 Yfirlýst stefna um sjálfbæra þróun	8-11			
2-23 Skuldbindingar í stefnum	20-21, 136-144			E7.1, E7.2, S6.1, S8.1
2-24 Samþætting skuldbindinga í stefnum	21, 136-144			
2-25 Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa		Vantar gögn		
2-26 Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál	112-114			
2-27 Hlýting lagalegra krafna	16, 45			
2-28 Aðild að samstarfi og félögum	22-23, reikningsskil			
2-29 Aðkoma hagaðila	80-83, 137			
2-30 Kjarasamningar		100%		G4.1

3. Samráð við hagaðila

Bláa Lónið þjónar breiðum hópi hagaðila og leggur áherslu á virkt samtal við hvern og einn svo betur megi móta sameiginlega sýn og starfsemi félagsins sé í samræmi við væntingar hagaðila. Meðal þeirra eru starfsfólk, innlendir sem erlendir gestir og viðskiptavinir, birgjar, verktakar og söluaðilar.

6 þrepa ferli var fylgt til að raða málefnum í flokka fyrir sjálfbærnisráðgjöf Bláa Lónsins:

01 Auðkenna hagaðila Bláa Lónsins með innri greiningu út frá ferlum ISO 26000.

02 Skipta hagaðilum í hópa til að skipuleggja samvinnu við þá betur út frá markmiðum, samskiptaleiðum og öðrum þáttum.

03

Forgangsraða hópum hagaðila vegna mats á efnisþáttum.

04

Þátttaka og samráð við hagaðila, leita upplýsinga um mikilvægi og væntingar varðandi efnisþætti.

05

Lista upp viðeigandi efnisþætti sem verða metnir fyrir skýrslu um sjálfbærni.

06

Safna gögnum og útfæra innihaldsefni samfélagsskýrslu.

4. Efnisþættir fyrir samfélagsskýrslu

Að loknu samtali við hagaðila var listinn yfir efnisþætti uppfærður. Eftirfarandi er ný listinn samanborið við þann eldri:

2019 - 2021	2022
Hagrænir þættir	Efnahagslegir þættir
· Efnahagsleg frammistaða · Sýnileiki á markaði · Innkaupahættir	· Efnahagsleg og fjárhagsleg frammistaða · Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið · Spilling og samkeppnishamlandi hegðun · Skattar · Öflun og nýting auðlinda · Staðbundin innkaup
Umhverfistengdir þættir	Umhverfistengdir þættir
· Hráefni · Orka · Vatn og frárennsli · Útblástur · Frárennsli og úrgangur · Fylgni við umhverfisreglur	· Orkunýting · Vatnsnotkun · Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika · Útblástur og loftslagsbreytingar · Endurvinnsla úrgangs · Minnkun á einnota plasti
Félagslegir þættir	Félagslegir þættir
· Atvinna · Heilsa og öryggi við störf · Þjálfun og menntun · Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri · Jafnræði · Nærsamfélag · Heilsa og öryggi viðskiptavina	· Atvinna og fyrirtækjamenning · Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta · Þjálfun og menntun · Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri · Mannréttindi · Stuðningur við nærsamfélagið · Frelsi til félagaþátttöku og kjarasamninga · Nauðungarvinna og barnaþrælkun · Jafnræði

GRI Staðall	Meginatriði	Tilvísun í bls.	Ekki uppfyllt	Heimsmark- mið Sp	Nasdaq
GRI 3 Mikilvæg efnisatriði 2021					
3-1 Skilgreining á mikilvægisþáttum		112-114, 137			
3-2 Listi yfir mikilvægisþætti		112-114			
3-3 Stýring mikilvægisþátta		112-114			
GRI 201 Fjárhagsleg frammistaða					
3-3 Stýring mikilvægisþáttar		86-88			
201-1 Beint efnahagslegt virði sem varð til og dreifing þess		86-88, 124			
GRI 203 Óbein efnahagslega áhrif					
3-3 Stýring mikilvægisþáttar		37, 58-59, 104, 124			
203-1 Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins		37, 58-59, 104, 106-107, 124			
203-2 Veruleg óbein efnahagsleg áhrif			Vantar gögn		
GRI 204 Innkaup					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		89			
204-1 Hlutfall innkaupa frá birgjum í nærsamfélaginu		89, 124-125			
GRI 205 Aðgerðir gegn spillingu					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		125			
205-3 Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir er gripið var til		125			
GRI 206 Samkeppnishamlandi hegðun					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		125			
206-1 Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum		125			
GRI 207 Skattur					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		125			
207-1 Skattaleg nálgun		125			
207-2 Stjórnarhættir við skattlagningu, stýringu og áhættustjórnun		125			
GRI 302 Orka					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		96-97			
302-1 Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar		96-97, 126			E3.1, E5.1
302-3 Orkukræfni		96-97, 126			
302-4 Aðgerðir til að draga úr orkunotkun		96-97, 126			E4.1

GRI Staðall	Meginatriði	Tilvísun í bls.	Ekki uppfyllt	Heimsmark- mið Sp	Nasdaq
GRI 303 Vatn og frárennsli					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		96-97			
303-3 Vatnstaka		96-97, 127			
303-4 Frárennsli vatns		96-97, 127			
303-5 Vatnsnotkun		96-97, 127			E6.1
GRI 304 Líffræðilegur fjölbreytileiki					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		94-95			
304-1 Rekstrarstaðir í eigu, leigðir, stjórnað á, eða við skilgreind verndarsvæði auk annarra svæða með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika			Vantar gögn		
GRI 305 Losun					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		98-99			
305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1)		98, 126			E1.1
305-2 Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orku (Umfang 2)		98, 126			E1.2
305-3 Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 3)		98, 126			E1.3
305-4 Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda		98, 126			E2.1, E2.2
305-5 Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda		98, 126			
GRI 306 Úrgangur					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		100-101			
306-1 Myndun úrgangs og helstu áhrifavaldar þess		100-101, 127			
306-3 Heildarmagn úrgangs		100-101, 127			
GRI 401 Vinnumál					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		62-64			
401-1 Nýráðningar og starfsmannavelta		128-129			S3.1, S3.2, S3.3
401-2 Fríðinda starfsfólks í fullu starfi sem starfsfólk í hlutastarfi eða tímabundnu starfi fá ekki		129			
401-3 Fæðingarorlof		131			
GRI 403 Vinnuvernd					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		68-69			S7.1, S8.1
403-1 Heilsu- og öryggistjórnunarkerfi		68-69			
403-2 Áhættugreining, áhættumat og atvikaskráning		68-69			
403-3 Vinnuvernd – þjónusta		68-69			
403-4 Þátttaka starfsfólks, ráðgjöf og samskipti í tengslum við vinnuvernd		68-69			
403-5 Þjálfun starfsfólks varðandi vinnuvernd		132			
403-6 Heilsuefning starfsfólks		130, 132			
403-8 Hlutfall starfsfólks sem vinnuvernd nær til			100%		

GRI Staðall	Meginatriði	Tilvísun í bls.	Ekki uppfyllt	Heimsmarkmið Sp	Nasdaq
GRI 404 Þjálfun og fræðsla					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		66-67			
404-1 Meðalfjöldi þjálfunartíma á ári á hvern starfsmann		132, 133			
404-2 Áætlun um símenntun starfsfólks og stuðningur við breytingar í starfi		132, 133			
GRI 405 Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		65			
405-1 Fjölbreytni stjórnarhátta og starfsfólks		128, 134-135			S4.1, S4.2, S4.3, G1.1, G1.2
405-2 Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna og karla		135			S2.1
GRI 406 Jafnræði					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		136			S6.1
406-1 Atvik varðandi mismunun og úrbætur tengd þeim		136			
GRI 407 Félagafrelsi og kjaraviðræður					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		136			
GRI 408 Barnaþrælkun					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		136			
GRI 409 Nauðungar- og skylduvinna					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		136			
GRI 416 Heilsa og öryggi viðskiptavina					
3-3 Stýring mikilvægisþátta		68-69			



Viðaukar

11



Samanburður lykil- mælikvarða milli ára

Lykilmælikvarðar	Eining	2020	2021	2022
Velta	Milljónir ISK	5.074	7.224	15.879
Innkaup frá innlendum birgjum og verktökum (innan 80km radius frá rekstri)	%	93,2%	94,4%	97,4%
Innkaup innan Suðurnesja	%	31%	23,1%	22,5%
EBITDA	€000	-12.583	2.139	26.078
Eigið fé	€000	57.200	54.541	74.261
Skattspor	Miljarðar ISK	2,2	1,8	3,7
Efnahagslegt framlag	Milljónir ISK	7.374	7.512	13.546
Hlutfall af efnahagslegu framlagi	%	145%	104%	85%
Orkunotkun	kWh	4.163.432	4.509.743	5.837.915
Orkunotkun á hvern gest	kWh / gest	17,71	11,4	7,15
Notkun á heitu vatni	m³	280.492	274.679	292.679
Heitt vatn á hvern gest	m³ / gest	1,19	0,7	0,36
Notkun á köldu vatni	m³	122.933	129.605	184.909
Kalt vatn á hvern gest	m³ / gest	0,52	0,33	0,23
Notkun jarðsjávar	m³	2.194.837	1.844.411	2.517.195
Losun GHL í umfangi 1	Tonn CO ₂ eq	494	493	524
Losun GHL í umfangi 2	Tonn CO ₂ eq	41	48	60
Losun GHL í umfangi 3	Tonn CO ₂ eq	248	163	454
Heildarlosun GHL	Tonn CO ₂ eq	783	643	1.038
Losun GHL á hvern gest	Tonn CO ₂ eq / gest	2,3	1,63	0,7
Gróðursett tré	Fjöldi	7.830	6.430	10.130
Lífrænn úrgangur	%	23,5%	25%	21,9%
Almennur úrgangur	%	68%	65%	42%

Lykilmælikvarðar	Eining	2020	2021	2022
Plastumbúðir	%	0,5%	1%	1,6%
Bylgjupappi	%	2,5%	4%	5,6%
Grófur úrgangur	%	2,4%	3%	5,4%
Málað / ómálað timbur	%	2,5%	2%	2,5%
Prentuð A4 blöð	Fjöldi	103.000	57.500	155.000
Starfsfólk	Fjöldi	431	567	712
Karlar	%	43%	42%	45%
Konur	%	57%	58%	55%
Þjóðerni	Fjöldi	-	28	40
Meðalaldur	-	34	35	34,2
Íslenslendingar	%	68%	72%	60%
Útlendingar	%	32%	28%	40%
Aldur >50 (%)	%	14%	12%	11%
Aldur 30-50 (%)	%	45%	48%	47%
Aldur <30 (%)	%	41%	40%	42%
Hlutastarf (%)	%	14%	16%	14%
Fullt starf (%)	%	86%	84%	86%
Launamunur kynjanna	%	1,70%	1,50%	0,60%
Skýringarhlutfall	%	94,9%	96,5%	96,2%
Fjöldi kennslustunda	Fjöldi	-	2.580	6.408
Rafræn fræðsla (%)	%	-	5%	2%
Staðbundin þjálfun og fræðsla (%)	%	-	95%	98%
Starfsfólk frá vinnu vegna vinnutengdra slysa	Fjöldi	24	5	14
Samfélagsverkefni	Milljónir ISK	72	50	105

GHL: Gróðurhúsalofttegundir

Framlag til samfélagsins

Beint efnahagslegt virði í milljónum ISK*	2022	2021	2020	% vöxtur
2020-2022				
Tekjur	15.879	7.224	5.074	212,96%
Rekstrarkostnaður**	5.066	3.171	2.872	76,42%
Laun og launatengd gjöld	7.102	3.731	4.146	71,26%
Arður til hluthafa	0	0	0	
Greiðsla vsk.	1.051	421	168	650,21%
Eignaskattur	138	129	116	19,93%
Tollagjöld	83	10	27	197,95%
Tekjuskattur	0	0	0	0%
Samfélagsstyrkir	105	48	72	45,44%
Heildar efnahagslegt framlag	13.546	7.512	7.374	83,69%
Efnahagslegur ávinningur	-2.333	- 288	- 2.300	-201,43%
Hlutfall af efnahagslegu framlagi	85%	104%	145%	-41,30%
Almennur úrgangur	%	68%	65%	42%

* Meðalgengi EUR/ISK = 142,33
** Án afskrifta

Lækningalind Bláa Lónsins

Í mörg ár hefur fyrirtækið boðið Íslendingum náttúrulega meðferð við psoriasis í Lækningalind Bláa Lónsins án endurgjalds og ríkinu að kostnaðarlausu. Meðferðin er samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum sem meðferðarvalkostur fyrir psoriasis sjúklinga.

Á síðasta ári veitti Bláa Lónið psoriasis sjúklingum, sem sjúkratryggðir eru á Íslandi, meðferð þeim að kostnaðarlausu rétt eins og undanfarin ár. Fjöldi meðferðarskipta á árinu voru tæplega 1892.

Innkaupahættir

Bláa Lónið skilgreinir staðbundna birgja sem þá er hafa löglegar höfuðstöðvar innan 80 km* radíuss frá starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi. 80 km vegalengd er tilgreind í mati B-Impact, samkvæmt skilgreiningu þeirra á „staðbundnum birgjum“. Árið 2022 var um 72% af heildarkostnaði til birgja beint til íslenskra birgja, og þar af voru rúmlega 97% þeirra birgja í innan við 80 km fjarlægð frá starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi. Auk þess voru 22,5% birgja staðsettir innan Suðurnesja.

Birgjar	Upphæð 2022	%
Ísland	30.491.082	71,7%
Erlendis	12.020.746	28.3%

Íslenskir birgjar	Upphæð 2022	%
80 km	23.631.474	97,43%
Suðurnes	785.979	22.5%

Gegn spillingu

Engin tilfelli tengd spillingu voru skráð árið 2022.

Samkeppnishamlandi starfshættir

Engin slík tilfelli voru skráð á árinu 2022.+

Skattspor

Bláa Lónið fylgir lagalegum kröfum um skattlagningu í samræmi við skattalagasafn ríkisskattstjóra: <https://skattalagasafn.rsk.is/>

Fjármálastjóri félagsins ber ábyrgð á útreikningum og greiðslum í samræmi við kröfur skattalaga. Búið er að skilgreina ferla Fjármálasviðs og þeir teknir út af óháðum þriðja aðila.

Félagið fylgir ávallt lagalegum kröfum eins og fram kemur í almennri stefnu félagsins.

Umhverfisvísar

Raforka

Umhverfisþættir	Einingar	2019	2020	2021	2022
Raforkunotkun	kWh	6.258.751	4.163.432	4.509.743	5.837.915
Þróunarsetrið	kWh	316.095	311.699	264.566	290.981
Silica Hotel	kWh	216.435	174.928	239.080	286.659
Blue Lagoon	kWh	2.221.442	1.682.329	1.779.349	2.029.463
Retreat Hotel og Spa	kWh	1.675.763	1.341.401	1.393.007	1.637.868
Þvottahús & vöruhús	kWh	1.829.016	653.075	830.113	1.485.444
Verslun á Laugarvegi 15	kWh	-	-	-	23.190
Urriðaholt	kWh	-	-	-	60.033
Verkstæði	kWh	-	-	-	24.277
Raforkunotkun á hvern gest	kWh/gest	7,17	17,72	11,44	7,15

Kolefnisjöfnun

Umhverfisþáttur	Eining	2019	2020	2021	2022	Uppsafnað síðan 2019
Gróðursett tré	Fjöldi	17.900	7.830	6.430	10.130	42.290

Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)

Umhverfisþættir	Einingar	2019	2020	2021	2022
Heildarlosun GHL	tonn CO _{2eq}	1.790	783	643	1.038
Umfang 1	tonn CO _{2eq}	1.085	494	493	524
Umfang 2	tonn CO _{2eq}	341	41	47,6	60
Umfang 3	tonn CO _{2eq}	363	248	102	454
GHL á hvern gest (Umfang 1&2)	kgCO _{2eq} /gest	1,6	2,3	1,4	0,7

Notast var við losunarstuðla frá UST og DEFRA í útreikningum í losunarbókhaldinu til að taka tillit til allra GHL og hnatthlýnunarmáttur er úr fimmtu matsskýrslu IPCC (AR5). Losun GHL var afmörkuð við rekstrareiningar félagsins (e. Operational control).

Vatn og affall

Umhverfisþættir	Einingar	2019	2020	2021	2022	% vöxtur
2021-2022						
Notkun á heitu vatni	m³	367.143	280.492	274.679	292.679	7%
Heitt vatn á hvern gest	m³/gest	0,42	1,19	0,70	0,36	-49%
Notkun á köldu vatni	m³	259.210	122.933	129.605	184.909	43%
Kalt vatn á hvern gest	m³/gest	0,30	0,52	0,33	0,23	-31%
Notkun á heitum jarðsjó	m³	3.020.081	2.194.837	1.844.411	2.517.195	36%
Þvottahús & vöruhús	kWh	1.829.016	653.075	830.113	1.485.444	

Úrgangur

Úrgangsflokkar	2022 [Tonn]	Fjölbreytileiki lífs
Blandaður úrgangur	233,7	Ekki er haldið sérstaklega utanum þennan málaflokk. Eitt af verkefnum 2023 er að finna leið til að meta áhrif reksturs á fjölbreytileika lífs.
Hreint timbur	4,0	
Timbur litað/plasthúðað	10,0	
Lífrænn úrgangur	121,3	
Bylgjupappi	30,7	
Grófur úrgangur	30,0	
Blátunna	14,1	
Trúnaðarskjöl	0,3	
Plastumbúðir	8,8	
Óflokkaður úrgangur	6,8	
Fiskiúrgangur	6,4	
Matarolía	2,5	
Brotajárn efni 3	2,2	
Gler	1,4	
Fitugildrur	81,0	
Heildarmagn	553,2	

Pappír	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Prentuð blöð	392.500	331.000	319.500	222.500	103.000	57.500	155.000
Prentuð blöð / 1000 gesti	350	259	255	255	438	146	190

Mannauður

Lykiltölur	Alls
Fjöldi starfsfólks 31/12/2022	712
Fjöldi þjóðerna	40
Meðalaldur starfsfólks	34,2

	Alls	Hlutfall
Þjóðerni		
Íslenskt	426	60%
Erlent	286	40%

Starfshlutfall		
Hlutastarf	103	14%
Fullt starf	609	86%

Ráðning		
Tímabundið starf	116	16%
Framtíðarstarf	596	84%

Kynjahlutfall		
Karlar	319	45%
Konur	393	55%

Búseta		
Stór-Reykjavíkursvæðið	293	41%
Reykjanes	401	56%
Annars staðar	18	3%

Nýráðningar og starfsmannavelta

Nýráðningar 2022	Alls	Hlutfall
Konur	225	56%
Karlar	178	44%
Útlendingar	216	54%
Íslendingar	187	46%
Aldur < 30	251	62%
Aldur milli 30 og 50	130	32%
Aldur > 50	22	5%

Starfsmannavelta 2022	Alls	Hlutfall
Konur	28	4,3%
Karlar	20	3,1%
Útlendingar	13	2%
Íslendingar	35	5,4%
Aldur < 30	28	4,3%
Aldur milli 30 og 50	19	2,9%
Aldur > 50	1	0,1%
Year-over-year change for contractors and/or consultants	Tölur ekki til fyrir 2022	Tölur ekki til fyrir 2022

Fríðindi fyrir starfsfólk

Bláa Lónið veitir starfsfólki sínu margvísleg fríðindi, þar á meðal:

Fríðindi starfsfólks	Eðli fríðinda	Nánar
Líkamsræktarkort eða ræktarstyrkur	Líkamsrækt	Allt starfsfólk
Golfvöllur Grindavík	Golf/líkamsrækt	Allt starfsfólk
Sundlaugar í Grindavík og Reykjanesbæ	Heilsuefling	Allt starfsfólk
Vök Baths Fellabæ		Allt starfsfólk + 1 gestur
Sjóbböðin Húsavík		Allt starfsfólk + 1 gestur
Jarðböðin Mývatni		Allt starfsfólk + 1 gestur
Fontana Laugarvatni		Allt starfsfólk + 1 gestur
Farmers Market	Afsláttur	30% fyrir starfsfólk
66North	Afsláttur	30% fyrir starfsfólk
Flothetta	Afsláttur	30% fyrir starfsfólk
212 Veitingahús	Afsláttur	15% fyrir starfsfólk
Einn tveir og elda	Afsláttur	15% fyrir starfsfólk
Sælkerabúðin	Afsláttur	10% fyrir starfsfólk
Ásbjörn Ólafsson	Afsláttur	20% fyrir starfsfólk
Heimilisþrif	Afsláttur	20% fyrir starfsfólk

Efnt var til margvíslegra viðburða og skemmtana fyrir starfsfólk Bláa Lónsins á árinu 2022:

Fríðindi starfsfólks	Eðli fríðinda	Nánar
Starfsdagur	Hópefli	Kynning á nýju Leiðarljósi og gildi fyrirtækisins Well-being for people and planet/ We inspire
Páskagleði	Upplyfting	páskagjafir, kaffivagn og léttleiki
Þjálfunarvika	Þjálfun	Nýtt starfsfólk boðið velkomið í Grósku í maí
Bláa Lóns áskorun	Heilsuefling	Starfsfólk hvatt til að huga að heilsunni
Fjölskyldudagur	Blue Lagoon Family	Fjölskyldudagur í Grindavík fyrir starfsfólk og fjölskyldur
Brighton	Skemmtiferð	Árshátíðarferð, 2x ferðir (mars og apríl)
Afmælisveisla Bláa Lónsins 30 ára	Skemmtun	Haldið var upp á 30 ára afmæli BL með matarvögnum og skemmtilegheitum í júní í portinu hjá Starfsmannainngangi í BL
Blátoppur gönguferð	Heilsuefling	Starfsfólk BL fór saman í gönguferð yfir Fimmvörðuháls
Heilsuvika/Hreyfivika	Heilsuefling	Fengum til okkar Hjól, hlaupabretti, jafnvægisstanda til að hafa til heilsueflingar á skirfstofum stoðsviða í 1 viku. Hreyfikeppni milli deilda þar sem R&D sigraði
End of Summer Party	Skemmtiferð	Sigling út á Faxaflóa með starfsfólk
Gróðursetningardagur	Umhverfisvitund	Gróðursettum tré til að kolefnisjafna Brighton ferðina og auka umhverfisvitund
Flutningar í Urriðaholt	Employee	Stoðsvið fluttu í Urriðaholt með viðeigandi skipulagsbreytingum
Bleikur Október	Cancer Awareness	Fræðsla, kaffivagn, konukvöld þar sem starfsfólk gat boðið gesti til að hlusta á fræðslufyrirlestur frá Ljósinu hlusta á Lay Low og fara síðan í Lónið í lok kvölds
Októberfest	Starfsmanna-skemmtun	2x Októberferst fyrir starfsfólk
Jólabjórsmökkun og Pubquiz í Urriðaholti	Skemmtun	Pub quiz, jólabjórsmökkun og Herbert Guðmundsson kom
Pub Quiz og Hvítvínskonan á The Bridge	Skemmtun	Pub Quiz og bjórkvöld í Keflavík x2 kvöld
Afláttardagar fyrir starfsfólk fyrir jólagjafir	Employee Care	Starfsfólk fékk aðgengi að afláttarkjörum til að léttu sér jólastressið í desember
BL meditation Mondays	Wellbeing	Hugleiðsla 6 mánudaga fyrir jól sem var í beinu streymi á WP
Jólabíó fjölskyldunnar	Employee Care	Jólabíó fjölskyldu starfsmanna BL í Bíó Paradís
Starfsmanna afláttardagar	Employee Care	Starfsfólk fékk aukaafslátt af öllum Bláa Lóns vörum í verslunum okkar 5.- 8. desember
Aðventugleði og afhending jólagjafa	Employee Care	Tónlistarfólk, jólamatur, jólagjöf afhent bæði í Bláberinu og Esju
Bíóferðir	Employee Care	Bíóferðir á vegum starfsmannafélagsins var nokkrum sinnum yfir árið
Vörugjafir	Employee Care	Starfsfólk BL fékk vörugjafir þegar nýju húðvörur okkar komu út, BL+ krem, BL+ Retinol ásamt nýliðagjöfum þegar starfsfólk hefur störf hjá BL

List of activities	Type of activities	Details
Framadagar	Talent Branding	Sponsor á Framadögum, kynning á starfssemi BL
Mottumars	Cancer Awareness	
Skólaheimsóknir	Talent Branding	Kynning á starfssemi og
Afmælisveisla Bláa Lónsins 30 ára	Skemmtun	Haldið var upp á 30 ára afmæli BL með matarvögnum og skemmtilegheitum í júní í portinu hjá Starfsmannainngangi í BL
Bleikur Október	Cancer Awareness	Fræðsla, kaffivagn, konukvöld þar sem starfsfólk gat boðið gesti til að hlusta á fræðslufyrirlestur frá Ljósinu hlusta á Lay Low og fara síðan í Lónið í lok kvölds

Fæðingarorlof
Employees entitle to parental leave: 100% of employees

Fæðingarorlof tekið á árinu 2022	Konur	Karlar
Starfsfólk í fæðingarorlofi í árslok 2022	12	4
Starfsfólk sem sneri ekki aftur til vinnu að loknu fæðingarorlofi 2022	2	0
Starfsfólk sem sneri aftur eftir fæðingarorlof 2022 en hætti innan 2ja mán.	0	4
Starfsfólk enn í vinnu eftir fæðingarorlof 2022	7	17
Heildartala	21	25
Starfsfólk sem sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof og var enn á launaskrá 12 mánuðum eftir lok fæðingarorlofs	Gögn ekki enn tiltæk fyrir2022	Gögn ekki enn tiltæk fyrir2022
Hlutfall starfsfólks sem sneri aftur eftir fæðingarorlof	77%	100%

Þjálfun starfsfólks varðandi heilsu og öryggi í starfi

Efni þjálfunar	Hvar	Áhersla	Fjöldi starfsfólks	Fjöldi k. stunda
Greenfit – heilsa og mataræði	Á netinu	Holtt mataræði	54	1
Stress, a friend or a foe?	Staðkennsla	Allt um stress og hvernig skal bregðast við því	15	1
Fyrsta hjálp og björgun	Staðkennsla	Fyrsta hjálp fyrir gæslufólk	24	18
Fyrsta hjálp fyrir skrifstofu	Staðkennsla	Fyrsta hjálp - grunnnámskeið	20	2
Fyrsta hjálp fyrir framlínu	Staðkennsla	Fyrsta hjálp	112	4
Wellbeing for people	Staðkennsla	Vinnustofa fyrir starfsfólk	28	1
Staða/vinna við skifborð	Staðkennsla	Aðstoð fyrir starfsfólk til að finna rétta stöðu við borð	15	1
Fyrirlestur um viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi	Staðkennsla	Gegn einelti og ofbeldi	34	1

Þjálfun og símenntun

Á netinu	Konur	Karlar	Klst á starfsfólk
Bláa Lónið og samfélagsábyrgð	55	16	meðaltal 12 mín.
Velkomin í teymið - nýtt starfsfólk	143	99	meðaltal 20 mín.
Sjálfbær þróun - markmið	22	9	meðaltal 7 mín.
Persónulegt hreinlæti og framkoma	112	57	meðaltal 5 mín.
Viðbrögð við ógnandi hegðun og stuldi	62	22	meðaltal 13 mín.
Greenfit – heilsa og holtt mataræði	%	%	1

Netkennsla/staðkennsla	
Netkennsla	2%
Staðkennsla	98%

Staðkennsla - námskeið sem fóru fram á ensku	Konur	Karlar	Klst á starfsfólk
Advanced customer service skills for F&B person-ell	16	9	3,5
Advanced customer service skills for F&B person-ell (manager edition)	5	6	3,5
Advanced selling skills for retail	27	0	7,5
Cultural Awareness	23	7	1
First aid and rescue	2	28	1
First aid office edition	19	1	4
First aid; Basic training	74	38	4
Hospitality	107	67	2
Hospitality service standards - The Retreat academy	13	14	8
Humor works for real	37	35	1
Introduction to digital automation in work	14	6	2
Leadership - to find the tempo	7	3	3
Leading through strengths	12	7	3
Lecture about reactions against bullying, harassment and violence	28	6	1
Management training - team Retreat	21	20	18
One on one workshop	20	7	27
Purpose and activation - leadership	16	10	26
Powerautomate - digital leaders	14	6	4
Power BI - digital leaders	14	6	4
Quality of service - Massimo & partners	24	14	7,5
QUEER 101	8	2	1
Skin Care product training	90	40	1
Train the trainer	26	14	1
Uniform standards	114	46	1
We Create Memories	134	67	6,5
Welcome to the team	87	40	1
Wellbeing for people	19	9	1
Wellbeing for planet	24	11	1
Positive communication	3	22	2

Þjálfun starfsfólks samtals	Fjöldi starfsfólks	Kennslustundir alls	Meðalfjöldi kennslustunda
Allt starfsfólk	712	6407,5	8,9

Kennsla til að auka hæfni starfsfólks og styðja við þróun í starfi

Heiti námskeiðs og helstu þættir kennslu	Fjöldi þátttakenda
Advanced customer service skills - manager edition	11
Advanced customer service skills for F&B	25
Advanced selling skills for retail	27
Finding the tempo - leadership	10
Automatation / digital robots - digital leaders	20
Greenfit health lecture in english	54
Hospitality service standards - The Retreat academy	40
Humor works for real	72
Introduction to digital automation in work	20
Lecture about bullying harassment and violence	34
Management training w/ The Retreat academy	41
One - on one training and workshop	27
Power BI - digital leaders	20
Powerautomate - digital leaders	20
Quality of service - The Retreat academy	38
Queer 101	10
Strength based management - leadership	19
Purpose and activation - leadership	26
Wellbeing for people	28
Wellbeing for Planet	35
Visit to the R&D Center	100
Positive communication	25

Fjölbreytileiki meðal stjórnenda og starfsmanna

Deildir og einingar	Fj. kvenna	Fj. karla	% konur	% karlar
Allt starfsfólk	393	319	55%	45%
Aðrir	301	264	53%	47%
Vaktstjórar og verkefnastjórar	23	11	68%	32%
Sérfræðingar	45	22	67%	33%
Millistjórnendur	18	14	56%	44%
Yfirstjórn	3	4	43%	57%
Aðalstjórn	3	4	43%	57%

Samsetning starfsfólks	Aldur < 30	Aldur 30-50	Aldur > 50	% Aldur < 30	% Aldur 30-50	% Aldur > 50
Allt starfsfólk	298	336	78	42%	47%	11%
Aðrir	280	230	55	50%	41%	10%
Vaktstjórar og verk-efnastjórar	7	25	2	21%	74%	6%
Sérfræðingar	9	52	6	13%	78%	9%
Millistjórnendur	2	25	5	6%	78%	16%
Yfirstjórn	0	25	5	0%	29%	71%
Aðalstjórn	0	2	5	0%	29%	71%

Samsetning starfsfólks	Fjöldi ísl.	Fjöldi erl.	% ísl.	% erl.
Allt starfsfólk	426	286	60%	40%
Aðrir	295	270	52%	48%
Vaktstjórar og verkefnastjórar	22	12	65%	35%
Sérfræðingar	66	1	99%	1%
Millistjórnendur	29	3	91%	9%
Yfirstjórn	7	0	100%	6%
Aðalstjórn	7	0	100%	0%

Hlutfall grunnlauna og hlunninda karla og kvenna

Jafnlaunavottun	2019	2020	2021	2022
Launamunur kynjanna	1,47%	1,7%	1,5%	0,60%
Skýringarhlutfall	94,2%	94,9%	96,5%	96,20%

Jafnrétti

Engin skráð atvikið um mismunun voru árið 2022 né heldur þurfti að grípa til aðgerða þar að lútandi á árinu.

Frelsi til þátttöku í stéttarfélagum og frjáls aðild að kjarasamningum

Á Íslandi byggist vinnumarkaðurinn aðallega á kjarasamningum. Félagsfrelsi, kjarasamningar og iðnaðarsambönd byggjast á landslögum og Bláa Lónið starfar í fullu samræmi við þau.

Barnaþrælkun

Á Íslandi eru sérstök lög í gildi um störf barna og unglunga. Almenn taka stéttarfélög á málaflokknum og koma í veg fyrir að barnaþrælkun eigi sér stað.

Eftirfarandi eru dæmi um reglur sem íslenskt stéttarfélag starfar eftir:

- Börnum yngri en 13 ára er ekki heimilt að vinna langan vinnudag á hverjum degi og geta í slíkum tilvikum aðeins tekið að sér mjög létt verk eins og í menningu, listir og íþróttaviðburðum.
- Börnum á aldrinum 13-14 ára er heimilt að vinna létt og örugg störf eins og þjónustustörf.
- Unglingum á aldrinum 15-17 ára er heimilt að vinna flest störf nema þau sem eru talin hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeim er óheimilt að vinna með hættuleg efni eða vélar.
- Næturvinna barna og unglunga er bönnuð.
- Samkvæmt lögum verða börn og unglingar (allt að 18 ára) að hafa tvo daga frí á viku og 12-14 klukkustunda hvíld á sólarhring (14 klukkustundir fyrir 13-14 ára börn, 15 klukkustundir fyrir 15 ára unglunga sem stunda skyldunám og 12 klukkustundir hjá unglungum á aldrinum 15 til 17 ára).

- Vinna barna og unglunga verður að fara fram undir eftirliti einstaklings sem hefur náð 18 ára aldri.

- Foreldrar hafa eftirlitsskyldu gagnvart börnum sínum þegar þau koma inn á vinnumarkaðinn. Börnum allt að 18 ára er óheimilt að skrifa undir ráðningarsamning nema með samþykki foreldra sinna.

Nánar má lesa hér: vinnueftirlitid.is

Nauðungarvinna

Í Bláa Lóninu er enginn þvingaður til að sinna nauðungarvinnu. Öllum er frjálst að sinna störfum að eigin óskum viðkomandi með tilliti til tiltækra staða og faglegrar færni sem krafist er fyrir hverja stöðu.

Hagaðilagreining

1. Þekkir þú til sjálfbærnimála? (t.d. samfélagsábyrgð (CSR), Umhverfis þættir, félagsþættir og stjórnarhættir (UFS), sjálfbær þróun, kolefnis hlutleysi o.s.frv.)
2. Hefur þú lesið sjálfbærnisráðgjafarlýðnir okkar fyrir 2021? arsskyrsla2021.bluelagoon.is
3. Að þínu mati, hversu mikilvægir eru eftirfarandi UMhverfisLEGIS málaflokkar fyrir rekstur Bláa Lónsins?
4. Veldu einn umhverfisþátt sem þú telur mikilvægastan af ofangreindum þáttum.
5. Að þínu mati, hversu mikilvægir eru eftirfarandi FÉLAGSLEGIS málaflokkar fyrir rekstur Bláa Lónsins?
6. Veldu einn félagslegan þátt sem þú telur mikilvægastan af ofangreindum þáttum.
7. Að þínu mati, hversu mikilvægir eru eftirfarandi FJÁRHAGSLEGIS málaflokkar fyrir rekstur Bláa Lónsins?
8. Veldu einn efnahagslegan þátt sem þú telur mikilvægastan af ofangreindum þáttum.
9. Hefur þú heyrt af einhverjum aðgerðum sem Bláa Lónið hefur farið í á síðustu 3 árum til að skapa verðmæti fyrir samfélagið?
10. Hvernig upplifir þú Bláa Lónið tengt sjálfbærni?
11. Hvaða aðgerðir ætti Bláa Lónið að leggja áherslu á í framtíðinni varðandi umhverfislega og félagslega þætti?
12. Hefur þú áhuga á að vita meira um samfélags- og sjálfbærnimál Bláa Lónsins?
13. Hvaða samskiptaleiðir telur þú að Bláa Lónið ætti að nota til að auka vitund á sjálfbærnimálum?

Áherslur í heims- markmiðum

3 – Heilsa og vellíðan

Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögggu til grafar.

3.8

Komið verði á heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð fjárhagslegri stöðu, aðgengi veitt að góðri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og að öruggum, virkum og nauðsynlegum lyfjum og bóluefni á viðráðanlegu verði fyrir alla.

7 – Sjálfbær orka

Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

7.2

Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.

7.3

Eigi síðar en árið 2030 verði orkunýting orðin helmingi betri.

9 – Nýsköpun og uppbygging

Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

9.2

Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla og eigi síðar en árið 2030 hafi hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu aukist verulega í ljósi aðstæðna heima fyrir og tvöfaldast í þeim pró-unarlöndum sem skemmst eru á veg komin.

9.3

Aukið verði aðgengi lítilla iðnfyrirtækja og annars konar fyrirtækja, einkum í pró-

unarlöndum, að fjármálaþjónustu, meðal annars að hagstæðum lánum. Einnig verði þáttur þeirra í verðmætakeðjum og á mörkuðum aukinn.

9.4

Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.

9.5

Vísindarannsóknir verði eflar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölg-að störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

12 – ábyrg neysla og framleiðsla

Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

12.1

Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.

12.2

Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.3

Eigi síðar en árið 2030 hafi soun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnk-að um helming á hvern einstakling um

heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.

12.4

Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.

12.5

Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr soun.

12.6

Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

12.7

Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.

12.8

Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

13.1

Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

13.2

Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

13.3

Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.

Stefnur Bláa Lónsins

Meginstefna Bláa Lónsins

Gæði | Heilsa & Öryggi | Umhverfi & Sjálfbærni | Mannauður | Samfélagsleg ábyrgð

Stefna Bláa Lónsins er hið miðlæga leiðarljós félagsins, hin siðferðilega og stefnumarkandi hugmyndafræði rekstrar- og stjórnunarháttanna. Þar eru kjarnaðir fimm stefnuþættir sem ná yfir umhverfismál, heilsu og öryggi, mannauð, gæði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins. Þessi stefna tekur til allra þátta starfsemi Bláa Lónsins og veitir yfirsýn yfir meginstoðir fyrirtækisins sem sjá til þess að Bláa Lónið er í senn hvetjandi vinnustaður, þekkt miðstöð rannsóknna og læknismeðferða, framleiðandi lífvirkra húðvara, heilsulind á heimsmælikvarða og fyrirmynd á sviði sjálfbærni.

Umhverfi

Umhverfi okkar er heilagt. Við leitumst stöðugt við að rækta og hlúa að sambandi manns og náttúru og tryggja að það sé ávallt í fullri sátt. Þessi viðleitni er meitluð í setningunni „*samfélag án sóunar*“ og birtist í sjálfbærum, kolefnishlutlausum og plastlausum rekstri Bláa Lónsins.

Heilsa og öryggi

Í grunninn gengur starfsemi Bláa Lónsins út á að búa til minningar. Á meðan ánægja er lykilatriði er heilsa og öryggi í öndvegi. Líkamleg og andleg vellíðan starfsmanna okkar, gesta og viðskiptavina er í fyrirrúmi í starfsemi okkar. Með árvekni sem hverfist um „*öryggi ávallt*“, viðbragðsstýringu allan sólarhringinn, og fyrirtækjamenningu sem hvetur til gagnkvæmrar umhyggju og virðingar, tryggjum við heilbriggt og öruggt umhverfi fyrir bæði starfsmenn og gesti.

Mannauður

Fólkið er verðmætasta auðlind Bláa Lónsins. Fyrirtækið leitast við að skapa nærandi

og dýnamískan vinnustað sem grundvallast á jafnrétti, nýsköpun, umhyggju, virðingu, trausti og teymisvinnu. Hver starfsmaður fær tækifæri til að auka þekkingu sína og nýta möguleika sína til að vaxa, með persónulegum og faglegum hætti. Fyrirtækið leggur um leið áherslu á mikilvægi heilbrigðs jafnvægis milli vinnu og einkalífs.

Gæði

Bláa Lónið leitast við að bjóða gestum sínum og viðskiptavinum vörur, þjónustu og upplifun í hæsta gæðaflokki og skapa þannig ógleymanlegar minningar. Við náum þessu markmiði með stöðugum umbótum, nýsköpun, aðlögun og öflugu gæðaeftirliti. Stöðug sókn okkar að framúrskarandi árangri knýr okkur til að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar um leið og við umbreytum veikleikum í styrkleika.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR)

Bláa Lónið er fyrirmynd meðal fyrirtækja á öllum sviðum starfseminnar og uppfyllir eða fer fram úr öllum kröfum sem lög og reglugerðir kveða á um. Með fimm gildum Bláa Lónsins – *Við sýnum umhyggju, við sýnum virðingu, við veitum gleði, við veitum innblástur og við búum til minningar* – grundvallast nálgun fyrirtækisins á mannréttindi, sem og aðgát þegar kemur að félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum rekstrar síns. Þá hafa vísindarannsóknir verið aðalsmerki hugmyndafræði Bláa Lónsins frá stofnun þess. Við erum stöðugt að auka við þekkingu á náttúruauðlindum okkar og deilum niðurstöðum opinskátt. Með áherslu á sjálfbærni, upplýsingagjöf og góðgerðarstarfs til stuðnings nærsamfélaginu, stefnir Bláa Lónið að því að vera leiðandi á sviði vellíðunar.

Þegar allt kemur til alls skapar samspil og samruni þessara fimm þátta alltumlykjandi hugmyndafræði sem kjarnast í virðingu fyrir umhverfinu, heiðarlegum og samheldnum vinnustað, forgangi heilsu og öryggis, hæstu viðmiðum fyrir þjónustu og vörur, og óbilandi metnaði til að skapa ógleymanlegar minningar og vera eftirsóttasti áfangastaður veraldar.

Gæðastefna

Bláa Lónið er á heiðurslista National Geographic sem eitt af 25 undrum veraldar. Við leitumst í hvívetna við að ná afburða árangri í starfi okkar þegar við veitum viðskiptavinum um allan heim gæðavöru og þjónustu. Um leið erum við í stöðugri aðlögun að sístækkandi markaði fyrir vellíðan og aukin lífsgæði.

Stöðugar umbætur

Við hlustum á óskir viðskiptavina okkar og aðlögun vinnu okkar stöðugt að þeim. Þannig auðgum við upplifun þeirra. Við leitum til hagsmunaaðila okkar og aðlögun og bætur rekstrarumhverfið til samræmis við ábendingar þeirra. Við drögum úr úrgangi í öllum okkar ferlum með því að auka skilvirkni og framleiðni með sjálfbærum hætti í starfsemi okkar, um leið og hlúð er að teymisvinnu og öflugum starfsanda.

Gæðatrygging

Við viðhöldum virkum gæðastýringum með öflugu gæðaeftirliti til að sporna við göllum og frávikum í vörum okkar og þjónustu. Við treystum á stjórnkerfi okkar og stöndum vörð um áreiðanleika þess með reglubundnum skoðunum og uppfærslum. Þannig sköpum við verðmæti í sátt við náttúruna og tryggjum tiltrú viðskiptavina á gæðakerfi Bláa Lónsins.

Að skapa einstakar minningar

Við veitum þjónustu og bjóðum vörur sem fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar og sköpum minningar sem vara alla

ævi. Við erum öll hluti af þessu ferðalagi og upplifun viðskiptavina okkar er kjarni alls sem við gerum og segjum. Við erum eitt af undrum veraldar og við leitumst við að veita eftirsóttustu upplifun sem þekkist.

Heilsu- og öryggisstefna

Öruggt og heilsusamlegt umhverfi er grundvöllur þess að skapa einstakar og varanlegar minningar. Þessi stefna miðar að því að tryggja öryggi, vellíðan og jákvæða upplifun til handa hverjum starfsmanni sem og gesti. Við byggjum sífellt upp ófrávikjanlega öryggismenningu innan fyrirtækisins þar sem innblásturinn og leiðarljósið eru gildin okkar: Við sýnum umhyggju; Við sýnum virðingu; Við veitum gleði; Við veitum innblástur og Við sköpum minningar.

Árvekni

Við hvetjum til áhættumeðvitundar til að lágmarka áhrif af mögulegum hættum í umhverfi okkar. Með „öryggi ávallt“ hugafer í öndvegi metum við áhættur, og innleiðum og viðhöldum fyrirbyggjandi stýringar með öflugri þjálfun, hreinlæti, viðhaldi, samskiptum og grunnorsakagreiningu.

Viðbragð

Með kerfisbundnu eftirliti og aðstoð við allar starfseiningar gerum við öryggi og öruggleika að ófrávikjanlegum hluta af daglegri starfsemi. Með þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem er í stöðugri þróun og opin allan sólarhringinn tryggjum við að viðbrögð við neyðartilvikum séu skilvirk og áhrifarík. Við erum ávallt reiðubúin og til taks.

Að sýna umhyggju

Öll berum við ábyrgð á eigin öryggi og annarra í kringum okkur og leitumst ávallt við að skilja og meta helstu áhættur í umhverfi okkar. Um leið og við mótum í sameiningu menningu þar sem öryggi, virðing og umhyggja eru viðvarandi á öllum sviðum starfsemi Bláa Lónsins, þá komum

við mikilvægum öryggisþáttum og áríðandi upplýsingum til skila innan fyrirtækisins og til gesta okkar.

Umhverfisstefna

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er hornsteinn hugmyndafræði Bláa Lónsins og það sækir innblástur í kjörorð Auðlinda-garðsins: samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum spröttið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum:

Sjálfbærni

Við sýnum náttúruauðlindum okkar virðingu með því að nýta þær með skilvirkum hætti og draga úr sóun jafnt í framleiðslu sem þjónustu. Með því að leita stöðugt nýrra leiða til að fullnýta náttúrulega auðlindastrauma jarðvarma bætum við upplifun viðskiptavinarins og mótum nýjar vörur. Með því að vernda og rannsaka hið náttúrulega vistkerfi Bláa Lónsins og viðhalda jafnvægi þess með vísindalegri nálgun stöndum við vörð um friðhelgi hins viðkvæma umhverfis okkar og hvetjum gesti okkar til að gera slíkt hið sama.

Kolefnisjöfnun

Með þekkingu aukum við skilning okkar á einstakri náttúru Bláa Lónsins og áhrif okkar á umhverfið. Við bjóðum viðskiptavinum okkar kolefnishlutlausu upplifun í Bláa Lóninu og allri okkar þjónustu. Við jöfnum út alla losun koltvísýrings og hlutleysum þannig áhrif okkar á loftslagsbreytingar og bjóðum gestum okkar upp á raunverulega sjálfbærar vörur, þjónustu og upplifun. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori okkar og auka sjálfbærni.

Plastlaus upplifun

Við drögum úr umhverfisáhrifum okkar með því að endurvinna og lágmarka sóun. Við stefnum á að bjóða viðskiptavinum okkar plastlausu upplifun, með útilokun á einnota plasti og notkun margnota eða umhverfisvænna umbúða og hráefna.

Við uppfyllum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.

Samfélagsstefna

Samfélagsstefna Bláa Lónsins vísar til þeirra reglubóða sem stjórna því hvernig fyrirtækið hagar sinni starfsemi svo tryggja megir að öll starfsemi þess hafi jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Stefnunni er ætlað að sjá til þess að fyrirtækið starfi siðferðilega. Þar er umhyggja fyrir mannréttindum í forgrunni en einnig full aðgát fyrir félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum sterfseminnar. Fyrirtækið uppfyllir eða fer fram úr grunnviðmiðum sem sett eru í viðeigandi lögum eða bestu starfsvenjum.

Sjálfbærni er miðpunkturinn

Sjálfbærni endurspeglar í hverjum hluta starfsemi Bláa Lónsins og sífelldri þróun þess. Sjálfbærni birtist í virðingu okkar hvert fyrir öðru jafnt og virðingu fyrir umhverfinu. Gildi okkar eru, Við sýnum umhyggju, Við sýnum virðingu, Við veitum gleði, Við veitum innblástur og Við sköpum minningar. Þau eru samofin fyrirtækjamenningu okkar og eiga jafnt við um starfsfólk Bláa Lónsins og gesti þess.

Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er veigamikill þáttur í starfsemi Bláa Lónsins. Frá stofnun hefur fyrirtækið fagnað sinni samfélagslegu ábyrgð og nálgast málefnið frá mörgum hliðum í samræmi við breytilegt umhverfi í viðskiptum og samfélagi. Markmið okkar er að tryggja að samfélagsábyrgð sé fléttuð inn í kjarnastarfsemi okkar og daglegan rekstur.

Við styðjum sjálfbærni á flestum sviðum starfsemi okkar og viljum viðhalda sambandi sem einkennist af sátt og samlyndi við samfélagið. Við stefnum að því að vera fyrirmynd innan ferðaþjónustunnar og vera öðrum leiðarljós hvað varðar samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Starfsfólk

Verðmætasta auðlind Bláa Lónsins er starfsfólk þess. Það er grundvöllurinn að hinni einstæðu upplifun gesta okkar og framlag starfsfólksins tryggir áframhaldandi velgengni fyrirtækisins.

Hver einstaklingur í hópi starfsfólksins lítur á sig sem ógleymanlegan gestgjafa og leitast við að veita gestum okkar framúrskarandi þjónustu. Þjálfun og menntun starfsfólks er lykilatriði í velgengni Bláa Lónsins. Skýr þjálfunaráætlun veitir öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að auka færni sína og bæta við þekkingu sína í starfi.

Líkamleg og andleg heilsa eru forsenda vellíðunar. Starfsfólk fær því drjúg tækifæri til að hreyfa sig reglulega. Auk þess býður fyrirtækið upp á árlegar læknisskoðanir og bólusetningar. Öll upplifun Bláa Lónsins og tengdir starfsferlar eru áhættumetin með tilliti til öryggis, heilsu og umhverfis og viðeigandi stýringum beitt til að lágmarka slysaættu. Fyrirtækið hefur skilgreint, skráð og framkvæmt neyðarviðbrögð við meiriháttar hættum í starfseminni. Frekari upplýsingar má lesa í Heilsu- og öryggisstefnu Bláa Lónsins.

Bláa Lónið leitast við að skapa starfs-umhverfi sem einkennist af jafnrétti og hefur tekið til noktkunar jafnréttisáætlun með það fyrir augum að meta starfsfólk á grundvelli verðleika þeirra án tillits til kyns, litarháttar, trúarskoðana eða annars. Bláa Lónið hefur frá 2018 verið vottað með ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfinu, sem í daglegu tali kallast Jafnlaunavottun. Frekari upplýsingar má lesa í Mannauðsstefnu Bláa Lónsins.

Gestir

Við erum stöðugt að bæta upplifun gesta okkar um leið og við aukum skilvirkni og drögum úr umhverfisáhrifum. Við viljum auka ánægju viðskiptavina okkar með því að auka gæði þjónustu í takt við þarfir og óskir gesta. Við tryggjum öryggi og gæði alls framboðs okkar af vörum og þjónustu með reglulegu áhættumati í allri starfseminni. Við ábyrgjumst skýra og gagnsæja upplýsingagjöf til gesta okkar og notum til þess ekki eingöngu rafrænar boðleiðir heldur líka bein samskipti í upplifunarferlum viðskiptavina Bláa Lónsins. Frekari upplýsingar má lesa í Gæðastefnu Bláa Lónsins.

Umhverfið

Bláa Lónið starfar í fullu samræmi við íslensk lög og reglugerðir og leitar stöðugt nýrra leiða við að draga úr þeim áhrifum sem umsvif þess hefur á umhverfið, bæði í staðbundnu og alþjóðlegu tilliti. Með því að standa vörð um náttúru okkar, í samstarfi með öðrum fyrirtækjum og félagasamtökum, hlýtur nærsamfélag okkar ávinning um leið og við viðhöldum sjálfbærri þróun Bláa Lónsins. Fyrirtækið starfar í sátt við náttúruna og nálgun okkar miðast ávallt við að fullnýta auðlindastrauma með sjálfbærum hætti. Bláa Lónið er aðili að samstarfsverkefninu Reykjanes UNESCO Global Geopark en það verkefni hvetur til sjálfbærni um leið og það verndar og viðheldur náttúrulegu umhverfi Reykjanes. Frekari upplýsingar má lesa í Umhverfisstefnu Bláa Lónsins.

Samfélagsþátttaka

Bláa Lónið styður nærsamfélagið á Reykjanesi með margskonar góðgerðarverkefnum og styrkjum með áherslu á íþróttir og æskulýðsstarf, sem og menningar-, heilsu- og umhverfistengd verkefni. Undanfarna áratugi hefur Bláa Lónið sinnt vísindalegum rannsóknum á vistkerfi lónsins, sjálfbærni og lífvirkum efnum jarðsjávar. Með því að vera í fararbroddi þegar kemur að sjálfbærni aukum við stöðugt við þekkingu okkar á einstökum náttúruauðlindum sem mynda Bláa Lónið og þeirri þekkingu deilum við fúslega með nærsamfélaginu og á alþjóðlegum vettvangi. Virkni jarðsjávarins sem myndar Bláa Lónið og virknin sem felst í húðvörum Bláa Lónsins við meðhöndlun psoriasis er staðfest af vísindalegum rannsóknum. Þess vegna hafa náttúrulegar psoriasis-meðferðir Læknigalindar Bláa Lónsins verið samþykktar af Heilbrigðisráðuneyti Íslands. Um árábil hefur Bláa Lónið boðið nærsamfélaginu psoriasis-meðferðir þeim að kostnaðarlausu. Að auki verslar fyrirtækið vörur og þjónustu frá aðilum í nærsamfélaginu með það fyrir augum að auka sjálfbærni og að tryggja að framtíðarverðmæti starfseminnar sé að fullu nýtt til að vernda og viðhalda umhverfi og menningu á Reykjanesi.

Mannauðsstefna

Jarðsjórinn – uppsrettan að baki hinni sjálfbæru baðaðstöðu og vellíðan sem Bláa Lónið hefur upp á að bjóða – er ásamt starfsfólkinu okkar dýrmætasta auðlind. Við fögnum hverjum einstaklingi í hópnum og mikilvægu framlagi hans til að skapa andrúmsloft þar sem vellíðan og inngilding eru ríkjandi – þar sem allir eru metnir að verðleikum og njóta jafnra tækifæra til að vaxa og nýta möguleika sína í starfi. Vinnusiðferði starfsfólks Bláa Lónsins er fastbundið í gildin okkar fimm – Við sýnum umhyggju, Við sýnum virðingu, Við veitum gleði, Við veitum innblástur og Við sköpum minningar – og þau eru máttarstólpar fyrir tækjamenningar okkar.

Framúrskarandi staður til að vinna hjá

Bláa Lónið er heilsulind á heimsmæli-kvarða þar sem hver starfsmaður leitast við að vera ógleymanlegur gestgjafi og að hámarka upplifun gesta. Bláa Lónið vill skapa starfsumhverfi sem hvetur til nýsköpunar, virðingar, jafnréttis, umhyggju, trausts, teymisvinnu og starfsánægju. Bláa Lónið lætur sér annþ um starfsfólk sitt og styður við heilsu þeirra og vellíðan á margan hátt. Fyrirtækið leggur höfuðáherslu á jafnrétti og hvers konar mismunun, einelti og/eða áreitni er ekki liðin.

Rétta fólkið

Bláa Lónið leggur áherslu á að ráða hæfasta fólkið fyrir hverja stöðu í samræmi við ströng viðmið þegar kemur að ráðningum og aðlögunarferli. Félagsleg færni er nauðsynleg fyrir starfsemi Bláa Lónsins og meðal eiginleika sem fyrirtækið metur mikils eru framsækni, teymisvinna, frumleg og skapandi hugsun, hæfni í mannlegum samskiptum og móttækileiki fyrir breytingum og fjölbreytileika.

Fagleg þjálfun og þróun í starfi

Bláa Lónið leggur áherslu á mikilvægi þess að læra svo lengi sem lifir og stöðugar viðbætur við þekkingu, vöxt og færni með þjálfun og starfsþróunarverkefnum.

Við viljum stöðugt auka við færni starfsfólksins og sjálfstraust þess og gera þannig hverjum og einum kleift að láta ljós sitt

skína. Ávinningur þjálfunar og símenntunar er metinn af til þess bæru fagfólki og með reglulegum könnunum meðal starfsfólks. Starfsþróun er hugtak sem á við hvern einstasta starfsmann fyrirtækisins og allir njóta sömu tækifæra til að vaxa í starfi.

Öflug fyrirtækjamenning

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnréttis-menningu, fjölbreytileika starfsfólks, sterka samkennd, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og öfluga forystu með skýra framtíðarsýn. Menning símenntunar er alltumlykjandi. Við erum óhrædd við að gera mistök svo fremi sem við lærum af þeim. Allt starfsfólk verður að standa saman um gildi fyrirtækisins, ástunda gott vinnusiðferði í verki, sýna áreiðanlegt og faglegt viðmót í hvívetna, virða samstarfsfólk sitt og leggja sitt af mörkum til mótunar og varðveislu öflugs liðsanda.

Jafnlaunastefna

Bláa Lónið leggur metnað sinn í að tryggja jafnrétti milli kynja og að hver starfsmaður sé metin á eigin forsendum óháð kyni, kynþætti eða öðrum órökstuddum viðmiðum þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar á vinnustaðnum. Jafnlaunamarkmið Bláa Lónsins er að tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja hjá Bláa Lóninu, leitast er við að öll kyn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna Bláa Lónsins er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins.

Umfang

Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til alls starfsfólks Bláa Lónsins.

Ábyrgð og hlutverk

Bláa Lónið starfar samkvæmt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd og endurskoðun jafnlaunastefnu fyrirtækisins og að það standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Framkvæmd og rýni

Bláa Lónið skuldbindur sig til þess að:

- Vinna stöðugt að umbótum í mannauðsmálum til að tryggja jafnrétti allra hjá fyrirtækinu.

- Taka á móti ábendingum og kvörtunum og nýta til uppbyggingar og þróunar á mannauðskerfi og jafnlaunaviðmiðum Bláa Lónsins.

- Framkvæma launagreiningu einu sinni á ári þar sem borin eru saman sömu störf eða jafnverðmæt störf og þannig kanna hvort að mælist munur á launum eftir kyni.

- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.

- Fylgja jafnlaunastaðli ÍST 85:2012

- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum sem hafa áhrif á jafnlaunakerfið og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.

Launastefna

Hjá Bláa Lóninu ríkir virðing gagnvart ólíkum störfum. Markmið Bláa Lónsins er að hæfir starfsmenn veljist til starfa, að starfsmenn uni hag sínum vel og hafi metnað til að takast á við þau verkefni sem biða úrlausnar.

Bláa Lónið fylgir þeim lögum og reglum sem í gildi eru á íslenskum vinnumarkaði.

Umfang

Umfang launastefnunnar tekur til alls starfsfólks Bláa Lónsins.

Ábyrgð og hlutverk

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd og endurskoðun launastefnu fyrirtækisins.

Framkvæmd

Bláa Lónið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og skulu laun ráðast af mörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, stjórnun, verkefnum, menntun, samstarfshæfileikum og sérhæfni.

Launaákvörðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar. Mikilvægt er að laun taki mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns með tilliti til ofangreindra þátta. Ákvörðanir um launabreytingar eru teknar af þeim sem umboð hafa til launaákvæðana í samráði við mannauðsstjóra sem tryggir að samræmis sé gætt í launagreiðslum.

Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs.

Launastefnu Bláa Lónsins er ætlað að styðja við farsælan rekstur félagsins.

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Það er stefna Bláa Lónsins að starfsmenn vinni í anda samstarfs og sýni þannig samstarfsfólki sínu alltaf kurteis og virðingu í samskiptum. Viðbragðsáætlun við einelti og annarri sálfélagslegri áreitni er frekari útfærsla á því markmiði og gildir fyrir alla starfsemi Bláa Lónsins. Einelti og önnur sálfélagsleg áreitni, svo sem kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi, verður undir engum kringumstæðum umborin. Jafnframt er meðvirkni starfsmanna í slíkum tilvikum ekki liðin.

Þessi stefna og viðbragðsáætlun nær til allra starfsmanna Bláa Lónsins hf., Icelandic Spa og Blue Lagoon Skincare, og einstaklinga sem starfa sem verktakar hjá fyrirtækinu. Stefnan gildir um hegðun í hvaða vinnusamhengi sem er, þar á meðal; félagslega viðburði, ferðir á vegum Bláa Lónsins, þjálfun, ráðstefnur styrktar af fyrirtækinu og á milli vinnufélaga utan vinnu. Sömuleiðis nær hún til atvika utan vinnustaðar þar sem starfsmenn eða aðrir sem stefnan nær til sýna af sér dómgreindarleysi vegna þessara þátta.

Bláa Lónið leggur áherslu á heilbriggt og öruggt starfsumhverfi þar sem gildin *We care, We bring joy, We respect, We Inspire* og *We Create Memories* eru í fyrirrúmi. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að skapa jákvætt, hvetjandi og uppbyggilegt starfumhverfi þar sem allir fá að njóta sín.

Skilgreiningar:

Skilgreining Bláa Lónsins á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015. Þar segir í 3.gr:

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiðingur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjand-samlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og eða líkamleg.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Önnur ótilhlýðileg háttsemi: Getur meðal annars falist í lítilsvirðandi framkomu, klámfenginni háttsemi eða snertingu sem þýkir nærgöngul eða óviðeigandi.

Hegðun sem ekki telst ótilhlýðileg: Ágreiningur vegna verkefna, mismunandi skoðana eða ólíkra hagsmuna telst ekki vera óviðeigandi hegðun en ef slíkur ágreiningur

magnast án þess að gripið sé inn í getur hann leitt til eineltis, áreitni og ofbeldis á vinnustað.

Jákvæðar athugasemdir og grín teljast ekki vera áreitni og eða einelti nema hegðunin sé óvelkomin, hvorki gagnkvæm né á jafnréttisgrundvelli.

Ennfremur er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar:

Polandi: Sá aðili sem verður fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Þar til að rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur polandi“.

Gerandi: Sá aðili sem beitir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Þar til að rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur gerandi“.

Framkvæmd áætlunar

Allar kvartanir vegna eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni eða ofbeldis skulu kannaðar eins fljótt og auðið er og metin skal þörf bæði polanda og geranda fyrir faglegan stuðning. Öll gögn er málið varðar eru vistuð á læstu drifi.

Bláa Lónið einsetur sér að virkja viðbragðsáætlun sína vegna eineltis, áreitni eða ofbeldis eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að kvörtun berst. Sé kvörtunin munnleg þarf stjórnandi að skrá hana niður og skilgreina hvers eðlis hún er. Stjórnendum ber að taka öllum kvörtunum alvarlega og bregðast við samkvæmt verklagsferli.

Skyldur stjórnenda

Stjórnendur bera ábyrgð á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar og að nýtt starfsfólk fái kynningu á stefnunni og viðbragðsáætlun Bláa Lónsins strax við upphaf starfs. Viðbragðsáætlunin er virkjuð verði stjórnendur varir við einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum, einnig ef ábending eða kvörtun berst frá starfsmanni um slíkt eða aðra ótilhlýðilega hegðun. Stjórnandi grípur til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem brjóta gegn stefnunni, og kann það að leiða til áminningar, tilflutnings í starfi eða uppsagnar.

Alvarleg atvik verða hugsanlega kærð að höfðu samráði við polanda. Gerandinn verður látinn axla ábyrgð.

Stjórnendum Bláa Lónsins ber skylda til að skapa vinnuskilyrði sem bjóða ekki upp á hættuna á einelti, áreitni eða ofbeldi. Þeir bera ábyrgð á því að framfylgja þessari stefnu og viðbragðsáætlun og að öllum starfsmönnum sé kunnugt um hana.

Stjórnendum ber einnig skylda til að taka á málum í samræmi við viðbragðsáætlun þessa þegar þau koma upp og leita aðstoðar yfirmanns eða viðbragðsteymis Bláa Lónsins.

Skyldur starfsmanna

Starfsmönnum er óheimilt að leggja annan starfsmann/starfsmenn eða stjórnendur í einelti á vinnustað, áreita þá og/eða beita ofbeldi á vinnustað.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað, eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað, skal upplýsa stjórnanda eða viðbragðsteymi Bláa Lónsins um það. Skal starfsmaðurinn jafnframt vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar skriflega. Skrifleg tilkynning verður jafnframt afhent meintum geranda til að tryggja gagnsæi og skýrleika.

Skráningarskylda bláa lónsins

Bláa Lónið skráir niður allt sem tengist meðferð máls og heldur hlutaðeigandi starfsmönnum sem og trúnaðarmanni vinnustaðarins upplýstum meðan á málsmeðferð stendur, meðal annars með því að veita þeim aðgang að öllum upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þegar Bláa Lónið lítur svo á að máli sé lokið af vinnustaðarins hálfu mun Bláa Lónið upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um það. Óski hlutaðeigandi starfsmenn eftir að fá skriflega staðfestingu á að málinu sé lokið skal verða við þeirri beiðni, berist slík beiðni innan sex mánaða frá því að Bláa Lónið upplýsti um málslok af sinni hálfu.

Eineltis- og áreitnisteymi skipa:

Guðrún Lís Sigurðardóttir,
gudrun.lisa.sigurdardottir@bluelagoon.is,
660-8831

Rósbjörg Jenný Magnúsdóttir
rosbjorg.jenny.magnusdottir@bluelagoon.is,
860-8970

Ægir Viktorsson
aegir.viktorsson@bluelagoon.is,
820-2885

Viðbrögð

Sjá nánar í Viðbragðsáætlun.
Telji starfsmaður sig verða fyrir ótilhlýðilegri háttsemi af hendi samstarfsmanns/-a er mikilvægt að hann láti meintan geranda eða gerendur vita að honum mislíki framkoma hans/þeirra í sinn garð og óski eftir að slík hegðun endurtaki sig ekki. Ef starfsmaður treystir sér ekki til að koma slíkri ósk á framfæri við meintan geranda eða gerendur skal hann óska eftir aðstoð stjórnanda síns. Ef næsti stjórnandi er meintur gerandi skal starfsmaður leita til stjórnanda viðkomandi eða viðbragðsteymis.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni af einhverju tagi eða ofbeldi, eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustaðnum, skal snúa sér hið fyrsta til næsta stjórnanda síns eða viðbragðsteymis Bláa Lónsins og tilkynna um atvikið.

Ef næsti stjórnandi er gerandi málsins eða sinnir því ekki er lögð áhersla á að starfsmaðurinn snúi sér til stjórnanda viðkomandi eða viðbragðsteymis.

Þegar stjórnandi eða viðbragðsteymi fá vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi skulu þeir bregðast við samkvæmt viðbragðsáætlun.

Gæta skal þess að vinnuaðstæður polanda á meðan málsmeðferð stendur séu þannig að hann sé ekki útsettur frekar, njóti stuðnings og upplifi sig öruggan á vinnustaðnum.

Móttaka tilkynningar

Ef að starfsmaður tilkynnir að hann hafi orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi í starfi

sínu er mikilvægt að fylgja verklagi í viðbragðsáætlun. Tilkynningin skal vera skrifleg. Afrit af tilkynningu er afhent meintum geranda/gerendum.

Mat á tilkynningu

Eftir samtal við starfsmann er viðbragðsteymi boðað á fund þar sem farið er yfir gögn og metið hvort þörf sé á að fara í formlega eða óformlega málsmeðferð. Ef um er að ræða minniháttar atvik þar sem hægt er að leiðrétta hegðun, með viðeigandi stuðningi, trúnaðarsamtali eða ráðgjöf, er um óformlega málsmeðferð að ræða. Ef atvikið er meiriháttar þar sem þörf er á ítarlegri rannsókn er um formlega málsmeðferð að ræða. Hafa ber í huga að óformleg málsmeðferð getur leitt til formlegrar málsmeðferðar. Mikilvægt er að upplýsa þolandann hvernig verður farið með málið á vinnustaðnum, þ.e. hvort málið fari í óformlegan eða formlegan feril.

Óformleg málsmeðferð

Viðbragðsteymi leitar upplýsinga hjá bæði þolanda og geranda í sitthvorum lagi og ræðir jafnframt við aðra málsaðila ef þörf krefur. Tilkynning þarf að vera skrifleg og meintum geranda er afhent afrit af tilkynningunni. Bæði þolandi og gerandi skulu njóta aðstoðar stjórnanda eða viðbragðsteymis við að leysa málið og að auki skal meta þörf fyrir utanaðkomandi aðstoð í formi sálfræðiaðstoðar eða ráðgjafar. Aðrir en þeir sem málið varðar innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

Viðbragðsteymi skal sjá til þess að styðja við bakið á beinum aðilum máls og efla öryggi þeirra með því að sjá til þess að viðkomandi aðilar þurfi ekki að eiga nema lágmarkssamskipti vegna starfa sinna.

Viðbragðsteymi veitir málinu eftirfylgni með því að fara yfir stöðuna eftir fyrirfram skilgreindan tíma sem viðbragðsteymi og þolandi hafa komið sér saman um, en gott er að miða við 2-4 vikur.

Ef ótilhlýðilegri háttsemi linnir ekki, eða ef upplýsingar um meiriháttar atvik koma fram í athugun, skal málið sett í formlegt ferli.

Formleg málsmeðferð

Ef atvikið er meiriháttar þar sem þörf er á ýtarlegri rannsókn er um formlega málsmeðferð að ræða. Sjá nánar í Viðbragðsáætlun

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, smáskilaboð eða annað.

Meðan athugun fer fram skal halda þeim sem ber fram kvörtun upplýstum um gang matsins og tryggja að hann og meintur gerandi þurfi ekki að hafa samskipti er varðar starfsemi vinnustaðarins.

Fundin er lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Málinu er síðan fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum og fylgst með samskiptum þeirra.

Ef einelti, áreitni eða ofbeldi er staðfest að lokinni athugun skal gripið til viðeigandi aðgerða til að stöðva atferlið sem átt hefur sér stað.

Aðgerðir gætu falist í eftirfarandi atriðum:

- Að gerandi iðrist gjörða sinna og leggi fram skriflega afsökunarbeiðni ásamt loforði um að slíkt gerist ekki aftur.
- Að gerandi verði færður til í starfi.
- Gerandi fær skriflega áminningu.
- Geranda er sagt upp.
- Þolanda og geranda er boðinn sálfræðistuðningur eftir því sem við á og þörf krefur.
- Ef könnun máls leiðir í ljós að ekki er um einelti, áreitni eða ofbeldi að ræða þarf samt sem áður að endurskoða félagslegt áhættumat vinnustaðarins og gerð úrbótaáætlun á grundvelli þess, ef við á.

Eftirfylgni

Nauðsynlegt er að fylgja málinu eftir hvort sem óformleg eða formleg leið er farin. Eftirfylgni felst m.a. í því að:

- Fylgjast með líðan og félagslegri stöðu geranda og þolanda.
- Veita geranda og/eða þolanda viðeigandi stuðning og hjálp.
- Meta árangur inngrips.
- Endurskoða inngrip ef ástæða þykir til.

Eftirfylgni miðar að því að tryggja bætta líðan þolanda og koma í veg fyrir að meint einelti, áreitni eða ofbeldi endurtaki sig.

Ábyrgð og endurskoðun

Viðbragðsteymi ber ábyrgð á að framfylgja stefnu þessari og viðbragðsáætlun. Einnig bera yfirmenn sviða ábyrgð á því að öllum ákvæðum áætlunarinnar sé framfylgt. Stefna þessi og áætlun skal kynnt öllum starfsmönnum og þeim leiðbeint hvert þeir geti leitað með einstök mál.

Viðbragðsteymi hefur eftirlit með framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar og skal hún metin og endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ábendingum og tillögum varðandi áætlunina skal koma á framfæri við framkvæmdastjóra/viðbragðsteymi.



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Bláa Lónið hf.
Norðurljósavegur 9
240 Grindavík

Takmörkuð staðfesting til Bláa Lónsins hf. varðandi samfélagsskýrslu fyrir árið 2022

Við vorum ráðin af Bláa Lóninu hf. (hér eftir Bláa Lónið eða félagið) til að veita takmarkaða staðfestingu (e. limited assurance) á afmörkuðum hluta meðfylgjandi samfélagsskýrslu Bláa Lónsins fyrir árið 2022 (hér eftir skýrslan). Staðfestingin tekur til tveggja GRI vísa í skýrslunni en þeir eru eftirfarandi:

- 305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1)
- 305-2 Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (umfang 2).

Staðfesting tekur ekki til annarra upplýsinga í skýrslunni, annarra GRI vísa eða upplýsingar fyrri ára.

Álit með takmarkaðri vissu

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, kom ekkert fram sem bendir til annars en að ofangreindir hlutar samfélagsskýrslu Bláa Lónsins fyrir árið 2022 sé í öllum megin atriðum í samræmi við þau gögn sem skoðuð voru.

Eðlislægar takmarkanir við upplýsingagjöf í sjálfbærni og takmörkun á notkun staðfestingar

Sjálfbærni upplýsingar eru í eðli sínu háðar óvissu vegna takmarkaðrar vísindalegrar og efnahagslegrar vissu á líkum og framtíðar áhrifum af mögulegri raunlægri og umbreytingar áhættu vegna loftlagsbreytinga.

Ekki er heimilt birta staðfestingu þessa í breyttri eða styttri mynd, né eina sér. Staðfestingin er hluti af samfélagsskýrslu vegna ársins 2022.

Ábyrgð stjórnenda Bláa Lónsins

Samfélagsskýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins. Þeir bera ábyrgð á að hanna, innleiða og viðhalda innra eftirliti vegna upplýsinga sem viðeigandi eru til að útbúa samfélagsskýrslu. Einnig bera þeir ábyrgð á söfnun, greiningu og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram í skýrslunni og að skýrslan sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Þá eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að starfsfólk sem kom að vinnslu og framsetningu samfélagsskýrslunnar hafi hlotið viðeigandi þjálfun og að upplýsingakerfi séu uppfærð.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar er að veita takmarkaða staðfestingu á ofangreindum hlutum í samfélagsskýrslu félagsins. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, *ISAE 3000 Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information*, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og haga vinnu okkar svo unnt sé að veita takmarkaða staðfestingu um hvort samfélagsskýrslan sé í öllum meginatriðum án verulegra annmarka. Takmarkað staðfestingarverkefni er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með hæfilegri vissu (e. resonable assurance). Að auki geta ófjárhagslegar upplýsingar verið háðar frekari takmörkunum en fjárhagslegar upplýsingar, bæði vegna eðlis þeirra og aðferða sem notaðar eru til að ákvarða, reikna og áætla slík gögn. Þær aðferðir sem beitt er við takmarkaða staðfestingu eru mismunandi eftir eðli hvers verkefnis og eru umfangsminni en óháð staðfesting. Þar af leiðandi gefur takmörkuð óháð staðfesting ekki eins mikla vissu og þegar um er að ræða óháða staðfestingu með hæfilegri vissu.

KPMG hefur innleitt alþjóðlegan gæðastaðal, International Standard on Quality Management 1, og hefur því innleitt og starfrækir gæðakerfi, þar á meðal um að hafa skráðar stefnur og verklag varðandi fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur, sem gefnar hafa verið út af *International Ethics Standards Board for Accountants (including International Independence Standards)* (IESBA Code), en þær grundvallast á grunnreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og aðgát, trúnað og fagleg vinnubrögð.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru

Takmörkuð staðfesting ofangreinds hluta samfélagsskýrslunnar felst í að afla upplýsinga, einkum frá því starfsfólki sem er ábyrgt fyrir þeim upplýsingum er fram koma í samfélagsskýrslunni, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á. Þessar aðgerðir fela m.a. í sér:

- Fyrirspurnir til stjórnenda og annars viðeigandi starfsfólks til að öðlast skilning á ferli Bláa Lónsins við gerð og yfirferð þess hluta samfélagsskýrslunnar sem til skoðunar var.
- Úrtaksprófanir til að sannreyna að þær upplýsingar sem fram koma, í þess hluta samfélagsskýrslunnar sem skoðaður var, séu í samræmi við viðeigandi gögn og viðmið.
- Skoðun á framsetningu og birtingu upplýsinga í samræmi við GRI staðla.
- Greiningaraðferðir notaðar til að bera saman útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda og fyrirspurn sendar til stjórnenda þar sem þörf var á.

Reykjavík, 16. maí 2023

KPMG ehf.

Hulga Hanðardóttir

